Háskólinn á Akureyri
Hug– og félagsvísindasvið
Kennaradeild – framhaldsbraut

Danskir innflytjendur á Íslandi: Tungumálið er glugginn að menningunni og grundvöllur aðlögunar

Alice Emma Zackrisson

Akureyri, nóvember 2010

Háskólinn á Akureyri
Hug– og félagsvísindasvið
Kennaradeild – framhaldsbraut

Danskir innflytjendur á Íslandi: Tungumálið er glugginn að menningunni og grundvöllur aðlögunar

Alice Emma Zackrisson

Meistaraprófsritgerð lögð fram sem hluti
af námi til M.Ed.–gráðu í menntunarfræðum
með áherslum á tungumál og menningu

Akureyri, nóvember 2010

Ágrip

Í samfélagsumræðunni á Íslandi ber mál innflytjenda oft á góma. Er þá iðulega átt við einstaklinga frá fjarlægum menningarheimum en líklega sjaldnar norrænar þjóðir. Markmið rannsóknarinnar var að kanna stöðu og lífssögu danskra kvenna á Íslandi og hvernig aðlögun og samlögun þeirra gekk fyrir sig. Það var gert með því að skyggnast inn í líf nokkurra danskra kvenna sem fluttust á fullorðinsaldri til Íslands með íslenskum eiginmönnum sínum, og upplifun þeirra af þessari lífsreynslu könnuð.

Fátt er til af rituðum gögnum og fræðiefni um búferlaflutning Norðurlandabúa til Íslands og aðlögun þeirra að íslenskri menningu, því var aðallega stuðst við rannsóknargögn um innflytjendur frá öðrum löndum. Ýtarleg og opin viðtöl voru tekin við fimm danskar konur, rýnihópur var settur á laggirnar, viðtöl tekin við íslenska eiginmenn dönsku kvennanna og hlustað var á fólk sem á einhvern hátt tengist viðmælendum eða hafði skoðun á viðfangsefni ritgerðarinnar.

Rannsóknin var eigindleg þar sem uppistaðan var djúpviðtöl við viðmælendur með reynslu af því að flytja til Íslands. Fyrri hluti rannsóknarinnar var framkvæmdur haustið 2008 og viðtölin greind eftir aðferðafræði Vancouver–skólans í fyrirbærafræði. Niðurstöðurnar leiddu í ljós sameiginlega þætti í lífi kvennanna; litla vitneskju um land og þjóð og erfitt var að flytja en ævintýraþrá var til staðar. Glíman við siði og tungu var strembin en móttökurnar voru góðar og aðstoð var að fá. Fram kom að virðingarstig Dananna hækkaði með bættri íslenskukunnáttu. Niðurstöðurnar leiddu einnig í ljós hvernig sá sem flytur getur sjálfur haft áhrif á gang mála.

Framhaldsrannsókn var framkvæmd vorið 2010 og byggði á áhugaverðum niðurstöðum og/eða vísbendingum fyrri rannsóknar en var viðameiri. Í rannsókninni var upplifun kvennanna af því að aðlagast hinu íslenska menningarsamfélagi krufin en staða þeirra sem Norðurlandabúar var skoðuð með tilliti til sjálfsmyndar og viðurkenningar. Reynsla Dananna af því að nema íslensku var könnuð og litið var nánar á tvítyngi. Konunum varð öllum ljóst að aðlögunarferlið að íslenskri menningu snérist um fleiri þætti en að læra nýtt tungumál. Séð í bakspegli var það skoðun þeirra að þetta ferli yrði ævilangt, eins og þroskasaga einstaklings er.

Abstract

In contemporary Icelandic discourse the issues and concerns of immigrants are frequently raised. The individuals referred to are almost exclusively those who come from countries that exhibit cultures vastly different from Icelandic culture; rarely is there a mention of people from the Nordic countries. The objective of this research was to study the position, circumstances and life history of Danish women in Iceland and how they fared with respect to adaptation and assimilation. This was accomplished by way of examining the lives and experiences of several Danish women who came to live in Iceland together with their Icelandic husbands.

There exist very few academic and other written resources focusing on the immigration and adaptation of Nordic residents to Iceland and its culture; hence, this study makes considerable use of research findings concerning immigrants from non-Nordic countries. Thorough and open interviews were conducted with five Danish women, a focus group was formed, and the women's Icelandic husbands were interviewed, as well as several other individuals who either had connections with the women or with the topic of this research thesis.

This thesis is based on qualitative research, primarily in–depth interviews with informants who had the experience of immigrating to Iceland. The first phase of the research was conducted in the year 2008 and consisted of interviews and analyses guided by the Vancouver School of doing phenomenology. Research results pointed toward experiences held in common by the women: Migrating from home was difficult while the desire for adventure prevailed in spite of very limited knowledge of Iceland and its people. The grapple with new customs and language was challenging while Icelanders' favorable reception and aid was of significant assistance. The Danes were held in greater esteem as their Icelandic–language proficiency improved. The research results also provided valuable indications as to how an immigrant can have an active impact on the ways in which state–of–affairs evolve.

The second and more extensive phase of the research was conducted in spring of 2010, building on the most significant or interesting conclusions and suggestions of the research conducted earlier. The Danish women's experience of adapting to Icelandic society and culture was examined, and their position and status as Nordic residents was analyzed in terms of their self–identity, recognition and acceptance. The Danes' experiences with learning the Icelandic language and with bilingualism were also studied. All of the women had come to the realization that the process of adapting to Icelandic culture concerned many more factors than the challenge of learning a new language. Looking back, the women concurred in the opinion that this was a life–long process, as is the individual's maturation.

Formáli

Þessi meistaraprófsritgerð MPR0260 var unnið í einstaklingsmiðuðu meistaranámi mínu í menntunarfræðum við Háskólann á Akureyri þar sem áherslur voru lagðar á **tungumál** og **menningu**. Vægi þess er 60 ECTS einingar. Umsjónarkennari lokaverkefnisins var Anna Þóra Baldursdóttir, leiðsögukennari dr. Jón Haukur Ingimundarson og ráðunautur dr. Finnur Friðriksson.

Umfjöllunarefni verkefnisins er reynsla danskra innflytjenda af því að setjast að á Íslandi. Rannsóknin byggir á frásögnum valinna einstaklinga sem fluttu til Íslands á þrítugsaldri en án samstarfs við þá hefðu upplýsingarnar sem hér líta dagsins ljós hvergi komið fram og saga einstaklinganna líklega aldrei verið skrifuð. Ástæða er til að þakka ykkur Lilla, Ruth, Ninna, Lena og Eva fyrir að leyfa mér að skyggnast inn í hugarheim ykkar og fræðast um hagi ykkar. Síðan samskipti okkar hófust haustið 2008 hef ég ávallt fundið fyrir áhuga, jákvæðni og hlýju og ákveðinn samhljómur myndaðist á milli okkar. Með ykkar hjálp og reynslu var mögulegt að kalla fram, fjalla um og skilja sameiginlega en einnig ólíka þætti í lífssögu ykkar.

Takk til fjölskyldu minnar fyrir að hafa sýnt námi mínu áhuga og skilið löngun mína til að fara í framhaldsnám. Sérstakar þakkir fær dóttir mín, Lísa Zachrison Valdimarsdóttir sem hefur haft trú á mér, leiðbeint mér og lesið yfir flest mín verkefni á námsárum mínum. Margrét Þórsdóttir hefur verið prófarkalesari hjá mér síðan haustið 2008 og á hún bestu þakkir skilið fyrir liðlegheit og nákvæmni. Ómetalegan stuðning hef ég einnig fengið frá samnemendum og þjáningarsystrum mínum Herdísi Önnu Friðfinnsdóttur og Hildi Óladóttur á vikulegum vinnufundum okkar, kærar þakkir. Jákvæðni og uppörvun Dr. Jóns Hauks Ingimundarsonar hafa skipt sköpum strax frá upphafi, og fagmennska og sérþekking hans hefur verið mér fyrirmynd og hvatning í hvívetna.

Efnisyfirlit

ÁGRIP ..... **I**
ABSTRACT ..... **II**
FORMÁLI ..... **III**
EFNISYFIRLIT **1**
YFIRLIT YFIR MYNDIR **3**
1. INNGANGUR **4**
1.1 HUGLEIÐING 4
1.2 AÐDRAGANDI 5
1.3 VIÐFANGSEFNIÐ GREINT 6
1.4 MARKMIÐ OG TILGANGUR. RANNSÓKNARSPURNINGAR 7
1.5 MEGINHUGTÖK SKILGREIND 8
1.6 RANNSÓKNARAÐFERÐ 9
1.7 HUGSANLEGAR TAKMARKANIR 10
1.8 UPPBYGGING RITGERÐAR 11
2. FRÆÐILEG UMFJÖLLUN **12**
2.1 INNFLYTJENDUR Í ÍSLENSKU SAMFÉLAGI 12
Réttur innflytjenda *15*
Dvöl á Íslandi *16*
Lögboðin íslenskukennsla *16*
2.2 TUNGUMÁL 17
Íslensk málsaga *18*
Tvítyngi *25*
Eins og ættleiðing – hlutverk fjölskyldunnar *30*
2.3 MENNING 33
Þjóðarhugtakið *34*
Þjóðernisleg mörk *35*
2.4 AÐLÖGUN, SAMÞÆTTING OG SJÁLFSMYNDIN 37
Tungumálið sem sameiningartákn *37*
Aðlögun og samþætting *39*
Sjálfsmynd *42*
2.5 FORDÓMAR 45
2.6 HORFT UM ÖXL 48
Skyggnst inn í líf frú Gythu Thorlacius (1782–1861) *48*
3. AÐFERÐAFRÆÐI RANNSÓKNARINNAR **56**
3.1 VAL Á RANNSÓKNARAÐFERÐ 56
Vancouver–skólinn í fyrirbærafræði *57*
Djúpviðtöl (in–depth interviewing) *59*
Rýnihópur (focus group) *60*
Hálf–óformgerð (semistructured) og óformgerð (unstructured) viðtöl *60*
3.2 STAÐSETNING RANNSAKANDANS 61

3.3 ÚRTAKIÐ 62
3.4 GAGNASÖFNUN OG –GREINING 63
3.5 RÉTTMÆTI OG ÁREIÐANLEIKI 66
3.6 SIÐFERÐILEG ATRIÐI OG LEYFISÖFLUN 67

4. RANNSÓKNIN 69

4.1 LÝSING Á RANNSÓKN I OG ÞRÁÐUR SPUNNINN 69
4.2 GREININGARLÍKANIÐ ***SÖGUTEPPIÐ.*** OFIÐ ÚR ÞRÆÐI REYNSLUNNAR. 71
4.3 LÝSING Á RANNSÓKN II 72
A–hluti. Tvö einstaklingsviðtöl 73
B–hluti. Rýnihópurinn 73
C–hluti. Hlustað á eiginmenn 74
D–hluti. Víða leitað fanga 75

5. NIÐURSTÖÐUR OG UMFJÖLLUN 76

5.1 FORÞEKKING OG MÓTTÖKUR 77
5.2 TUNGUMÁLIÐ 80
Íslenskukennsla 84
Tungumálið sem tæki til félagslegra samskipta 86
Tvítyngi í reynd 88
5.3 MENNING 91
Menningarmunur 93
Fiskur og „ullarkjöt“ 95
5.4 ÍSLENSKIR DANIR – DANSKIR ÍSLENDINGAR? 97
5.5 AÐLÖGUN – SAMLÖGUN 99
5.6 FORDÓMAR EÐA TILFINNINGIN AÐ TILHEYRA *HINUM* 100
5.7 VIÐURKENNING OG ÁHRIF 103

6. SAMANTEKT 107

7. LOKAORÐ 112

8. HEIMILDASKRÁ 116

FYLGISKJÖL 128

Yfirlit yfir myndir

Mynd 1. – Graf 1. Danskar konur búsettar á Eyjafjarðarsvæðinu 1998–2010, Hagstofa Íslands, 2010 14

Mynd 2. – Hringferli Vancouver–skólans 58

Mynd 3. – Greiningarlíkan úr rannsókn I – *Söguteppið* 71

1. Inngangur

1.1 Hugleiðing

Við skulum ímynda okkur að við séum stödd í kennslurými á fjölmenningarlegum vinnustað eða í móttökudeild námsmanna af erlendum uppruna í framhaldsskóla á Íslandi. Í upphafi kennslustundar biður kennarinn alla að raða sér upp á línu sem hann hefur teiknað á miðju gólfi. Hver og einn á að koma sér fyrir í röð þannig að aftast eiga þeir að standa sem lengst hafa átt heima á Íslandi. Þeir sem eru nýfluttir eiga að vera fremst á línunni. Eftir smá ringulreið tekst þetta prýðilega og Íslendingar sem hafa dvalið erlendis við nám eða störf sem og innflytjendur sem búið hafa lengi á Íslandi koma sér saman um að staðsetja sig á miðjunni.

Næst biður kennarinn nemendur að mynda röð eftir því hversu vel þeir telja sig skilja íslensku. Þeir sem eru fæddir og uppaldnir á Íslandi endurtaka leikinn og koma sér umhugsunarlaust fyrir aftast á meðan hinir íhuga lengd íslenskunámskeiðs síns eða færni í daglegum samskiptum. Málin eru rædd og fremst í röðinni standa innflytjendur sem átt hafa heima á Íslandi í skamman tíma.

Nú heyrist þriðja spurningin frá kennaranum: „Hvernig gætuð þið myndað röð eftir þjóðerni? Hafið í huga að þeir verði fremst sem koma frá framandi menningarheimum en einstaklingar frá menningarsvæðum sem svipar til íslenskrar menningar eiga að vera aftast. Sem sagt, mest framandi verður fremst, en líkari fjærst!“ Ætli það gæti ekki vafist fyrir sumum nemendum að raða sér upp í þetta sinn? Það má ímynda sér að hægt væri að sigta út hvar í röðinni maður verður þegar deilt er um lengd dvalar eða hversu sleipur maður er í tungumálinu, en óraunhæft er að reyna að stilla upp eftir menningarlegum uppruna. Myndi Spánverjinn raða sér framan við einstaklinginn frá Ástralíu? Svíinn aftan við nemandann frá Brasilíu og Kínverjinn framan við Kanadamanninn eða kannski öfugt? Er einhver meira útlenskur en annar í íslensku fjölmenningarsamfélagi í dag?

1.2 Aðdragandi

Í samfélagsumræðunni á Íslandi ber mál innflytjenda oft á góma. Er þá iðulega átt við einstaklinga frá öðrum menningarheimum en líklega sjaldan, að ég hygg, frá Norðurlöndunum. Margir myndu hugsanlega svara þeirri spurningu neitandi hvort aðfluttir Danir væru útlendingar á Íslandi í sama mæli og innflytjendur frá fjarlægari löndum. Þessar hugleiðingar leggja grunninn að rannsókninni þar sem **könnuð verður staða Dana á Íslandi og hvort aðlögun þeirra gangi snurðulaust fyrir sig.** Það verður gert með því að skyggnast inn í líf nokkurra Dana sem fluttust á fullorðinsaldri til Íslands, og lífssaga þeirra skoðuð.

Aðdragandi rannsóknarinnar er rannsóknarverkefni unnið í námskeiðinu Eigindlegar rannsóknir í aðferðafræðiáfanga haustið 2008 hjá dr. Sigríði Halldórsdóttur en er einnig sótt í eigin reynslu. Lokaverkefni áfangans var viðtalsrannsókn unnin eftir hugmyndum Vancouver–skólans í fyrirbærafræði. Þar kannaði ég reynslu nokkurra danskra kvenna af því að setjast að á Íslandi með íslenskum eiginmönnum sínum. Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós hvaða áhrif það hefur á einstaklinginn að flytja frá heimalandi sínu og setjast að í nýju landi. Þær vörpuðu auk þess ljósi á hvernig aðlögun þessa hóps hafði tekist og gaf vísbendingu um lífsgæði kvennanna. Fram kom einnig hvernig Íslendingar og hið íslenska samfélag tóku á móti einstaklingunum frá Danmörku og ekki síst á hvern hátt sá sem flytur getur sjálfur haft áhrif á gang mála. Þessi meistaraprófsritgerð byggir á áhugaverðum niðurstöðum fyrri rannsóknar en er viðameiri. Hún lýsir upplifun kvennanna af því að aðlagast hinu íslenska samfélagi, tungumáli og menningu en staða þeirra sem útlendinga verður skoðuð nánar með tilliti til sjálfsmyndar og viðurkenningar. Könnuð verður reynsla Dananna af kennslu í íslensku og litið verður nánar á tvítyngi. Einnig verður það rannsakað sem kalla mætti tvímenningu og áhrif hennar á konurnar og fjölskyldur þeirra.

Tungumálið hefur verið mér hugleikið síðan í barnæsku. Ég ólst upp í Danmörku á tvítyngdu heimili og áttaði mig snemma á mismunandi hljómfalli tungumálanna og lærði að greina á milli þeirra, stundum heyrðist annað tungumálið en á öðrum tíma var notast við hitt. Auk þess var mjög skýrt fyrir mér að tengsl voru á

milli málanna og að það væri kostur að geta þýtt og útskýrt atriði á báðum tungumálum. Þegar ég flutti til Íslands árið 1973 með íslenskum eiginmanni mínum hafði ég mikinn áhuga á að læra tungumálið og uppgötvaði fljótt að Íslendingar kunna að meta það að maður tali íslensku. Mér varð þó ljóst að aðlögunarferlið snérist um fleiri þætti en að læra nýtt tungumál. Nú mörgum árum síðar geri ég mér enn betur grein fyrir að þetta ferli er ævilangt, eins og þroskasaga einstaklings er.

1.3 Viðfangsefnið greint

Meginviðfangsefni ritgerðarinnar er tungumál og menning og áhrif þeirra á einstakling sem sest að í nýju landi. Þar sem ljóst þykir að einstaklingur mótast af því menningar– og tungumálaumhverfi sem hann elst upp í (Angrosino, 2007:1–2), verða innbyrðis tengsl fyrirbæranna könnuð. Skoðað verður sérstaklega hvernig sá bregst við sem flytur úr einum menningarheimi í annan og hvernig einstaklingurinn tekst á við aðlögunina. Í þessum tilgangi verður líf valinna Dana sem eru búsettir á Íslandi undir smásjánni og hagur þeirra skoðaður.

Fram kemur hjá Sigurði Konráðssyni (2007:134–l35) að tungumál er aldrei ótengt umhverfinu, þess vegna er athugun á tungumáli einnig könnun á menningu. Það er skoðun Sigurðar að aðlögun í nýju menningarumhverfi getur reynst mörgum erfið því „enginn skortur er á vandamálum í tengslum við flutning fólks landa á milli“ (bls.135). Til þess að athuga hvort svo sé, verður leitað eftir aðstoð einstaklinga með reynslu af því að flytjast frá heimalandi sínu, rannsókn gerð þar að lútandi og niðurstöður kynntar.

Þegar sjónum verður beint að mikilvægi tungumálsins fyrir einstaklinginn og áhrif þess á hann, er nauðsynlegt að skoða hið íslenska tungumál í sögulegu samhengi. Horft verður því á menningar– og málsöguleg tengsl íslenskunnar við Danmörk. Fræðimenn hafa bent á að einungis sé hægt að fjalla um íslenska tungu á tímabilinu eftir 1800 ef horft sé til sjálfstæðisbaráttunnar um leið (Einar Laxness 1995b:150–151; Kristján Albertsson, 1939, 2006:299) eða eins og Sigurður Nordal (1926, 2006) orðar það: „Tungan hefur ekki einungis verið undirstaða menningar vorrar, heldur líka sjálfstæðis út á við og jafnaðar inn á við.“ (Bls. 271). Sérstök grein verður því gerð fyrir málsögunni á þessu tímabili og hreintungustefnunni gerð skil með því að vísa til nokkurra einstaklinga sem tengjast þeirri stefnu.

Hópur sem deilir sömu menningu er fær um að hafa samskipti á sameiginlegri tungu og hefur menningarlega samsömun (*cultural identity*) (Peoples og Bailey, 2006:21– 29). Talað er um menningu sem félagslegt fyrirbæri sem með ýmsu móti er hægt að læra inn á og aðlagst. Í aðlögunarferli innflytjandans reynist tungumálið oft þröskuldur sem erfitt er að komast yfir. Þess vegna er mikilvægt að hugað verði að tungumálanámi einstaklingsins. Tungumálakennsla innflytjenda verður því skoðuð sérstaklega.

Rannsóknir um fjölmenningu sýna að erlendar konur á Íslandi sem eiga íslenskan maka aðlagast fyrr og mynda fljótar tengsl við Íslendinga en þær konur af erlendu bergi brotnu sem eru giftar erlendum mönnum eða búa einar (Unnur Dís Skaptadóttir, 2004b:22). Konur í slíkum blönduðum hjónaböndum taka auk þess frekar þátt í félagsstarfi. Í þessari rannsókn er það ætlunin að kanna hvernig dönskum konum sem aldar voru upp í Danmörku hefur gengið að aðlagast á Íslandi eftir að þær fluttu með eiginmanni sínum til landsins.

1.4 Markmið og tilgangur. Rannsóknarspurningar

Tilgangur rannsóknarinnar er að varpa ljósi á veruleika aðfluttra danskra kvenna og skoða að hvaða leyti búferlaflutningurinn hafi haft áhrif á líf þeirra. Komist verður að því hvaða forþekkingu eða –hugmyndir konurnar höfðu um Ísland, hvernig móttökum var háttað og við hvaða þætti erfiðast var að glíma. Einnig verður skoðað hvort og/eða á hvern hátt hinn danski bakgrunnur viðmælenda minna hafi haft mótandi áhrif á aðlögunina. Í aðlögunarferlinu verður sérstakur gaumur gefinn að menningu og tungumáli. **Markmið** rannsóknarinnar er að skýra frá reynslu dönsku kvennanna af búferlaflutningunum eins og þær upplifðu þá. Rannsóknin hefur einnig gagnsemismarkmið; að auka þekkingu og skilning minn og annarra á því hvað felst í slíkri lífsreynslu og hjálpa Íslendingum að skilja hversu mikilvægt það sé fyrir útlendinga að mæta velvilja og jákvæðni í aðlögunarferlinu. Einnig að styðja þurfi við tungumálakennslu fullorðinna og barna þessara blönduðu fjölskyldna.

Rannsóknarspurningin er **Hver er reynsla danskra kvenna af því að setjast að á Íslandi með íslenskum eiginmönnum sínum?** Þessi meginspurning leiðir aðrar spurningar af sér. Þær eru hér settar fram í tilfallandi röð:

- Hvernig best sé að takast á við nýtt líf í nýju landi
- Hvort hægt sé að eignast nýtt föðurland
- Hvort líkja megi því að setjast að í nýju landi og eignast nýja fjölskyldu við ættleiðingu
- Hvort fordómar hafi ríkt í garð kvennanna
- Hvaða hlutverk tungumálið leikur í aðlöguninni
- Hvort tvítyngi sé almennt og hvernig tvítyngi viðhaldist
- Hvernig nýtt tungumál lærist
  – hvernig kennslan fer fram, hvar hún fer fram og með aðstoð hverra
- Hvernig einstaklingnum líður þegar móðurmálinu er skipt út fyrir annað mál
- Hvernig hægt sé að læra að meta menningu fósturlandsins
- Hvort hægt sé að varðveita upprunamenninguna í glímunni við aðlögunina að staðarmenningu
- Hvort tengslin við föðurlandið rofni
- Á hvern hátt „tvímenningarlegt umhverfi“ hefur áhrif á fjölskyldur þessara blönduðu hjónabanda
- Að hversu miklu leyti tungumálið sé þröskuldur til viðurkenningar í íslensku samfélagi
- Hvernig ferlið er frá því að vera þátttakandi til þess að tilheyra hinu nýja samfélagi

Reynt verður að leita svara við þessum spurningum með því að kanna reynslu og lífsviðhorf viðmælenda.

1.5 Meginhugtök skilgreind

Áður en lengra er haldið er nauðsynlegt að athuga nokkur þeirra hugtaka sem notuð eru í ritgerðinni.

Hugtakið ***reynsla***, er notað í skilningnum „‘sá sem reynir á’, tengd ‘raun’ “ (Íslensk orðsifjabók, 2008:757). Önnur orð eins og þekking, upplifun, minningar og tilfinningar falla að vissu leyti undir hugtakið og eru nátengd lífsreynslu.

Lífssaga: Horft er á lífssögu sem ferli, sem uppistöðu í ævisögu einstaklings (Angrosino, 2007:35–36; Hafdís Ingvarsdóttir, 2007:65). Lífssagan endurspeglar atburði sem urðu áhrifavaldar á lífsleiðinni. Sigrún Aðalbjarnardóttir (2007:284,395)

leggur svipaða merkingu í hugtakið: „ Með lífssögu er átt við frásögn og lýsingu fólks á mikilvægum atburðum úr lífi sínu og reynsla sem þeim tengjast“ (bls. 284). Sigrún notar hugtakið lífsfljót til jafns við lífssögu.

Samkvæmt aðferðafræði Vancouver–skólans er hugtakið ***meðrannsakandi*** notað fyrir þátttakanda í rannsókninni (Sigríður Halldórsdóttir, 2003:250). Meðrannsakandinn er heimildarmaðurinn og upplýsingagjafi. Litið er á framlag hvers viðmælanda sem grunn að heildarmynd rannsóknarinnar.

Aðlögun/samlögun (*accommodation/assimilation*). Einstaklingur ***lagast að*** svæðisbundinni menningu með því að herma eftir og taka upp siði samfélagsins. Sá sem ***samlagast*** staðarmenningunni finnur fyrir menningarlegri samsemd (*cultural identity).*

Í ritgerðinni verður notast við útskýringar Sigurðar Konráðssonar (2007:135–137) á greinarmuninum á milli ***móðurmáls, annars máls* og *erlends máls***: ***Móðurmál*** er tungumálið, heimamálið, sem börnin læra af foreldrum og öðrum uppalendum.

Annað mál lærist utan heimilis, oft í skóla, nokkru síðar en móðurmál. Annað mál kemur mikið við sögu í þessari ritgerð sem seinna málið, sem sagt *íslenskan*, sem dönsku eiginkonurnar lærðu eftir komuna til Íslands.

Erlent mál lærist fyrst og fremst í skóla. Markmiðið er oftast að læra tungumálið sem hlut af frekara námi.

1.6 Rannsóknaraðferð

Rannsóknin er eigindleg. Sú aðferð hentar vel að sögn Sigurlínar Davíðsdóttur (2003:227) þegar kanna á atburði í tímaröð eða samfellt ferli en einnig þegar „í hópnum eru of fáir til að raunhæft sé að nota megindlegar aðferðir“ (bls.227). Eigindleg rannsóknaraðferð getur veitt góða innsýn í menningu lítils samfélags og upplifun einstaklinganna af aðstæðum sínum (Björn Bergsson, 2002:40; Angrosino, 2007:38). Þegar rannsaka á reynslu og aðlögunarferli kvenna sem fæddust í Danmörku en fluttust til Íslands á fullorðinsaldri er vitað að hópurinn er minnihlutahópur á Íslandi. Birtar eru tölur Hagstofunnar því til stuðnings. Mikilvægt er að velja viðmælendur með persónulega reynslu af því fyrirbæri sem rannsaka á og vilja til að lýsa því fyrir rannsakanda (Sigríður Halldórsdóttir, 2003:251). Rannsóknin

byggir á viðtalsspurningum þar sem lífssaga og afstaða dönsku kvennanna til lífsins verður skoðuð.

Hluti rannsóknarinnar, **rannsókn I**, byggir á samræðum og greiningu sem kennd er við Vancouver–skólann í fyrirbærafræði. Hugmyndafræði aðferðarinnar er að hver maður sér heiminn á sinn einstaka hátt (Sigríður Halldórsdóttir, 2003:249–252). Sýn einstaklingsins mótast af fyrri reynslu hans og hefur áhrif á túlkun hans á henni. Tilgangur aðferðarinnar er að auka skilning á fyrirbærinu með túlkun einstaklingsins á því. Niðurstöður rannsóknarinnar leiða til skilnings á fyrirbærinu og gefa möguleika á úrbótum. Í rannsókn I voru tekin viðtöl við **þrjá viðmælendur, hópur I.**

Seinni hluti rannsóknarinnar, **rannsókn II**, er framhaldsrannsókn þar sem spurningar fyrri rannsóknar eru betrumbættar og útfærðar. **Rannsókn II er fjórskipt** og samanstendur af djúpviðtölum við **tvo einstaklinga** með reynslu af því að flytja úr heimahögum. Einnig verður myndaður **rýnihópur (*focus group*) úr hópi I.** Með því að kalla viðmælendur saman aftur fæst tækifæri til að fara nákvæmar í vissa þætti og dýpka samræðurnar. Það verður auk þess leitað til **eiginmanna** dönsku kvennanna og þeir beðnir að lýsa sinni upplifun af því að vera kvæntir dönskum konum, að lokum verða tekin **óformleg viðtöl** við einstaklinga sem tengjast viðfangsefninu.

1.7 Hugsanlegar takmarkanir

Í öllum rannsóknum ber rannsakanda að vanda til verks, því „rannsókn sem er gölluð hefur ekkert gildi“ (Guðmundur Þorgeirsson, 2003:368). Sá sem velur þátttakendur með hagkvæmnisúrtaki, eins og tilfellið er hér, en ekki af handahófi verður að gera sér grein fyrir þeim takmörkunum sem gætu legið í úrtakinu, bæði vegna einkenna einstaklinganna en einnig í smæð úrtaksins (Björn Bergsson, 2002:43). Rannsakandi verður auk þess að gæta óhlutlægni gagnvart viðmælendum sínum, ekki síst við gagnagreiningu og framsetningu niðurstaða. Það er mat Sigurlínar Davíðsdóttur (2003:232–233) að allar rannsóknir litist af eigin gildismati rannsakandans. Í megindlegum rannsóknum líkt og eigindlegum er það ákvörðun rannsakandans hvað mæla eigi eða skrá og með hvaða móti það sé gert. Mælikvarði á góðri rannsókn verður því ávallt hvort hún sé trúverðug og hvort hægt sé að staðfesta niðurstöðurnar með öðrum hætti að lokinni rannsóknarvinnu.

Þegar rannsaka á fyrirbæri með aðferðafræði Vancouver–skólans mælir dr. Sigríður Halldórsdóttir (2003:251) með að meðrannsakendur séu ekki í miðri reynslunni þegar samræður hefjast en segir jafnframt að stundum verði því ekki komið við. Að mati Sigríðar nær einstaklingur sem hefur fjarlægst atburðinn, betri yfirsýn yfir atvikið eða tímabilið sem hann á að lýsa. Þar sem tilgangur meistaraprófsrannsóknarinnar er að fá innsýn í lífssögu kvennanna frá komunni til Íslands til dagsins í dag eru allir viðmælendur mínir „staddir“ í reynslunni.

Við gerð þessarar rannsóknar tel ég að áhugi hafi verið fyrir hendi, gagnkvæmrar virðingar gætt og nákvæmni framfylgt við samanburð og greiningu rannsóknargagna. Einnig álít ég að áreiðanleiki og réttmæti niðurstaðanna séu talsverð þrátt fyrir smæð úrtaksins. Þótt persónuleg reynsla rannsakanda af fyrirbærinu sé til staðar tel ég hlutleysis hafa verið gætt og gagnrýnni hugsun beitt á öllum þrepum rannsóknarinnar. Með því móti tel ég að áhrif eigin gildismats hafi verið takmörkuð. Áður, á meðan og eftir að rannsóknin var framkvæmd fór fram ítarleg leit að heimildum tengdum rannsóknarefninu. Eftir greiningu rannsóknargagna var leitað aftur til viðmælenda og gögnin voru borin undir þá og sannreynd.

1.8 Uppbygging ritgerðar

Í **kafla 2** er fræðileg umfjöllun um viðfangsefnið. Vegna innbyrðis tengsla rannsókna I og II verður fjallað um fræði beggja rannsókna í sama kafla. Við tekur **kafli 3** þar sem rannsóknarferlið verður rakið, aðferðafræðinni lýst og grein verður gerð fyrir mikilvægum atriðum sem huga þarf að við söfnun og meðferð rannsóknargagna. Sagt verður frá vali á úrtaki og það skilgreint. Í lok kaflans verður komið að siðfræðilegum atriðum og leyfisöflun. Í **kafla 4** verður rannsókninni lýst. Fjallað verður um greiningu rannsóknargagna og valdir þættir rannsóknarinnar dregnir fram og útskýrðir. **Kafli 5** er vettvangur niðurstaðna og umræðna, þar sem viðfangsefni verkefnisins verður sett í fræðilegt samhengi og raddir viðmælenda fá að heyrast. **Í kafla 6** er samantekt, en meistaraprófsverkefninu lýkur með lokaorðum í **kafla 7** og **heimildaskrá**. Aftast má finna **fylgiskjöl**.

2. Fræðileg umfjöllun

Í þessum kafla verður viðfangsefnið sett í fræðilegt samhengi. Leitað var að rannsóknum, fræðibókum, blaða– og fræðigreinum á bókasöfnum svo og á Netinu til að finna efni í heimildir. Þar sem erfitt reyndist að finna rannsóknir um málefni Dana hvað varðar aðlögun þeirra á Íslandi þurfti að nota hugmyndaflugið og víkka leitarrammann. Skoðuð var reynsla innflytjenda frá öðrum löndum af því að setjast að hér á landi, talað var við einstaklinga sem tengdust dönskum innflytjendum á ýmsan hátt og aðstæður viðmælenda ævinlega hafðar til hliðsjónar. Áhersla var lögð á að sýna þann veruleika sem blasti við konunum við komuna til Íslands og verkefnin sem fylgdu í kjölfarið. Þannig má í kaflanum greina tímaröð í umfjölluninni um aðlögun og fyrirbærið að flytja úr einum tungumála– og menningarheimi í annan.

***

2.1 Innflytjendur í íslensku samfélagi

Almennt er talið að Ísland hafi byggst á svokallaðri landnámsöld, árin 870–930. Þó eru líkur á að fyrstu mennirnir hafi komið að ströndum landsins og sest að fyrr (Sölvi Sveinsson, 1992:37; Gunnar Karlsson, 2010:4). Þar sem Ísland er eyríki með náttúruleg landamæri var sjóleiðin eina leiðin að landinu. Innflytjendurnir komu víðs vegar að en líklegt þykir að flestir hafi verið af norrænum uppruna. Margir komu frá Noregi, Danmörku og Svíþjóð en að öllum líkindum var einnig fólk í leit að nýjum heimkynnum frá Hjaltlandi, Orkneyjum, Bretlandi og Írlandi. Segja má að innflytjendurnir hafi verið bátafólk þess tíma, margir voru á flótta frá heimalandi sínu, aðrir komu í ævintýraleit með von um betri afkomu fyrir sig og fjölskylduna. Eins og Sverrir Jakobsson (2007:27–28) orðar það þá voru á fyrstu árum Íslandsbyggðar engir Íslendingar sem voru ekki innflytjendur. Hingað lá stöðugur straumur fólks sökum þess að engar lagalegar hömlur voru gegn því. Að vísu þurfti sá sem vildi setjast að til

frambúðar að ná sér í landsskika til að búa á en að öðru leyti var landið opið öllum. Hugsanlegt er að landfræðileg einangrun landsins hafi styrkt landsmenn í því að finnast þeir vera ein eining eða heild gagnvart öðrum (Baldur Jónsson, 2006:15). Þeir festu rætur í nýjum heimkynnum á þjóðveldisöld og eignuðust þjóðmenningu sem þeir voru stoltir af (Sigurður Nordal, 1942:99).

Þjóðveldið leið undir lok á þrettándu öld þegar þegnar landsins sóru Noregskonungi trúnað og lofuðu að greiða honum skatt (Gunnar Karlsson, 2010:18–23). Ný lög tóku gildi, reist á norskum rétti og lögbækur voru gefnar út. Jónsbók svokölluð var samin sérstaklega fyrir Ísland og íslenskar aðstæður og með henni varð Ísland sérstakt lagaumdæmi norska konungsins. Að sögn Gunnars breyttist staða Íslands seint á fimmtándu öld frá því að vera það sem hann kallar sjóveldi Noregs yfir í að teljast til landveldis Danakonungs. Konungssamband Íslands og Danmerkur leystist ekki upp fyrr en árið 1944.

Þegar horft er yfir söguna sést að þrátt fyrir að Ísland sé eyja tiltölulega langt frá öðrum löndum hefur um tíðina komið þangað fólk af mörgum mismunandi þjóðarbrotum, sest að og haft margþætt áhrif á sögu landsins. Í kjölfar alheimsvæðingarinnar undanfarna áratugi hafa ferðalög og samskipti fólks aukist til muna og með betri efnahag og breyttu hugarfari er talað um að heimurinn hafi minnkað eða skroppið saman. Hugmyndir fólks um tengsl landanna hafa leitt til aukinna alþjóðasamskipta á mörgum sviðum og æ algengara er að einstaklingar leita út fyrir landsteinana með náms– eða viðskiptahugmyndir sínar. Margt ungt fólk ferðast um heiminn eins og hann sé bakgarðurinn þeirra er stundum sagt, og við getum alveg eins vænst að nýju nágrannarnir okkar séu af öðru þjóðerni en íslensku. Við þetta má bæta að um allan heim hefur fólk neyðst til að flýja land vegna stríða og ofsókna og leitað hælis í öðrum löndum, oft og tíðum langt frá heimkynnum sínum til að koma undir sig fótunum á nýjan leik í nýju landi.

Það er einn hópur innflytjenda sem stundum vill gleymast í umræðunni um erlent vinnuafl á Íslandi og eru það 314 Þjóðverjar, flestar konur, sem komu hingað árið 1949 til að bæta úr bráðri þörf á vinnuafli til sveita (Pétur Eiríksson, 2008:7–12). Þetta er stærsti flutningur af vinnufærum einstaklingum til landsins síðan víkingaferðirnar liðu undir lok. Sumir í þessum stóra hópi stoppuðu stutt en margir settust að og urðu íslenskir ríkisborgarar. Þeir eiga í dag á annað þúsund afkomendur hér á landi samkvæmt lauslegri athugun Péturs.

Landfræðileg lega Íslands hefur gert það að verkum að hælisleitendur hafa síður ratað hingað, en eftir að fyrstu fjölskyldur flóttamanna komu til landsins árið 1979 hefur einstaklingum af erlendu bergi brotnu fjölgað (Gils Guðmundsson, 1986:158; Umboðsmaður barna, 1998:17,96). Undanfarin ár hefur komið töluverður hópur fólks af ólíku þjóðerni til Íslands í atvinnuleit í styttri eða lengri tíma og þrátt fyrir minnkandi fjölda erlends vinnuafls eftir efnahagshrunið 2008 er staðreyndin sú að Ísland er orðið fjölmenningarlegt samfélag með þeim verkefnum sem því fylgir.

Samkvæmt Hagstofu Íslands voru 21.701 erlendur ríkisborgari búsettur á Íslandi 1.1. 2010 (Hagstofa Íslands, 2010, Erl. ríkisborgarar). Aðeins lítill hluti þeirra eru Danir, eða 884 einstaklingar (Hagstofa Íslands, 2010, Danir búsettir á Ísl.). Ef skoðaðar eru tölur yfir þann fjölda danskra kvenna sem búsettar eru á Eyjarfjarðarsvæðinu má sjá að þær voru 24 þann 1.1 2010 (Hagstofa Íslands, 2010, Konur m. danskt ríkisfang á Eyjafjarðarsv.), sjá graf 1.

Á myndinni sést sá fjöldi danskra kvenna sem hefur sest að á Eyjafjarðarsvæðinu á árunum 1998–2010. Auk þeirra má ætla að á svæðinu búa konur frá Danmörku sem hafa skipt um ríkisfang og eru orðnar Íslendingar, þær eru því ekki inni í þessum tölum. Einnig má gera ráð fyrir að í þýðinu sé að finna nokkrar danskar konur sem eru ógiftar eða giftar mönnum af öðru þjóðerni en íslensku og falla út fyrir skilgreiningarramma rannsóknar minnar.



Graf 1 – Fjöldi danskra kvenna búsettar á Eyjafjarðarsvæðinu á árunum 1998–2010

Réttur innflytjenda

Á Íslandi er réttur innflytjenda tryggður í íslenskum lögum. Fólk sem sest að á Íslandi er þannig jafn vel sett lagalega og aðrir íbúar landsins. Aðfluttir geta, eftir að hafa dvalið hér við atvinnu, öðlast íslenskan ríkisborgararétt eftir tiltekinn árafjölda hér á landi ef þeir kjósa (Björk Helle Lassen, Fríða B. Jónsdóttir, Hildur Blöndal, Aðalheiður Steingrímsdóttir, Hulda Karen Daníelsdóttir og Kolbrún Vigfúsdóttir, 2007:151–153; Útlendingastofnun (2010).

Menntamál hafa verið í höndum sveitarfélaganna frá árinu 1995. Hvert og eitt hefur á sínu valdi að móta eigin jafnréttis- og fjölmenningarstefnu til að vinna eftir. Markmið með stefnu af því tagi er að tryggja öllum íbúum jöfn tækifæri til náms. Akureyrarbær vinnur eftir fjölmenningarstefnu sem samþykkt var 13. mars 2010 en í henni er áherslum bæjarins í þessum efnum lýst (Fjölmenningarstefna Akureyrarbæjar 2010). Í stefnunni kemur fram hvert hlutverk sveitarfélagsins er sem og sýn þess og markmið til framtíðar varðandi málefni innflytjenda. Skilgreining sveitarfélagsins á orðinu innflytjandi er „íbúi með annað móðurmál en íslensku“ (bls. 1). Í fjölmenningarstefnu Akureyrarbæjar (bls. 1) segir meðal annars:

> • **Hlutverk Akureyrarbæjar er:** Að sinna lögbundnum verkefnum bæjarins auk valkvæðra verkefna til hagsbóta fyrir íbúana og framtíð bæjarins eftir því sem aðstæður leyfa. Að taka vel á móti nýjum íbúum, upplýsa þá um réttindi og skyldur og styðja til þátttöku í samfélaginu.
>
> • **Leiðarljós:** Lykillinn að íslensku samfélagi er kunnátta í íslensku, þekking á íslensku samfélagi og viðurkenning á gildi fjölmenningar.
>
> • **Framtíðarsýn:** Grunngildi samfélagsins einkennast af víðsýni, virðingu og samkennd þar sem litið er á ólíkan bakgrunn íbúanna sem auðlind. Samfélagið tekur vel á móti nýjum íbúum og styður þá til góðra verka, en væntir þess að allir virði menningu og siði þess samfélags sem þeir kjósa að búa í.
>
> • **Meginstefna í málefnum innflytjenda:** Að allir íbúar sveitarfélagsins njóti jafnra tækifæra og verði virkir þátttakendur í samfélaginu á sem flestum sviðum mannlífsins.
> Að nýir íbúar skynji að þeir séu velkomnir og að þeir búi við öryggi. Að styrkur fjölmenningar verði nýttur til góðra verka.

Í útlistun **markmiða Akureyrarbæjar** er áhersla lögð á mannréttindi, fræðslu barna og fullorðinna, félags– og heilbrigðisþjónustu, félagsstarf og afþreyingu (bls. 2–12).

Dvöl á Íslandi

Á heimasíðu Útlendingastofnunar (2010) má sjá að misjafnt er eftir þjóðerni hversu lengi útlendingar mega dvelja á Íslandi. Ríkisborgarar landanna á Schengensvæðinu mega dvelja á Íslandi í allt að þrjá mánuði án vegabréfsáritunar. Þeir sem nefnast EES–útlendingar og eru skráðir ríkisborgarar í einhverju EES–landi mega einnig ferðast frjálst til Íslands. Þeir geta dvalið hér við leik eða störf í allt að sex mánuði. Aðrir útlendingar utan þessara tveggja Evrópusamtaka geta, með nokkrum undantekningum, sótt um dvalar– og búsetuleyfi til eins árs í senn. Norrænir ríkisborgarar þurfa ekki dvalarleyfi hér á landi og hafa því mikla sérstöðu. Þeir geta sest að á Íslandi eða ferðast til og frá landinu að vild og notið velferðarþjónustunnar til jafns við íslenska ríkisborgara.

Lögboðin íslenskukennsla

Allir aðfluttir eiga rétt á íslenskukennslu. Grunnskólinn sér um íslenskukennslu erlendra barna en ýmsar menntastofnanir hafa sérhæft sig í íslenskukennslu fullorðinna hér á landi.

Þegar innflytjandi sækir um leyfi til búsetu á Íslandi hvílir á flestum sú skylda að hafa sótt minnst 150 kennslustundir í íslensku og þreytt próf í lok námskeiðs (Reglugerð um útlendinga nr. 053/2003/50). Námskeið eru haldin víða um land en á Akureyri eru þau í höndum Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar á vegum Alþjóðahúss og hefur Margvís séð um kennsluna undanfarin ár (Margvís, 2010). Engin skylda hvílir á norrænum ríkisborgara um slíkt.

Út er komin á vegum Menntamálaráðuneytisins framhaldsnámskrá í íslensku fyrir útlendinga. Hún byggir á grunnnámskrá frá árinu 2008 og er eins og hinni fyrri ætlað að leiðbeina um kennslu í íslensku sem öðru máli (Íslenska fyrir útlendinga, 2010). Áhersla er nú sem fyrr á samþættingu tungumálanáms og samfélagskynningar til að gera útlendingum kleift að fræðast um menningu samhliða íslenskunáminu. Framhaldsnámskráin gerir ráð fyrir sex kunnáttustigum nemandans og nær til 300 kennslustunda sem ætti að auðvelda námsframvindu útlendingsins og auka færni hans.

2.2 Tungumál

Tungumálið er tæki til að tjá hugsanir okkar og koma vilja okkar á framfæri. Talað mál er alls staðar í kringum okkur og áður en barnið getur sagt sitt fyrsta orð hefur grunnur að máltöku þess þegar verið lagður (Ásthildur Snorradóttir og Sigurlaug Jónsdóttir, 2000:39). Ein tilgáta um uppruna tungumála er að náttúran og landslagið hafi mótað þau (Emoto 2007:71–72). Það má hugsa sér að mismunandi hljómfall tungumála hafi orðið til af ólíkri túlkun mannsins á tíðni og rödd náttúrunnar eða dýra eftir svæðum, vatn hefur áhrif á hljómburð en líka klettar eða skóglendi. Hamilton (1993:45–49) er þeirra skoðunar að þróun tungumáls hafi byggst á eftirlíkingum af hljóðum tengdum lífsbaráttunni. Með því að líkja eftir athöfnum eða hlutum í umhverfinu sem skiptu máli fyrir hópinn var kominn grunnur að samskiptum á milli manna. Tungumálið var þannig orðið verkfæri hugans og skapaði grundvöll fyrir samvinnu.

Samkvæmt Peoples og Bailey (2206:45–46) er tungumál sameiginleg þekking á þeim einingum sem mynda skilaboð og vitneskja um reglur um beitingu þeirra. Tungumál manna er samskiptatæki og skiptir máli fyrir einstaklinginn en auk þess er það sameiningarafl ætthóps eða þjóðar og lykillinn að menningarsjóðum. Mál byggir á félagslegum samskiptum, en til að tungumálið sé nothæft sem tæki til miðlunar innan samfélagsins verður það að svara kröfum notenda (Sölvi Sveinsson, 1992:9–10). Það þarf að vera sveigjanlegt og geta tekið breytingum í samræmi við þjóðfélagsþróunina á hverjum tíma að sögn Sölva. Árni Böðvarsson (1992) orðar það þannig: „Það er eðli hverrar tungu að fullnægja kröfum þess mannfélags sem notar hana.“ (Bls. 159) og Árni bætir við: „Á sama hátt á viti borinn maður að geta virt móðurmál annarra.“ (Bls. 159).

Á Íslandi búa um 330.000 manns. Telja má líklegt að nánast allir Íslendingar skilji og tali íslensku. Við þessa tölu má bæta þeim fjölda fólks um allan heim sem hefur lagt það á sig að fræðast um eða læra íslensku, oft með það fyrir augum að geta lesið Íslendingasögurnar eða aðrar fornbókmenntir. Margir úr hópi brottfluttra Íslendinga reyna að viðhalda tungumálinu, þannig að giska má á að um hálf milljón manna í heiminum sé fær um að tala og skilja íslensku. Það eru því litlar líkur á að innflytjendur sem koma til landsins hafi kynnst eða kunni íslensku fyrir.

Breytingar á atvinnuháttum geta haft áhrif á þróun tungumáls sem og landfræðilegar aðstæður, en utanaðkomandi áhrif eins og styrjaldir eða yfirráð annarra landa geta einnig leitt til vissra breytinga á tungumáli ákveðins svæðis. Sú staðreynd að á Íslandi er töluð íslenska þrátt fyrir erlend áhrif og yfirráð gegnum tíðina verður best lýst með því að rekja málsöguna.

Íslensk málsaga

Íslenska er innflytjendamál og hefur mótast af því. Tungumál landnemanna var blendingsmál sem varð til þegar hóparnir komu saman. Það líktist helst vesturnorsku og tungumálið var ýmist kölluð dönsk, norsk, eða norræn tunga (Gunnar Karlsson, 2010:5,19; Sölvi Sveinsson, 1992:38–39). Talið er að mállýskur hafi náð að jafnast út á fyrstu áratugum og öldum Íslandsbyggðar. Seinna urðu til mállýskur sem varðveittust í einangruðum sveitum landsins þrátt fyrir að töluverðar samgöngur hafi hamlað þeim. Nefna má ferðalög fólks á vorþing í öllum héruðum landsins og alþingissamkomur þar sem frjálsir karlmenn komu saman allsstaðar að af landinu. Leiguliðar og vinnuhjú voru töluvert á ferðinni til að leita að betri leigujörð eða kaupavinnu og auk þess fóru margir landshornanna á milli til fiskveiða.

Fræðimönnum ber saman um að íslenskt tungumál hefur breyst mun minna á þúsund árum en mörg önnur tungumál. Beygingakerfi og setningagerð hefur tiltölulega lítið breyst og gerir það að verkum að við skiljum tungumál forfeðranna enn í dag (Ragnhildur Richter, Sigríður Stefánsdóttir og Steingrímur Þórðarson, 2007:159; Höskuldur Þráinsson, 1995:320–324). Það ætti þó að vera flestum ljóst að í nútímasamfélagi er gullaldaríslenska ónothæft tungumál meðal annars vegna breytinga á orðaforða og hugtakaskilningi.

Íslendingar geta með sönnu sagst skilja skrif fornmanna en þeir vita hins vegar minna um framburð málsins. Helst er hægt að styðjast við *Fyrstu málfræðiritgerðina* svokölluðu, en hún var skrifuð um miðja tólftu öld í þeim tilgangi að lýsa íslenska stafrófinu og hljóðkerfi málsins (Baldur Jónsson, 2006:17–20). Í ritinu, sem er hluti af Snorra–Eddu, notaði þessi óþekkti einstaklingur ekki latnesk heiti til útskýringar eins og hefð var fyrir á þeim tíma, heldur fann upp íslensk orð yfir málfræðiatriði, til dæmis nýyrðin *raddarstafr* og *samhljóðandi* fyrir latnesku heitin *vocalis* og *consonans.*Vísbendingar um íslenskan framburð má einnig fá með því að skoða vísur og ljóð sem fundist hafa og huga að rímorðum og hrynjanda þeirra.

Erlend áhrif

Algeng skoðun er að með stofnun Alþingis árið 930 urðu Íslendingar að þjóð. Lög voru samin og til varð eitt málsamfélag (Baldur Jónsson, 2006:15; Sölvi Sveinsson, 1992:12–13, 41–49). Um aldamótin 1000 var kristni lögtekin á Íslandi. Hingað fóru að berast ótal erlend orð, sem höfðu áhrif á tungumálið. Þessi orð voru aðallega latnesk og tengdust kirkjuathöfnum. Mörg íslensk orð, til dæmis *lamb*, *skíra* og *hvítur* fengu nýtt merkingarsvið innan kirkjunnar sem utan og vinsældir líkingamáls uxu. Ný erlend mannanöfn komu einnig inn í málið eins og Benedikt, Katrín, Soffía og Nikulás. Þannig má því segja að kristnitakan hafi breytt orðaforðanum og gefið tungumálinu nýjan blæ, en í kjölfar hennar lærðu Íslendingar að skrifa latínuletur. Ritað mál var að miklu leyti latína en á næstu öldum fóru Íslendingar að þýða erlendar bókmenntir og skrifa á eigin tungu. Á 13. öld misstu landsmenn sjálfstæði sitt í hendur Noregskonungs, en árið 1397 var Kalmarsambandið stofnað og Íslendingar lutu stjórn Margrétar I, Danadrottningar.

Á næstu öldum gætti danskra áhrifa á Íslandi. Staðan í landinu var þannig að kirkjan og öll stjórnsýslan var dönsk en ritmálið víða latína. Danir stjórnuðu verslun á mörgum stöðum og allt námsefni í skólunum var á dönsku og latínu. Synir heldri manna fóru í framhaldsnám til Kaupmannahafnar, flestir snéru heim sem lögfræðingar eða prestar og komust þannig til áhrifa í samfélaginu (Auður Hauksdóttir, 1990:6–10).

Við siðaskiptin 1550 var í auknum mæli farið að líta til Þýskalands. Guðfræðirit, sálmar, barnakver og húslestrarbækur voru samin eftir þýskum og dönskum textum byggðum á ritum Lúters. Einkennandi fyrir þessar bókmenntir eru óíslensk orð, orðaröð af erlendum toga og mál sem Sölvi Sveinsson (1992:12–13, 41–49, 87–88) kallar „vont mál“ (bls. 49). Um þetta leyti var fyrsta prentsmiðjan stofnsett á Hólum og árið 1584 var í fyrsta sinn mögulegt að lesa Biblíuna á íslensku. Vert er að hafa í huga að dags daglega var töluð íslenska til sjávar og sveita. Athyglisvert er að þó svo að Íslendingar töluðu og skrifuðu íslensku var það ekki fyrr en árið 1558 að vísað var til tungumáls þeirra sem *íslensku.* Hálfri öld síðar, árið 1609, skrifaði Arngrímur lærði Jónsson bók á latínu um Ísland og íslenska tungu. Í bók sinni, Crymogæa (*Ís–land*) var fortíðar– og föðurlandsdýrkun þessa húmaníska tímabils mjög skýr. Arngrímur lagði áherslu á að íslenskt mál væri byggt á hinu forna máli forfeðra okkar og því mátti ekki breyta. Mikilvægt var að halda tungumálinu eins hreinu af útlendum tökuorðum eins og mögulegt var (Gunnar Karlsson, Brynja Dís

Valsdóttir, Eiríkur K. Björnsson, Ólafur Rastrick, Jón Ormur Halldórsson, Sesselja G. Magnúsdóttir, Sigríður Hjördís Jörundsdóttir og Sigurður Pétursson 2003:204). Í raun má því segja að Arngrímur hafi, eins og hinn óþekkti höfundur fyrstu málfræðiritgerðarinnar til forna, fjallað um málstefnu og það sem tvö hundruð árum síðar kallaðist *hreintungustefnan* hér á landi.

Hreintungustefna og sjálfstæði

Íslensk málstefna var á átjándu og nítjándu öld nátengd þjóðvakningu og sjálfstæðisbaráttu Íslendinga og þegar fjallað er um hreintungustefnuna á Íslandi spinnast kröfurnar um sjálfstæði frá Dönum inn í baráttunna um hreinsun málsins. Það er því nauðsýnlegt að fjalla ítarlega um þetta tímabil sögunar.

Kjartan G. Ottósson (2002:24–25) vitnar í Jón Helgason og aðra fræðimenn þegar hann segir að sökum þess hvað hið danska yfirvald var fjarlægt höfðu danskir embættismenn konungs ekki mikil áhrif á að breiða út dönsku. Auk þess var algengt að lægra settir embættismenn, sýslumenn og lögmenn, sem Íslendingar þurftu að hafa samneyti við, voru íslenskir. Fram að 17. öld var latína álitið mál embættismanna og á þeim tíma var þýska algengari en danska, íslenskir menntamenn lærðu í Þýskalandi og meira var verslað við Þjóðverja en Dani. Að mati Kjartans hafði danskt lagamál þó haft meiri áhrif á tungumálið en embættismennirnir höfðu á þeim tíma þar sem lög og skipanir frá konungi voru einkum skrifuð á dönsku. Á fjórða tug 18. aldar var lögboðið að lögmenn skyldu taka próf frá Kaupmannahafnarháskóla og lögfræðingarnir sem snéru heim voru duglegir við að nota hið latnesk–danska fræðimál, sem þeir höfðu tileinkað sér.

Um miðja átjándu öld var staðan á Íslandi þannig að töluð voru tvö tungumál í landinu, íslenska og danska. Á þeim tíma lærðu, auk embættismanna, einnig iðnaðarmenn í Danmörku og höfðu meðferðis heim starfstengd orð á dönsku, latnesku eða þýsku (Ragnhildur Richter og fl., 2007:178; Helgi Ingólfsson, 2010:42, 226). Í bæjum jafnt og í sjávarþorpum fór verslun og viðskipti fram á dönsku. Þar sem lagamálið var líka danska eins og fram hefur komið voru margir Íslendingar farnir að tala einhvers konar blendingsmál. Fjallað verður meira um þetta sérstaka tungumál í kaflanum um tvítyngi.

Í sex hundruð ár höfðu Íslendingar búið við stjórn einvalds konungs og embættismanna hans. Í tvær aldir hafði allt vald komið að ofan og fólk þekkti ekkert annað pólitískt vald en það sem embættismenn konungs beittu. Á síðari hluta átjánda

aldar voru farnar að berast raddir utan úr heimi með kröfum um breytingar á stjórnarfari og valdhafar í ýmsum öðrum evrópskum löndum fóru að huga að breytingum. Á meðal þeirra var Friðrik sjötti, Danakóngur. Árið 1834 setti hann á stofn fjögur stéttarþing með löggjafavaldi, þar af eitt fyrir dönsku eyjarnar. Á þessu þingi fékk Ísland tvo fulltrúa, báðir sátu þeir í Kaupmannahöfn (Bragi Guðmundsson og Gunnar Karlsson, 1997:101–103; Einar Laxness 1995b:57).

Margir Íslendingar voru óánægðir með þá ákvörðun konungs að fulltrúar Íslands á stéttarþinginu sætu í höfuðborginni en ekki á Alþingi á Íslandi, þeirra á meðal voru námsmenn í Kaupmannahöfn á fyrstu tugum nítjándu aldar. Sumir stofnuðu til blaðaútgáfu meðal annars Baldvin Einarsson og Þorgeir Guðmundsson en þeir gáfu út blaðið *Ármann á Alþingi*. Talið er að áhugi þeirra á að endurvekja Alþingi Íslendinga hafi átt drjúgan þátt í að baráttan fyrir sjálfstæði Íslands hófst. Annað rit var einnig gefið út á svipuðum tíma, *Fjölnir*, en í ritstjórn þess sátu fjórir ritstjórar, Brynjólfur Pétursson, Konráð Gíslason, Jónas Hallgrímsson og Tómas Sæmundsson (Bragi Guðmundsson og Gunnar Karlsson, 2007:103–104). Fjölnismennirnir svokölluðu gegndu með skrifum sínum mikilvægu hlutverki í þjóðfrelsisbaráttu Íslendinga (Einar Laxness 1995a:137; b:57). *Fjölnir* var umdeilt rit en í dag þykir sannað að þakka megi ekki síst Jónasi Hallgrímssyni fyrir að vekja þjóðina til vitundar um ágæti eigin tungumáls og menningararfs. Í hvatningarljóðum sínum til Íslendinga lofar Jónas hina fornu frægð landsins sem löngu væri tímabært að endurvekja að hans mati (Bragi Guðmundsson og Gunnar Karlsson, 1997:103–104). Vert er einnig að nefna Konráð Gíslason, en árið 1837 hélt hann ræðu og las upp ritgerð sem bar heitið *Ágrip af ræðu áhrærandi íslenskuna*. Hún er álitin vera fyrsta ritgerðin sem gefin hefur verið út um íslenska tungu sem félagslega eign og þjóðleg verðmæti. Konráð átti líka heiðurinn af útgáfu fyrstu dönsk–íslensku orðabókarinnar (Baldur Jónsson, 2006:38).

Áfanga náð í baráttunni

Árið 1840 náðist óvæntur áfangi í sjálfstæðisbaráttunni, þegar Kristján áttundi konungur úrskurðaði að stofnað yrði ráðgjafaþing á Íslandi og nefna ætti Alþingi (Einar Laxness, 1995a:14). Það tók íslensku embættismennina hins vegar þrjú ár að ákveða staðsetningu þess, en fyrsta júlí árið 1845 kom Alþingi saman í fyrsta sinn í skólahúsnæði Lærða skólans í Reykjavík (Bragi Guðmundsson og Gunnar Karlsson, 1997:103–110).

Um miðja nítjándu öldina voru skiptar skoðanir á því hvort Íslendingar réðu við að hafa sitt eigið tungumál og farið var að ræða um að leggja niður íslenskt mál. Sumir voru þeirrar skoðunar að íslenskt tungumál gæti tafið fyrir í alþjóðlegu samhengi á meðan aðrir, þar á meðal þeir sem aðhylltust rómantíkina, vildu einblína á nýorðasmíð og málvernd (Ragnhildur Richter og fl., 2007:178). Í þessu sambandi er vert að minnast aftur Jónasar Hallgrímssonar. Jónas bjó til fjölda nýyrða yfir hluti og hugtök og hafði með því móti mikil áhrif á þróun íslenskunnar en nýyrðasafn hans inniheldur um tvö hundruð orð sem finna má meðal annars á Netinu.

Talið er að fyrsta blaðagreinin sem birt var um íslenskt mál sé greinin *Um móðurmálið* eftir Þórð Jónasson en hún kom út í *Reykjavíkurpóstinum* árið 1847 (Baldur Jónsson, 2006:58). Þórður Jónasson (1847, 2006:59–65) gagnrýndi þá hefð að skrifa þyrfti allt varðandi embætti amts– og sýslumanna á dönsku, það gilti einnig um veitingabréf presta og skikkunarbréf ljósmæðra. Hann benti á þann sjálfsagða rétt Íslendinga að fá að skrifa „á landsins eigin máli en ekki... [á] útlendri tungu“ (bls.63). Þá fyrst myndi þjóðin virða og elska móðurmál sitt að mati Þórðar Jónassonar.

Á fyrstu tugum nítjándu aldar fengu Íslendingar aðstoð utanfrá, þegar danskur maður að nafni Rasmus Rask fór að tala mál þjóðernissinna sem vildu efla íslenskuna.

Rasmus Rask

Rasmus Kristian Nielsen Rasch, eða Rasmus Rask eins og hann kaus að kalla sig, fæddist á Fjóni í Danmörku árið 1787, sonur kotbónda (Rask, 2002:15–70). Rask var mikill námsmaður og gat með aðstoð góðra manna og ýmsum námsstyrkjum farið í framhaldsnám. Hann heillaðist ungur af tungumálum og byrjaði snemma að skrá sínar athuganir á málfræði, sumar þeirra voru seinna gefnar út sem málfræðikver. Við vinnu sína uppgötvaði Rask að tengsl væru á milli tungumálanna. Í sögutímum fékk Rask áhuga á íslensku og lærði málið með því að bera saman Snorra–Eddu á íslensku og danska útgáfu sem honum hlotnaðist fyrir góðan námsárangur. Þessi aðferð hans við að bera saman tungumál lagði grunninn að fræðigreininni samanburðarmálfræði, og var Rask fyrsti samanburðarmálfræðingurinn. Athuganir Rasks á íslensku leiddu til útgáfu á ritum hans um íslenska málfræði, „Vejledning til det islandske eller gamle nordiske sprog“, hið fyrsta kom út árið 1811. Í inngangsorðunum útskýrði Rask innbyrðis tengsl norrænna tungumála, þar á meðal færeysku, sem hér var komin á blað í fyrsta sinn. Með þessu framtaki öðlaðist Rask marga vini og stuðningsmenn á norrænum slóðum og fékk heimboð til Íslands.

Þegar Rask kom til Reykjavíkur árið 1813 varð hann fyrir vonbrigðum (Rask, 2002:85–86). Hann hafði gert sér vonir um að heyra hið forna mál úr munni fólks en raunin varð önnur því á þeim tíma notuðu Reykvíkingar dönsku til jafns við íslensku. Í bréfi Rasks til vinar síns má sjá áhyggjur hans:

> Annars þér einlægliga að segja held ég að íslenskan bráðum mun út af deyja; reikna ég að varla mun nokkur skilja hana í Reykjavík að 100 árum liðnum, en varla nokkur í landinu að öðrum 200 þar upp frá ef allt fer eins og hingað til og ekki verða rammar skorður við reistar; jafnvel hjá bestu mönnum er annað hvort orð á dönsku, hjá almúganum mun hún haldast við lengst.
>
> (Vitnað í Rasmus Rask, hér eftir Ragnhildi Richter og fl., 2007:179)

Rask hafði áhyggur af því að íslenskt mál myndi deyja út ef ekkert urði að því gert og fann sig knúinn til að aðstoða Íslendinga við að hefja íslenskuna upp á þann stall sem hún átti að vera samkvæmt hugmyndum hans (Rask, 2002:85–93). Hann fór um landið á þeim tveimur árum sem hann dvaldi á Íslandi og skráði niður það sem hann heyrði. Áður en Rask fór heim hét hann því að aðstoða Íslendinga við að styrkja stöðu íslenskunnar. Í þeim tilgangi var *Hið íslenzka bókmenntafélag* stofnað þann 30. mars 1816 í Sívalturni í Kaupmannahöfn og Rasmus Rask kosinn fyrsti formaður þess. Tilgangur félagsins var að styðja við íslenskt mál og útgáfu fræðirita og fagurbókmennta á íslensku.

Hreintungustefnan tekur við

Með stofnun Hins íslenska bókmenntafélags og áform þess um áframhaldandi bókaútgáfu á íslensku var lagður grunnur að ræktun íslenskunnar. Á þeim tíma giltu mismunandi stafsetningarreglur, í raun hafði hvert skáld eða hver ritfær maður haft sinn háttinn á. Til skoðunar var að einfalda reglurnar og aðlaga stafsetningu meira að framburði tungumálsins, til dæmis með því að sleppa *y* og skrifa *i* í staðinn (Ragnhildur Richter og fl., 2007:179–180, 339). Hugmyndirnar voru gagnrýndar og flestar þeirra hlutu lítinn sem engan hljómgrunn. Rask hafði barist fyrir svipuðum áherslum í Danmörku, en honum fannst eðlilegt að hver bókstafur myndaði sitt sérstaka hljóð. Sjálfur hafði hann breytt nafni sinu úr Rasch í Rask í anda tillagna sinna (Rask, 2002:35).

Hins vegar var stuðningur við nýyrðasmíð þjóðernissinna og stafaði hann af mikilli vakningu um tungumálið í þjóðfélaginu. Stefna eða hreyfing, sem þekkt var úti

í heimi sem *purismi*, fór að gera vart við sig og fékk heitið *hreintungustefna*. Tilgangur stefnunnar var að varðveita samhengi málsögunnar þannig að íslenskt mál yrði áfram skiljanlegt. Mikill talsmaður stefnunnar og upphafsmaður heitisins var Kristján Albertsson (1939, 2006:295–309). Hann var hlynntur því að hér yrði stofnuð mál– og bókmenntaakademía hliðstætt því sem gert hafði verið í öðrum löndum, til dæmis var vel þekkt akademía í Frakklandi. Hlutverk hennar yrði að standa vörð um tunguna og stuðla að því að íslenskan myndi lifna við að nýju, hressari og yngri í bragði, eins og Kristján orðar það í grein sinni *Þróun íslenskunnar* í *Skírni* árið 1939.

Aðrir sem höfðu barist fyrir þjóðfrelsi Íslendinga um miðja nítjándu öld voru Jón Guðmundsson (1851, 2006:77–100) fyrsti ritstjóri *Þjóðólfs* og Jón Sigurðsson, „forseti“ (1858, 2006:101–113). Nafnarnir gagnrýndu embættismenn landsins fyrir að nota eingöngu dönsku í dómum og embættisskjölum. Þeir töldu Íslendinga hafa sofið á verðinum og láðst að notfæra sér ákvæði í lögum frá árinu 1688, sem kváðu á um að þýða ætti lög og reglugerðir á íslensku. Jón Sigurðsson lagði áherslu á að Íslendingar færu löglegu leiðina. Hann skoraði á alþýðu, alþingismenn og blaðamenn að safna upplýsingum um rétt Íslendinga og beita sér fyrir því að íslenskan yrði hafin til vegs og virðingar.

Ekki er hægt að kveðja þetta tímabil sögunnar, þegar hreintungustefnan var í mótum um miðja og upp úr nítjándu öld, án þess að minnast á hlutdeild tveggja manna, fjölfræðingsins Guðmundar Finnbogasonar og Sigurðar Nordals. Líkt og margir aðrir benti Sigurður Nordal (1926, 2006:268–275) á að aðeins væri hægt að fjalla um tungumálið þegar horft væri til sjálfstæðisbaráttunnar um leið: „Tungan hefur ekki einungis verið undirstaða menningar vorrar, heldur líka sjálfstæðið út á við og jafnaður inn á við“ (bls. 271). Sigurður mat það svo að yfirburðir íslenskunnar lægju ekki í tungumálinu sjálfu, heldur í sambandi þjóðar og tungu. Hann viðurkenndi nauðsyn þess að mynda ný orð en kaus að notuð yrðu íslensk orð og þeim breytt, því erfitt væri að taka við erlendum orðum, meðal annars vegna þess að áherslan væri alltaf á fyrsta atkvæði á íslensku. Guðmundur Finnbogason (1928, 2006:280–285) var eins og Sigurður Nordal hlynntur nýyrðasmíð og var sjálfur mikill nýyrðasmiður. Guðmundur velti því hins vegar fyrir sér hvort íslenskt ritmál væri í raun alveg hreint. Hann gerði sér lítið fyrir og taldi 1450 erlend orð í fornsögunum. Hins vegar var Guðmundur ekki í vafa um gagnsæi málsins miðað við erlend tungumál sem að hans mati væru ógagnsæ „eins og blindgluggar í höll málsins“ (bls. 284). Guðmundur barðist fyrir málhreinsun og var sjálfur formaður fyrstu íslensku orðanefndarinnar sem

stofnuð var á vegum Verkfræðifélags Íslands árið 1919. Í nefndinni sat einnig í mörg ár Sigurður Nordal (Baldur Jónsson, 2006:232).

Aukið íslenskt sjálfstæði

Á tuttugustu öld minnkuðu dönsk áhrif í hlutfalli við aukið sjálfstæði Íslands. Íslendingar fengu fyrstu stjórnarskrána árið 1874, heimastjórn árið 1904, fullveldi 1918 og lýðveldið var stofnað 1944. Á sextándu öld hafði Arngrímur lærði Jónsson að orði að íslenska væri í sjálfu sér „ljóst og fagurt, og ekki þarf í þessu efni úr öðrum tungumálum orð til láns að taka eða brákað mál né bögur að þiggja“ (sjá Sölva Sveinsson, 1992:42). Staðreyndin var hins vegar sú að á næstu öldum settu tækni og vísindi æ meira mark á tungumálið og málrækt óx í landinu. Fyrsta orðanefnd á vegum Verkfræðifélagsins starfaði frá 1919–26 og var Guðmundur Finnbogason fyrsti formaður hennar eins og komið hefur fram. Að þessu tímabili loknu var það mat margra að nefndin ætti að starfa áfram og vera lifandi þáttur í þróun og mótun íslenskunnar (Kristján Albertsson, 1939, 2006:28–29). Raunin varð sú að fleiri orðanefndir fylgdu í kjölfar þeirrar fyrstu. Á fimmta áratug tuttugustu aldar leiddi starfið til stofnunar Orðabókanefndar Háskólans sem seinna fékk nafnið Orðabók Háskólans.

Nefndin vann ötullega að verndun tungunnar, þróun hennar og vexti og má þakka því mikla starfi, ásamt jákvæðri afstöðu þjóðarinnar það að íslensk tunga er enn nothæft verkfæri í höndum Íslendinga samtímans. Áhyggjur Rasks voru gerðar að engu með sameiginlegu átaki þjóðarinnar þegar gerð var áætlun til að bjarga tungunni, málsagan var skoðuð, stofnaðar voru málnefndir og krafti beitt í nýyrðasmíð í takt við samfélagsþróunina. Árið 1944 gátu Íslendingar fagnað sigri á tveimur vígstöðvum, sjálfstæði frá Dönum og vissunni um að baráttan um tungumálið hafði tryggt stöðu þess til framtíðar.

Tvítyngi

Í einsleitu málfélagi líta margir á tvítyngi fólks sem frávík frá eðlilegu þroskamynstri (Elín Þöll Þórðardóttir, 2007:101–102). En á málsvæðum þar sem tví– eða fjöltyngi er algengara þykir ekki tiltökumál að fólk hafi lært tvö eða fleira tungumál og noti þau eftir þörfum og aðstæðum. Dæmi um lönd í Evrópu þar sem fólk kýs búsetu eftir því hvaða málsamfélagi það tilheyrir eða langar að tilheyra eru Belgía og Sviss. Sigurður

Konráðsson (2007:137) talar í umfjöllun sinni um tvítyngi einnig um tvítyngd samfélög til aðgreiningar frá tvítyngdum einstaklingum.

Tvítyngi hjá einstaklingum hefur verið skilgreint með ýmsum hætti og tvítyngt fólk er ekki einsleitur hópur (Elín Þöll Þórðardóttir, 2007:102–104). Sumir eru nánast jafnvígir á tveimur málum og tala móðurmálið jafnvel og nýja tungumálið, er þá talað um virkt tvítyngi (*balanced bilingualism*). Ríkjandi tvítyngi (*dominant bilingualism*) er hins vegar þegar meiri kunnátta er í öðru máli af tveimur (Klein, 2003–2006). Hjá fólki sem sest að í öðru landi á fullorðins árum er ríkjandi tvítyngi þar sem móðurmálið vegur þyngst. Eftir því sem árin líða verður tvítyngi meira virkt og hinn aðflutti er farinn að tjá sig æ betur á því máli sem hann hefur verið að tileinka sér. Sumum tekst að viðhalda móðurmáli sínu þrátt fyrir að nota íslensku sem annað mál í dagsins önn. Aðra skortir tækifæri til að tala móðurmálið og í glímunni við að tileinka sér mál hins nýja samfélags getur fennt yfir móðurtunguna eða hún glatast.

Útlendingar gera sér fljótlega grein fyrir að Ísland er einsleitt tungumálasvæði og til að gera sig skiljanlegan þarf að læra íslensku. Á meðan tungumálanámið stendur yfir er ef til vill einnig notuð ensku en smám saman fer íslenskukunnáttan hjá flestum þeirra batnandi í áttina að virku tvítyngi. Ekki er ósennilegt að í samskiptum sínum við aðra tali sá aðflutti á þeim tíma einhvers konar blendingsmál og noti orð eða setningar úr þeim tungumálum sem hann hefur tileinkað sér, í mörgum tilfellum líklega enska. Ef til vill má líkja þessu blendingsmáli við skilgreininguna á *pidgin og creole*. Pidgin er það mál kallað sem er snautt að málfræði en hefur orðaforða sem er nægilegur til að einstaklingurinn getur gert sig skiljanlegan. Creole er þróað af pidgin, hefur málfræðireglur og er gegnsætt blendingsmál tveggja tungumála (Pidgin og creole, 2010). Dæmi um creole er *spanglish*, blendingsmál úr spænsku og ensku sem notað er meðal annars af mörgum Bandaríkjamönnum.

Hugtakið *danskir Íslendingar* hefur verið notað um Dani sem átt hafa heima á Íslandi í lengri eða skemmri tíma en tala það sem sumir kjósa að kalla bjagaða íslensku. Með því að nota skilgreininguna um blendingsmál má ætla að danskir Íslendingar hafi talað nokkurs konar *creole*. Helgi Ingólfsson (2009:154–155) notar heitið danskur Íslendingur í niðrandi tón í skáldsögu sinni *Þegar kóngur kom* um danskan Íslending, Dana með ljótan íslenskan framburð. Guðmundur Finnbogason (1928, 2006:287) talaði um „grautargerð“ í greininni *Hreint mál* frá árinu 1928 og átti við þegar blandað var saman erlendum orðum við íslensk. Líklega var Sigurður Nordal (1926, 2006) með sams konar málfar í huga sem hann nefndi „skrílmál“ (bls.

268) í greinaskrifum sínum um samband þjóðar og tungu sem fyrst kom út árið 1926. Í viðtali sem Valtýr Stefánsson (1956:209–224) tók árið 1939 við frú Önnu Hilmu Finsen Klöcker í heimsókn hennar til Íslands hefur Valtýr orð á því hvað Anna talar ennþá góða lýtalausa íslensku. Hann tekur sérstaklega fram hvað framburður Önnu sé laus við „annarlegan hreim“ (bls. 209) eftir að hafa dvalið mörg ár í Danmörku. Þessi dæmi sýna öll hvernig Íslendingar hafa gegnum tíðina átt það til að horfa á tungumálahæfileika útlendinganna og meta þá út frá þeim.

Athyglisvert er að skoða grein Kristmundar Bjarnasonar (1968:33–44) í Eyfirðingariti árið 1968. Þar er hugtakið danskur Íslendingur sagt vera „eitt mergjaðasta smánaryrði íslenskra tungu“ (bls. 35), en annað er uppi á teningnum þegar hugtakinu er snúið við. Um miðja nítjándu öld bjó á Akureyri kaupmaður að nafni B. A Steinki. Hann rak Gudmanns verslun og hafði mikil áhrif á bæjarmenninguna vegna áhuga síns á leiklist, söng og dansi. Steinki varð mjög vinsæll meðal annars vegna þess að hann lagði sig fram við að læra íslensku. Þegar Steinki yfirgaf Ísland var hann sæmdur viðurnefninu „Íslenzkasti Daninn“ (bls. 44) og sýnir það best með hvaða augum Íslendingar litu móðurmál sitt og að þeir kunnu að meta það þegar útlendingur lagði sig fram við að læra íslensku.

Sigurður Konráðsson (2007:131) er þeirrar skoðunar að íslenska sem annað mál sé ekki léleg íslenska. Að hans sögn þarf að hafa í huga að tvítyngdur einstaklingur sem leggur sig fram við að læra nýtt tungumál hefur þegar lært móðurmálið sitt og býr þar af leiðandi að kunnáttu tengdri því. Sigurður gerir flutninga Íslendinga til Norðurlandanna að umtalsefni. Þökk sé tungumálakennslu í íslenskum grunn– og framhaldsskólum skilja flestir Íslendingar sem fara til Skandínavíu yfirleitt nokkuð í tungumálinu sem talað er og geta gert sig skiljanlega við komuna til landsins. Málið snýr öðruvísi að Norðurlandabúum sem flytja til Íslands, þeir þurfa að læra tungumál sem fæstir þeirra hafa haft aðgang að.

Vitað er að námsgeta einstaklings mótast snemma á ævinni en hún fer að miklu leyti eftir lestrarhæfileikum hans og þeim orðaforða sem hann hefur aflað sér (Biemiller, 2009:4). Sannað þykir að málkunnátta fólks litast af því umhverfi og þeim aðstæðum sem það elst upp við, orðaforðinn fer auk þess eftir því um hvað var rætt í málumhverfi þess (Elín Þöll Þórðardóttir, 2007:102–103). Hæfileiki fólks til að tjá sig um ýmis málefni einskorðast þar af leiðandi af því hvar og undir hvaða kringumstæðum einstaklingarnir töluðu og lærðu málið. Útlendingar sem setjast að í

íslensku samfélagi eiga samkvæmt þessu líklega fyrst um sinn erfitt með að skilja séríslensk málefni þar sem orðræðan er framandi og framburðurinn erfiður.

Að sögn Sigurðar Konráðssonar (2007:139–145) er íslenska ekki erfitt tungumál að læra, þar sem það er einungis í meðallagi ríkt af hljóðum miðað við önnur tungumál og hljóðkerfið frekar einfalt. Auk þess er áherslan nánast alltaf á fyrsta atkvæði, orðaröðin nokkuð frjáls og litlar mállýskur auðvelda námið. Þó ráða málnotendur illa við framburðinn af því að hann er útlenskulegur, segir Sigurður og mælir þess vegna með góðri kennslu og þjálfun í framburði. Forsendur þess sem ætlar að læra íslensku sem annað mál eru mismunandi og skipta höfuðmáli fyrir árangurinn. Nefna má að aldur einstaklingsins og skyldleiki móðurmáls hans við íslensku hefur áhrif, auk þess skiptir almenn málkunnátta, læsi, menntun og ekki síst félagslegar aðstæður máli fyrir árangurinn.

Það er algeng skoðun að með hækkandi aldri nemandans minnki hæfileiki hans til að tileinka sér nýtt tungumál eins og kom fram hjá Sigurði Konráðssyni. Athyglisvert er að lesa greinina *Old brains can learn new language tricks* (Blakeslee, 1999) þar sem annað kemur í ljós. Vísindamenn við háskólann í Pittsburgh í Bandaríkjunum vissu að heili ungbarns hefur hæfileikan til að greina öll hljóð í öllum tungumálum heims, það hefur þannig getuna til að skilja og tala hvaða tungumál sem er. Það virðist hins vegar vera þannig að um leið og barnið eflist í að greina hljóð móðurmálsins veikast hæfileikar þess til að skynja og greina hljóð úr öðrum tungumálum því framandi. Þó svo að börn geti bætt tungumálahæfileika sína eru mjög fáir einstaklingar yfir tíu ára aldur færir um að læra að bera fram nýtt tungumál án hreims. Þetta er almennt þekkt sem *tíu ára–glugginn*. Vísindamannahópurinn með Dr. Jay McClelland í fararbroddi ákvað að kanna á hvern hátt getan til að heyra mun á málhljóðum minnki með aldrinum og hvort hún glatist alveg á fullorðinsaldri eins og haldið hefur verið fram. Vitað er að Japanar með japönsku sem móðurmál eiga erfitt með að greina milli samhljóðanna *l* og *r* sökum þess að í þeirra heimalandi er í talmáli enginn greinamunur gerður á þessum tveimur málhljóðum. McClelland og félagar ætluðu að kanna hvort það væri mögulegt fyrir heila fullorðins manns eða konu að greina þessi tvö málhljóð og útbjuggu fyrir tilraunina sérstakar æfingar. Með aðstoð 34 fullorðinna Japana voru gerðar æfingar á samhljóðunum r og l í orðum eins og *road – load* og *right – light* á meðan heilastarfsemi þátttakendanna var könnuð. Í ljós kom að með síendurteknum ýktum hljóðdæmum og æfingum þar að lútandi gátu Japanarnir lært að greina á milli r og l, því meira sem reynt var að ýkja hljóðin, því

betri. Með þessu þóttust vísindamennirnir hafa afsannað kenninguna um tíu ára–gluggann. Fullorðið fólk gæti þvert á móti með erfiðs munum og síendurteknum æfingum lært að skynja hljóð sem heilinn hafði ekki áður greint. Algegnt er að Danir eiga erfitt með bera íslenskuna fram fyrst um sinn meðal annars vegna þess að hljóðin *r*, *þ* og *ð* valda þeim vandræðum. Mín persónulega skoðun er að erfitt getur einnig verið að greina á milli *i*, *í* og *e* en með tilraunina í Pittsburgh í huga er kannski ennþá von!

Tatjana Latinovic, (2010) sem er fædd í Króatíu, virðist vera sammála Sigurði Konráðssyni um að ekki sé erfitt að læra íslensku. Í ræðu sem hún hélt á málræktarþingi Íslenskrar málnefndar 20. nóvember 2004 sagðist hún ekki hafa fundist erfiðara að læra íslensku en önnur tungumál sem hún kunni nú þegar. Hún viðurkennir þó að hún hafi verið lengi að byrja að tala málið þrátt fyrir að hafa farið í gegnum mörg íslenskunámskeið. Hún kennir enskukunnátta Íslendinga þar um, vegna þess að oft er auðveldara að halda uppi samræðum á ensku. Latinovic leggur til að Íslendingar vopni sig þolinmæði og ræði við hina erlendu borgara á íslensku og að útlendingarnir sem margir hafa haft fyrir venju að tala ensku sín á milli án tillits til gæða þess, hætti því og byrji að tala íslensku. Með því móti læra þeir íslensku fyrr og flýtir það fyrir aðlögun þeirra að mati Latinovic.

„Þriðjumenningarbörnin“

Minnst var áðan á Íslendinga sem eru búsettir í Skandínavíu við nám eða starf í ákveðin árafjölda en þar kom fram hvernig þeir þurfa að aðlagst menningunni ytra og að flest þeirra verða tvítyngd. Að loknu námi eða ef aðstæður til vinnu breytast snúa margar fjölskyldur heim reynslunni ríkara. Hildur Blöndal (2010:234–235) hefur rannsakað aðstæður og reynslu nokkurra íslenskra fjölskyldna af þessu. Í ljós hefur komið að börn þessara fjölskyldna finna sig í jaðarstöðu þegar heim er komið, þar sem þau hafa þroskast og breyst á margan hátt á meðan á dvölinni stóð ytra, og þó að allt sé eins og það eigi að vera virðist samt allt breytt. Þau þurfa í raun að tileinka sér íslenska menningu upp á nýtt og taka tungumálið til endurskoðunar. Hildur kallar börnin *þriðjumenningarbörn* þar sem þau búa yfir öðruvísi reynslu en önnur börn á þeirra aldri. Foreldrum barnanna er oft mikið í mun að þau viðhaldi tengslum sínum við vinina og landið sem þau yfirgáfu og leggja áherslu á að börnin kunni tungumálið áfram sem þau tileinkuðu sér í útlegðinni. Að mati foreldranna koma þeir oft að

lokuðum dyrum í skólakerfinu því þó að vilji sé fyrir hendi hafa skólarnir yfirleitt ekki bolmagn til að aðstoða börnin. Hildur vonast til að með auknum rannsóknum á þriðjumenningarbörnum og fjölskyldum þeirra verði gerðar úrbætur sem gagnast muni fjölskyldum í svipaðri stöðu.

Vorið 2010 setti Norræna félagið á Akureyri á laggirnar dönskunámskeið fyrir íslensk þriðjumenningarbörn sem öll hafa dvalið í Danmörku en snúið heim. Námskeiðinu *Dönskuklúbburinn* var komið á fót vegna fjölda áskorana frá foreldrunum og hef ég séð um kennsluna fyrir hönd félagsins. Námskeiðið var og er styrkt af Menntamálaráðuneytinu en vegna góðra undirtekta mun það halda áfram í haust. Foreldrarnir sögðust vera ánægð með framtakið þar sem of lítil dönskukennsla er í skólunum að þeirra mati, og börnunum sem eru á aldrinum sjö til þrettán ára fannst skemmtilegt að hittast. Tímarnir fara fram í húsnæði Amtsbókasafnsins þar sem áhersla er lögð á að allir eiga að tjá sig á dönsku og reynt að hafa gagn og gaman af.

Eins og ættleiðing – hlutverk fjölskyldunnar

Þegar sambúð manns og konu er ákveðin, oft með hjónaband í huga, hefur ráðstöfunin ekki einungis áhrif á hjónaefnin því nærfjölskylda beggja aðila verður auk þess hluti af nýrri sameiginlegri fjölskyldu hjónanna og vinir þeirra tengjast. Parið verður að ákveða hvar það vill búa og í tilfellum þar sem um mismunandi þjóðerni parsins er að ræða þarf að íhuga hvaða búsetumöguleikar gætu hentað báðum.

Þegar fjölskyldan í viðtökulandinu gerir sig tilbúin að taka á móti nýja fjölskyldumeðlimnum þarf hún að gera sér grein fyrir að einstaklingurinn er ekki *tabula rasa*, heldur persóna með uppruna og mótaða fortíð úr öðru menningarsamfélagi. Á margan hátt mætti líkja þessu við aðstæður barns sem er ættleitt og flyst til fjölskyldu í öðru landi. Þó svo að nýtt og breytt fjölskyldulíf sé að hefjast og taka form með tilkomu barnsins hefur barnið dvalið ákveðinn tíma eða árafjölda í föðurlandi sínu og mótast af aðstæðum og menningu þar í landi, mismunandi mikið eftir aldri þess (Howell, 2003:468–482; Sigrún María Kristinsdóttir, 2009:238). Að sögn Sigrúnar Maríu er mikilvægt að hlúa að fortíð barnsins og þeirri reynslu sem það býr yfir um leið og aðlögun á sér stað. Í grein Howells um ættrakningu eru aðstæður fjölskyldu hins ættleidda barns hugleiddar. Lýst er hvernig fjölskyldan tekst á við sifjunarferli (*kinning*) barnsins með því að opna faðminn og sýna að hún sé tilbúin að móta fjölskylduna á nýjan hátt, hún finnur

þannig barninu stað í nútíð og framtíð en einnig í sameiginlegri fortíð ættarinnar. Barnið verður þá hluti af ætt kjörforeldra sinna því með tilkomu þess breytist fjölskyldan og verður aldrei söm. Það sama gildir, að ég hygg, fyrir fjölskyldur blandaðra hjónabanda, það þarf að staðsetja nýja fjölskyldumeðliminn innan sifjahópsins um leið og hlúð er að sérstöðu og eiginleikum hans og fyrri reynslu. Á sama tíma verða aðstandendur að gera sér það ljóst að með tilkomu aðila frá öðrum menningarheimi koma nýir straumar sem breyta munu fjölskyldunni á ýmsan hátt.

Í bókinni *Fjölmenning og skólastarf* er grein eftir Elsu Sigríði Jónsdóttur og Hönnu Ragnarsdóttur (2010:344–366) um ættleiðingu barna. Líkt og Howell komust þær að því að ættleiðing barns frá öðrum menningarheimi getur breytt fjölskyldunni á margan hátt. Ættleiðingin hefur áhrif á alla fjölskylduna ævilangt, hún færir í raun þungamiðjuna til, eins og það er orðað. Í ferlinu skiptir samheldni fjölskyldunnar og jákvæðni miklu máli fyrir hvernig til tekst. Sagt er frá því hvernig stórfjölskyldan í flestum tilfellum hrífst af barninu og að sérstaklega náin tengsl geta myndast milli barnsins og afa og ömmu þess. Foreldrarnir hafa orð á því að stuðningur fjölskyldumeðlimanna sé ómetanlegur. Í greininni er einnig talað um það að algengt er að fjölskyldur ættleiddra barna mynda hóp, þær hittast og skiptast á reynslusögum, halda fræðslufundi, ferðast og skemmta sér saman. Með tímanum breytist hópurinn í vinahóp sem heldur upp á hátíðir eða afmæli barnanna saman. Reynsla foreldra af slíkum hópi er góð því hann getur þjónað hlutverki stórfjölskyldunnar, sérstaklega í tilfellum þar sem nærfjölskylda barnsins er fámenn og fátt er um frændfólk. Auðvelt er að líkja þessum sérstöku aðstæðum fjölskyldna ættleiddra barna við stöðu íslensku–dönsku fjölskyldnanna. Hjá þeim leyfa aðstæður heldur ekki að fjölskyldur beggja hjóna séu í kringum þau daglega, þær verða þar af leiðandi ekki hluti af daglegu lífi fjölskyldunnar eins og algengt er þegar skyldmenni eiga heima í sama landi. Í slíkum tilfellum getur vinátta skapast milli hjóna í sömu stöðu á svæðinu og leitt til þess að hópurinn leiki hlutverk stórfjölskyldunnar.

„Stuðningsfulltrúar“ og „aðstoðarkennarar“

Það er skoðun margra að hlutverk nærfjölskyldunnar í aðlögunarferli hins nýflutta sé mikilvægt. Fjölskyldan myndar tengslanet útlendingsins og gegnum hana eignast hann vini fyrst í stað. Auk þess eru Íslendingarnir í kringum hinn aðflutta tengiliðir hans við hinn íslenska veruleika í byrjun og geta leiðbeint honum um samfélagsmál af ýmsum toga. Meðlimir úr fjölskyldunni eru oft fyrstu íslenskukennarar útlendingsins

á þeim heimilum þar sem töluð er íslenska. Hinn aðflutti getur æft framburð, setningagerð og skilning undir handleiðslu Íslendingsins sem getur leiðrétt og bent á það sem betur má fara í málfarinu.

Í rannsókn Hönnu Ragnarsdóttur og Hildar Blöndal (2007:172) sem gerð var meðal erlendra námsmanna við Kennaraháskóla Íslands kemur mikilvægi fjölskyldunnar og félagastuðnings í erfiðu námi skýrt fram. Nemendurnir eru almennt sáttir við móttökurnar sem þeir fengu og finnst námið sem slíkt áhugavert en þeir eru ekki alls kostar ánægðir með stjórn og skipulag skólans þar sem skortur er á aðstoð við íslenskukennslu, að þeim finnst. Þeir tala allir um nauðsyn þess að eiga íslenskan maka eða vin til að leiðbeina sér. Kennaranemarnir eru sammála um að makinn sé helsti stuðningsaðili sinn og án hans hefði námið orðið sumum þeirra ofviða. Rannveig Þórisdóttir, Sigurlaug Hrund Svavarsdóttir og Jón Gunnar Bernburg (1997:43) komast að svipaðri niðurstöðu í rannsókn sinni um aðlögun Íslendinga af erlendum uppruna. Margir útlenskir námsmenn sögðust hafa lært að tala íslensku af makanum og æft sig heima, og sumir hafa fengið aðstoð við námið bæði frá makanum og öðrum íslenskum fjölskyldumeðlimum.

Unnur Dís Skaptadóttir og Anna Wojtynska (2007:49–57) kynnir í grein í *Ritinu* hluta af stærri rannsókn sem gerð var á árunum 2003–2004. Megin viðfangsefnið var að kanna hvaða möguleika innflytjendur hafa á að hefja nýtt líf á Íslandi og hvernig þeir takast á við nýjan veruleika. Í þeim tilgangi skoðaði Unnur Dís aðstæður hjá 40 erlendum einstaklingum víðs vegar um land, sumir bjuggu og störfuðu á höfuðborgarsvæðinu, aðrir í sjávarþorpum. Könnuð var staða þessa fólks á vinnumarkaði og á hvern hátt það nýtti sér félagsleg tengsl á staðnum. Einn liður í rannsókninni var að skoða reynslu þess af aðlöguninni og námi í íslensku. Fram kom að það eru ekki einungis erlendir námsmenn sem njóta góðs af aðstoð makans við tungumálanámið því algengt var að þeir sem tengdust Íslendingum með giftingu áttu auðveldara með að læra íslensku. Einstaklingarnir í slíkum blönduðum hjónaböndum voru jafnframt jákvæðari gangvart tungumálinu, að líkindum vegna þess að þeir sáu fram á að eiga heima hér á landi til frambúðar. Fjölskylduaðstaða hins aðflutta virðist hafa margþætt áhrif á tækifæri hans á Íslandi m.a. hvernig hann tengist öðrum íbúum landsins að því er fram kemur í niðurstöðum rannsóknarinnar. Þannig var það mat eins viðmælenda að þeir sem eiga íslenskan maka hafa betri möguleika á vinnu vegna fjölskyldutengsla.

2.3 Menning

Einstaklingur sem sest að í nýju landi þarf að kynnast landi og þjóð og stendur frammi fyrir því að takast á við hina nýju menningu móttökulandsins. Peoples og Bailey (2006:21, 25) skilgreina menningu sem einkenni ákveðins svæðis, hún byggist á reynslu, hegðunarmynstri og hugsunarháttum íbúa svæðisins. Hópur sem deilir sömu menningu er fær um að hafa samskipti á sameiginlegri tungu og hefur menningarlega samsömun (*cultural identity*). Fræðimennirnir lýsa þannig menningu sem félagslegu fyrirbæri sem með ýmsu móti er hægt að læra inn á og aðlagast. Að öllum líkindum getur einstaklingur frá öðru landi með aðlöguninni fundið fyrir menningarlegri samsemd.

Sökum áhrifa upprunamenningarinnar á einstaklinginn er fólki sem sest að í öðru landi oftast mikið í mun að varðveita hana um leið og tekist er á við að kynnast og aðlagast staðarmenningu nýja landsins (Hanna Ragnarsdóttir, 2004:100, 2007:18–19, 30–31; Hamilton, 1993:48; Unnur Dís Skaptadóttir, 2004b:23). Menningin mótar einstaklinginn allt hans líf þar sem hann er fær um að læra inn á og bæta við sig öðruvísi menningu eftir aðstæðum. Það er einnig hægt að venja sig af ákveðinni menningu ef einstaklingurinn kýs að gera það. Hanna álítur að í menningarlega fjölbreytilegu nútímasamfélagi komist einstaklingurinn ekki hjá því að kynnast annarri menningu en sinni eigin og hefur því ákveðið val. Unnur Dís tekur það fram að einstaklingar sem koma frá sama landi þurfa ekki allir að leggja áherslu á að viðhalda sömu þáttum úr upprunamenningunni. Flestir útlendingar sem setjast að á Íslandi koma, að mati Unnar Dísar, frá menningarsamfélögum sem eru miklu fjölbreytilegri en íslensk samfélög og hafa því öðlast reynslu af fjölmenningu. Það er því ekki sjálfgefið að allir leggi áherslu á sömu menningarþætti frá upprunalandinu. Unnur Dís bendir auk þess á að fólk kýs með mismunandi ákveðnum hætti hvaða þætti eigi að halda í þó svo að í sumum tilfellum geti verið um ómeðvitað val að ræða. Hamilton tekur það fram að með því að varðveita ákveðna menningu nær einstaklingurinn að tengja saman fortíð, nútíð og framtíð og gerir þetta honum kleift að sjá samhengi lífsins. Flestir útlendingar sem setjast að á Íslandi til langs tíma

leggja auk þess áherslu á að börn þeirra tileinki sér tungumál beggja landa (Dagbjört Ásgeirsdóttir, 2008:116–117).

Þegar talað er um fjölmenningu og ólíka menningarkima er verið að vísa til fjölbreyttrar fólksflóru og þess að einstaklingar hafa margskonar menningarlegan bakgrunn. Einnig er notað orðið örmenning (*microculture*) til að vísa til sérstakra menningarkima innan samfélags sem skapast af aðstæðum og umhverfi, til dæmis á vinnustöðum, í skólum eða á heimilunum. Það má því ætla að stór þáttur í fjölskrúðugum hugmyndum fólks af ólíku þjóðerni um lífið og tilveruna felst í menningarmun.

Þjóðarhugtakið

Umfjöllunarefni Kolbeins Óttarssonar Proppé (2003:151–165) í bókinni *Þjóðerni í þúsund ár?* er þjóðarvitundin eða þjóðarsamvitundin (*collective consciousness*). Í kaflanum *Hetjudýrkun á hátíðarstundu: þjóðhátíðir og viðhald þjóðernisvitundar* staðhæfir Kolbeinn að þjóðarvitund, eða –samvitund, geti aldrei verið annað en huglægt fyrirbæri sem á einhvern hátt tengir þjóðina sterkum böndum innbyrðis. Hann furðar sig á því að þjóð sem er samansett af mörgum mismunandi einstaklingum getur haft eina sameiginlega vitund sem kalla má þjóðarvitund. Að sögn Kolbeins stafar það af fyrirbærinu sameiginlegt minni (*collective memory*) og er eftir hugmyndum Frakkans Halbwachs. Mannlegt samfélag skiptist í marga hópa sem einstaklingurinn getur samsamað sig, heimilið myndar einn hóp, vinnustaðurinn eða stjórnmálaflokkurinn mynda annan, en grunneiningin er hann sjálfur og fjölskylda hans. Hver grunneining á sína sögu sem getur kallast sameiginlegt minni hópsins og margir hópar gætu saman myndað stærra sameiginlegt minni. Þess vegna býr sérhver einstaklingur yfir fleiri en einu minni sem hann getur samsamað sig. Þannig má færa rök fyrir því að sameinginlegt minni heilla þjóðar sé til. Að sögn Kolbeins er mikilvægt fyrir þjóðarvitundina að viðhalda þjóðernistáknum eins og fána, þjóðsöngvum og ættjarðarlögum, en hefðir líkt og þjóðhátíð eru einnig veigamiklar til að efla hana. Skoðun Kolbeins á þjóðarvitund sem nokkurs konar æðri mætti kristallast í samanburði hans á þjóðhátíð sem haldin er árlega 17. júní og Kristnitökuhátíðinni á Þingvöllum árið 1994. Kolbeinn segir að ástæðan fyrir því að miklu færri sóttu Kristnitökuhátíðina heim í samanburði við venjulegar þjóðhátíðir sé sú „að þjóðerni er miklu sterkari trúarbrögð á Íslandi nútímans en kristni.“(Bls.162).

Þjóðfræðingurinn Kristinn Schram (2010) hefur einnig fjallað um þjóðarhugakið. Í nýlegri grein veltir hann fyrir sér hvernig eigi að skilgreina þjóð öðruvísi en sem sérstaka pólitíska einingu, en þá skýringu er hann ekki alls kostar ánægður með. Betri skýring væri að mati Kristins að þjóð sé samfélag sem deilir reynslu og hefðum og tjáir einhvers konar sameiginlega menningu, hann segir jafnframt að það sé mikilvægt að þjóðin deili menningarlegum verðmætum. Kristinn hugar næst að afstöðu þjóðfræðinga til hugtaksins *þjóðlegt*, og spyr sig hvort það sem er þjóðlegt sé bara ein ákveðin menning á tilteknum stað og tíma? Hann telur að það sem við eigum við þegar við tölum um að eitthvað sé þjóðlegt, sé breytilegt á hverjum tíma eins og venjur og hefðir. Kristinn greinir á milli opinna og lokaðra hefða, lokaðar hefðir eru þær sem eru festar í einni mynd og enginn má breyta, sem dæmi nefnir Kristinn íslenska þjóðbúninginn. Opnar hefðir eru hins vegar þær sem þróast og aðlagast breyttum tímum. Af þessu má skilja að þjóðarhugtakið liggur djúpt í sálu Íslendinga en í þeirri menningu sem mætir útlendingi á Íslandi eru annars vegar óbreytanlegir þættir og lokaðar hefðir sem getur verið erfitt að aðlagast og hins vegar opnar hefðir sem hreyfa má við. Þessar fljótandi hefðir ættu að gera útlendingum auðveldara um vik þar sem þeir geta sjálfir haft nokkur áhrif á þær, samanber umræðuna um val einstaklingsins á því hvaða menningarþáttum hann kýs að viðhalda eða aðlagast.

Þjóðernisleg mörk

Fólk sem elst upp á sama menningarsvæði er líklegt til að hafa sömu eða svipuð menningargildi og vera af sama þjóðerni (Peoples og Bailey, 2006:17,356). Þjóðerni er því menningarlega skapað og að mati fræðimannanna er það einkum tvennt sem einkennir eina þjóð frá annarri; saga hennar og þjóðernisleg mörk (*ethnic boundaries*). Saga þjóðarinnar er sú saga sem við kennum börnunum okkar um uppruna og bakgrunn hennar og þau atvik sem hafa skipt máli fyrir land og þjóð gegnum tíðina, en þjóðernisleg mörk eru margþættari fyrirbæri. Einn mikilvægur þáttur þessara marka er tungumálið en trúmál og líkamlegt útlit okkar geta einnig talist til þeirra. Það er skoðun fræðimannanna að klæðaburður og hvernig við búum eða hvað við borðum getur einnig talist til þessara þjóðareinkenna svo og daglegt líferni. Það er vegna slíkra þjóðernislegra marka að þjóðin getur skilgreint sig frá öðrum þjóðum.

Ég hygg að þessir þættir hafi mismunandi vægi hjá þegnum landsins og sumir þar af leiðandi sýnilegri en aðrir en engu að síður mynda atriðin saman ígildi þjóðarinnar og ramma á vissan hátt þjóðina inn. Danir sem Skandínavar og Norðurlandabúar finna líklega ekki fyrir eins mörgum þjóðernislegum mörkum eða landamærum á Íslandi eins og fólk frá Japan eða Chile til að mynda. Margt í daglegu lífi Íslendinga svipar til reynslu Dana og hvað útlit eða klæðaburð varðar skera Danir sig ekki mikið úr, en þeir sem flytja hingað verða vissulega að kynna sér sögu og menningu í framandi málumhverfi og þurfa um leið að endurskoða sjálfsmynd sína. Spurningin um það hvernig maður aðlagast nýrri menningu og hvað felst í því að tilheyra ákveðnum stað er umfjöllunarefni næsta undirkafla en fyrst verður vikið að rannsókn sem Hanna Ragnardóttir gerði.

Í leitinni að heimildum fannst rannsókn Hönnu Ragnarsdóttur (2007: 241–246) um aðstæður tíu innflytjendafjölskyldna á Íslandi. Fjölskyldurnar voru frá tíu mismundi löndum, ein var norsk og það vakti athygli mína. Rannsóknin spannaði þrjú ár og Hanna kom tvisvar til þeirra, fyrst þegar fjölskyldurnar voru nýfluttar og aftur að þremur árum liðnum til að fylgjast með aðlöguninni. Tilgangurinn með rannsókninni var að kanna viðhorf innflytjendanna til félagsþjónustu á Íslandi og hvernig skólakerfið tók á móti börnunum þeirra, í þeim tilgangi var einnig talað við skólafólk sem tengist fjölskyldunni. Fljótlega kom í ljós sérstaða Norðmannanna á hinum ýmsum sviðum, faðirinn var með örugga vinnu til tveggja ára þegar fjölskyldan flutti, hann gat notað háskólamenntun sína í starfi og var með góð laun, börnin tvö voru í leikskóla. Allar hinar fjölskyldurnar voru á lágum launum og foreldrarnir þurftu margir hverjir að vinna á fleiri stöðum til að ná endum saman. Þegar norska móðirin fór að vinna var hennar menntun einnig metin að verðleikum þrátt fyrir að íslenskukunnáttu hennar væri ábótavant að hennar eigin sögn.

Í samanburði við aðrar fjölskyldur virtust börn og fullorðnir í norsku fjölskyldunni glíma við færri vandamál og voru áhyggjulausari á margan hátt þó svo að íslenskan vafðist bæði fyrir börnunum og móðurinni (faðirinn var ekki viðstaddur viðtölin). Móðurinni fannst íslensk menning ekki mjög frábrugðin þeirra eigin og tókst á við einangrunina. Helstu áhyggjur hennar var að börn þeirra virtust eiga erfitt með tungumálið, enda viðurkenndi hún að þau lögðu sig sennilega ekki nógu mikið fram þar sem dvöl þeirra á Íslandi var tímabundin. Í viðtali við leikskólakennara kom fram að börnunum virtist líða vel þrátt fyrir trega til að læra og tala íslensku.

Það má velta þessum „norsku“ niðurstöðum fyrir sér og bera þær saman við reynslu fólks frá öðrum löndum af því að setjast að á Íslandi. Það virðist sem Norðmennirnir hafi fengið menntun sína metna þrátt fyrir að kunna lítið í íslensku. Þegar í ljós kom að menningarheimar Íslendinga og Norðmanna svipar saman var daglegt líf ekki ýkja frábrugðið lífi á heimaslóðum þeirra að þeirra sögn. Það kom ekki fram hvort norsku foreldrarnir sóttu íslenskukennslu eins og flestir útlendingar gera, en hins vegar var sagt að þau lögðu minni áherslu á tvítyngi af því að dvölin var stutt og foreldrarnir björguðu sér á ensku. Niðurstöðurnar virðast því benda til að litið hafi verið á norsku fjölskylduna sem Norðurlandabúa og frændur frekar en ekki– Íslendingar eins og útlendingana frá hinum löndunum. Sökum þess að á milli Íslands og Noregs eru tiltölulega fá þjóðernisleg mörk hafi sérstaða þeirra ef til vill tryggt þeim betri vinnu og hærri laun og gert þeim aðlögunina auðveldari.

2.4 Aðlögun, samþætting og sjálfsmyndin

Algeng skoðun er að aðlögun sé ævilangt ferli sem tekur mið af menningu samfélagsins á hverjum tíma. Stór hluti menningarinnar er falin í tungumálinu, þess vegna er mikilvægur þáttur í aðlögun einstaklings frá öðru landi vilji og geta hans til að kynnast tungumáli móttökulandsins. Fjallað verður næst um tungumálið sem grundvöll menningarinnar og sem slíkt sameiningartákn þjóðar.

Tungumálið sem sameiningartákn

Það er algeng skoðun að tungumálið hefur mótandi áhrif á upplifun og hugsun þess sem talar það (Peoples og Bailey, 2006:54–55; Halldóra Halldórsdóttir, 2009:20–22). Í krafti þessara eiginleika hefur tungumálið áhrif á sýn og gildi einstaklingsins, hóps eða þjóðar. Í ljósi þess settu mannfræðingarnir Sapir og Whorf fram kenninguna um orðaforða sérhvers manns sem nokkurs konar síu sem ræður miklu um skynjun hans og lífssýn. Þessi kenning kallast **Sapir–Whorf kenningin** (*the Sapir–Whorf hypothesis*) en er dregin nokkuð í efa í dag samkvæmt Peoples og Bailey. Að mati þeirra og annarra fræðimanna ber að leggja minni áherslu á mikilvægi tungumálsins sem áhrifavalds á skoðanir og sýn einstaklingsins, og miða einnig við að önnur áhrif

sem hann verður fyrir á lífsleiðinni geti haft áhrif á skynjun hans og upplifun. Samkvæmt kenningunni ætti tungumálið að geta mótað hugsunarhátt heillar þjóðar, ef þetta væri tilfellið gæti hugsun fólks einungis tekið breytingum með þróun tungumálsins sem myndi þýða afar hægfara breytingar. Auk þess benda menn á að með rökum Sapir og Whorf hafa þeir sem tala sama tungumálið orðið fyrir sömu áhrifum og líklega fengið sömu sýn og gildi, en allir vita að margar mismunandi skoðanir birtast oft í stórum hóp eða hjá einni þjóð. Í þriðja lagi eru í dag margir sem tala mörg tungumál og ekkert sem sannar það að þeir skynji reynslu sína öðruvísi með því einu að skipta um tungumál. Engu að síður hafa Peoples og Bailey skoðað hlutverk tungumálsins til sameiningar hóps eða þjóðar og komist að þeirra niðurstöðu að margir þættir í tungumálinu endurspegla sérstöðu, menningu og reynslu þjóðarinnar (bls. 52–53).

Orðaforði í öllum tungumálum myndast í kringum atriði og fyrirbæri sem skipta málsamfélagið máli og þegnar landsins skilgreina sig út frá orðaforðanum auk þess að nota hann til samskipta. Sigurður Nordal (1926, 2006:266) sagði um hið íslenska tungumál að það væri sniðið eftir fábreyttum og frumstæðum lífsháttum Íslendinga. Í málinu eru til að mynda tugir orða um veðurfar og hestaliti sem þjóðinni var nauðsynlegt að kunna skil á, Sigurður tók auk þess dæmi af níu mismunandi orðum yfir skott á dýri en til samburðar er eitt nafnorð yfir hugakið á dönsku, *hale*.

Það var ekki einungis í bændasamfélaginu að nauðsynlegt var að vera vel að sér í veðurtengdum hugtökum, því enn í dag eru Íslendingar duglegir að fylgjast með veðurfari. Þannig skoða margir veðurspána oft á degi hverjum í hinum ýmsum fjölmiðlum, ekki síst heimasíðu Veðurstofunnar sem er heimsótt yfir 200.000 sinnum í viku (Ágúst Ingi Jónsson, 2010). Margir nútíma Íslendingar eru líklega ekki allir með sjósókn eða heyannir í huga lengur heldur hvernig viðrar til útivistar og fjallaferða, en það sýnir að áhugi þjóðarinnar á veðri er enn til staðar. Veðurfarið skiptir Grænlendinga einnig miklu máli og sést það í orðaforða þeirra. Þetta fengu lesendur bókarinnar *Frøken Smillas fornemmelse for sne* eftir danska rithöfundinn Peter Høeg að kynnast, en í henni koma fyrir á annan tug orða yfir snjó og ís. Bókin var gefin út árið 1992.

Aðlögun og samþætting

Með sérstöðu tungumálsins og sameiningarkraft þess fyrir hópinn eða þjóðina í huga er auðvelt að setja sig í spor útlendings sem getur fundið sig utanveltu í hinu nýja samfélagi áður en hann er farinn að skilja tungumál heimamanna og hefur fengið nægan orðaforða til að geta tjáð sig. Unnur Dís Skaptadóttir og Anna Wojtynska (2007:79–93) hafa fjallað um þessi mál í rannsókninni *Líf á tveimur stöðum:Vinna eða heimili* en þær skoðuðu reynslu útlendinga af því að koma til starfa á Íslandi. Þar velta rannsakendur fyrir sér hvað felst í því að vera þátttakandi í samfélaginu eða hvað þarf til að maður fái þá tilfinningu að tilheyra ákveðnum stað. Það er skoðun þeirra að það gerist hægt og sígandi, og að útlendingur sem flytur til landsins muni sífellt finna færri atvik eða fyrirbæri sem koma honum á óvart. Smám saman öðlast hann þá þekkingu sem er nauðsynleg í daglegu lífi og fer að herma eftir heimamönnum, hann tekur meiri þátt í lífi samfélagsins og finnur þannig með tímanum fyrir aukinni menningarlegri samsömun. Á þann hátt má segja að útlendingurinn færist frá því að vera þátttakandi í samfélaginu til þess að tilheyra staðnum, eða frá aðlögun til samlögunar á mismunandi löngum tíma. Það er skoðun Unnar Dísar og Önnu að tilfinningin að tilheyra ákveðnum stað fari eftir þessari færni einstaklingsins í að mynda tengsl. Samkvæmt lýsingum viðmælendanna í rannsókninni höfðu margir myndað tengsl við vinnustaðinn, þorpið eða bæinn en voru ekki jafn vissir um hvort þeir væru orðnir Íslendingar.

Karin Raavig (2008:15–16) hefur skrifað um innflytjendamál í Danmörku, hún byggir skrif sín meðal annars á skýrslu *Dansk flygtningehjælp 2001* eftir Grete Svendsen (2001). Sem ráðgjafi í móttökuferli innflytjenda hefur Raavig rannsakað líðan innflytjenda og flóttafólks og kemst að því að sá sem flytur verður að takast á við margt í einu í framandi menningarsamfélagi. Á sama tíma og einstaklingurinn þarf í mörgum tilfellum að glíma við sorg yfir að tapa vinum eða fjölskyldumeðlimum verður hann að takast á við missi heimamenningar sinnar. Við slíkar aðstæður er innflytjandinn neyddur til að taka sjálfsmynd sína til endurskoðunar og algengt er að fólki skorti frumkvæði og þor. Í mörgum tilfellum er fólkið í vandræðum með að fá menntun sína metna að verðleikum og verður þar af leiðandi að sætta sig við láglaunastörf. Þetta getur skapað eða aukið á minnimáttarkennd og vanlíðan. Þó að þar í landi séu í boði dönskunámskeið há tungumálaörðugleikar flestum innflytjendum og algengt er að þeir mæti fordómum. Við slíkar aðstæður myndast streita og einstaklingurinn getur fundið fyrir vanmætti. Raavig leggur áherslu á mikilvægi þess

að flóttafólk og innflytjendur finni fyrir stuðningi og að þeim verði boðin aðstoð í aðlögunarferlinu.

Tungumálið reynist oft þröskuldur í aðlögunarferli einstaklingsins sem erfitt er að komast yfir en rannsóknir sýna að eftir því sem tungumálahæfni hins aðflutta vex fjölgar atvinnutilboðum og aðgengi að góðum störfum (Rannveig Þórisdóttir og fl.,1997:37). Af þeim útlendingum sem hafa háskólapróf fá fæstir vinnu við hæfi og þurfa oft að taka láglaunastörf vegna skorts á íslenskukunnáttu (Hanna Ragnarsdóttir, 2007:19, 282). Þó að möguleikar séu á tungumálanámi finnst mörgum erfitt að finna tíma til að sinna því sökum þess hvað þeir þurfa að vinna mikið til að ná endum saman. Í sumum tilfellum kjósa þeir að læra ensku í staðinn bæði vegna þess að flestir hafa undirstöðu í því máli en einnig vegna þess að margir útlendingar tala ensku saman áður en þeir læra íslensku. Þeir sem eru enskumælandi finna þá ekki eins fyrir þörfinni á að læra íslensku.

Það er skoðun margra í dag að leggja beri áherslu á að útlendingar viðhaldi félagslegum og menningarlegum tengslum við uppruna sinn eftir komuna til annars lands. Rannveig Þórisdóttir og fl. (1997:10–12) hafa rannsakað þetta og vitna meðal annars í Phinney, Chavira og Williamson (1992) og Sam og Berry (1995) að með því að tilheyra tveim menningarkerfum er talið að einstaklingurinn fái mestan sálrænan styrk. Almennt eru þessir fræðimenn hlynntir samþættingu frekar en samlögun þar sem samlögun gerir ráð fyrir að einstaklingurinn skeri á tengsl sín við upprunalandið og yfirtaka menningu móttökulandsins um leið, á meðan samþætting tekur mið af varðveislu upprunamenningarinnar í aðlögunarferlinu. Líklegt þykir að minni streita fylgi samþættingarleiðinni, því er samlögunarstefnan óæskileg leið til aðlögunar. Sannað þykir enn fremur að einstaklingar sem kjósa að viðhalda félagslegum og menningarlegum tengslum við uppruna sinn fá aukið sjálfsálit. Þeim sem eru með jákvætt sjálfsálit eða sjálfsmat tekst fyrr að semja sig að nýjum venjum og viðhorfum fjölmenningarsamfélagsins.

Margir einstaklingar sem hafa sest að í öðru landi hafa á tilfinningunni að þeir tilheyri báðum stöðum, upprunalandinu og móttökulandinu, og kannast við að menning beggja landa hafi mótað líf þeirra og fjölskyldunnar (Unnur Dís Skaptadóttir og Anna Vojtynska, 2007:91). Segja má að þeir hafi einskonar tvíhliða sýn (*bifocality*) þar sem lífið á nýja staðnum sé ávalt miðað við lífið eins og það var í gamla landinu. Samanburðurinn þarf ekki að miðast við þjóðríkin heldur getur hann náð til bæjarins, veðurfarsins, landslagsins eða menningarinnar.

Tim Olson (1988:92) hefur reynslu af þess konar tvíhliða sýn og fjallar í grein sinni *Bifocality – and the space between* um tilfinninguna af því að vera milli tveggja heima. Hann var sjálfur fæddur og uppalinn á tvímenningarlegu heimili í Hiroshima, Japan, þar sem móðir hans var bandarískur trúboði. Hún hvatti hann með ákveðni til að lesa amerískar bækur og hann fékk hina vestrænu menningu með móðurmjólkinni, sjálfur var hann ánægðastur þegar hann fékk að vera í friði með japönskum vinum sínum. Togstreita ríkti í lífi Olsons þegar hann var barn og unglingur, hann áttaði sig á því síðar að það hafði í raun verið gæfa hans að hafa verið í snertingu við tvo ólíka menningarheima. Með því að alast upp í þessu umhverfi hafði hann vanist því að alltaf eru tvær hliðar á sama máli og að mannlegt eðli er mismunandi á ólíkum stöðum í heiminum. Þetta hafði hjálpað honum sem einstaklingi en einnig í starfi sínu sem ráðgjafi og í dag lítur hann á tvíhliða sýn sem gott veganesti í fjölmenningarlegum samfélögum nútímans. Hann horfir þess vegna á það sem ánægjulega skyldu sína að miðla reynslu sinni til næsta kynslóðar í þeirri von að hún sýni umburðarlyndi og verði fær um að sjá heiminn sem eina heild.

Í bókinni *Sögur íslenskra kvenna 1879–1960* (1984:942–344) minnist Soffía Auður Birgisdóttir á Vestur–íslensku skáldkonuna Guðrúnu Helgu Finnsdóttur. Guðrún Helga fæddist á Austfjörðum árið 1884 en flutti tvítug að aldri með eiginmanni sínum til Winnipeg í Kanada. Sögur hennar gerast allar vestanhafs og lýsa þeim örlögum innflytjandans að hafa þurft að fórna föðurlandi sínu til að öðlast betri lífsgæði í nýjum heimkynnum. Í sögum Guðrúnar Helgu eru kvennasjónarmið ráðandi og efniviðurinn oft togstreita konunnar milli skyldustarfa og langana þar sem sjálfsfórnin er undirliggjandi. Í sögunni *Utangarðs* lætur hún sögupersónuna Unu lýsa skiptri sjálfsvitund sinni og innri baráttu við að eiga tvö föðurlönd: „ ... það var svo mikið af mér eftir heima, að mig hefur alltaf langað til að geta náð sjálfri mér í eina heild, í stað þess að vera tvískipt.“ (bls. 360). Það sem Soffía Auður kallar hér skipt sjálfsvitund sögupersónunnar svipar til þess sem fjallað hefur verið um og nefnd er tvíhliða sýn einstaklings. Soffía Auður telur líklegt að í sögum sínum lýsi Guðrún Helga persónulegri togstreitu sinni við að vera Íslendingur í útlegð, hún saknar heimahaganna en getur ekki snúið heim þar sem hún er búin að festa rætur ytra og börn hennar fædd og uppalin í hinu nýja föðurlandi hennar.

Sjálfsmynd

Ef notuð sé skilgreining Elsu Sigríðar Jónsdóttur (2007:78–93) um hugtakið sjálfsmynd vísar fyrirbærið til „þeirra hugmynda sem einstaklingurinn hefur um sjálfan sig á hvaða aldri sem hann er.“ (Bls. 78). Elsa segir jafnframt að hugtakið sé margþætt og flókið geti verið að útskýra það. Sjálfsmynd einstaklings er breytileg eftir aðstæðum og endurspeglar hugmyndir og vitneskju einstaklingsins um sjálfan sig, hún þróast allt lífið og mótast í samskiptum við annað fólk. Einstaklingur á bæði persónulega og félagslega sjálfsmynd, hin fyrri vísar til persónulegra markmiða og gildismats en hin síðari segir til um gildi og skoðanir hópsins sem hann tilheyrir eða langar að tilheyra. Einnig má tala um etníska sjálfsmynd einstaklings, en hún á sér rætur í upprunamenningu hans. Einstaklingur sem áformar að setjast að á öðru menningarsvæði getur við slíkar aðstæður þurft að endurskoða etnísku sjálfmynd sína og lífsgildi sín. Að mati Elsu fylgir slíku endurmati oft breytt sjálfsmynd og annarskonar sjálfsmat, en sjálfsmatið tengist hugmyndum okkar um hvernig aðrir sjá okkur en einnig hvernig við ráðum við ýmsa hluti eða hvort við treystum okkur til að leysa ný verkefni. Í aðlögunarferli einstaklingsins í nýju landi skiptir þetta endurskoðaða sjálfsmat miklu máli fyrir hvernig til tekst og hvort hann ráði við þau verkefni og þá áskorun sem felst í því að takast á við nýtt líf í nýju landi.

Sterk tengsl eru á milli sjálfsmyndar einstaklings og heimsmyndar hans, en samkvæmt Peoples og Bailey (2006:32–33, 213) má skilgreina heimsmynd einstaklingsins út frá því hvaða afstöðu hann tekur til umheimsins og hvernig hann upplifir samband sitt og eigin tengsl við heiminn í kringum sig. Heimsmynd fólks mótast af því menningarumhverfi sem það lifir í, en aðrir þættir eins og trúmál og náttúruvernd eða hvers virði sagan er fólkinu skiptir einnig máli. Hugmyndir varðandi jafnrétti og jöfnuð eða hvað telst slæmt eða gott hafa enn fremur áhrif á heimsmynd fólks. Umræðan um sjálfs– og heimsmynd einstaklings svipar því á margan hátt til umfjöllunarinnar um menningu í undirkaflanum að ofan, enda eiga þær sér stoð í menningunni og hanga á sömu spýtunni ef svo má að orði komast.

Rannveig Þórsdóttir og fl, (1997,10–11) hafa rannsakað reynslu þjóðernisminnihluta út frá kenningu Tajfels um félagslega sjálfsmynd (*social identity*). Kenningin gengur út á það að einstaklingar eru flokkaðir í hópa eftir ákveðnum einkennum sem hafa merkingu innan samfélagshópsins. Með flokkuninni samsamar fólk sig en aðgreinir sig um leið frá öðrum flokkum með önnur einkenni þannig að félagsleg landamæri myndast, en til þeirra má telja þjóðerni, tungumál,

kynþátt og hörundslit. Það er á grundvelli flokkunar að félagsleg sjálfsmynd einstaklingsins mótast. Hver þjóð getur einnig skilgreint sérstöðu sína til aðgreiningar frá öðrum þjóðum með þess háttar flokkun, við það myndast félagsleg landamæri milli þjóða.

Sjálfs– og heimsmynd einstaklings eru breytilegar eftir aðstæðum þar sem þær eru í stöðugri mótun vegna áhrifa umhverfisins. Ef við skoðum orð Savater (2000:79–83,142,179), höfund bókarinnar *Siðfræði handa Amadór*, um samskipti og siðfræðireglur skiljum við að það er aðeins í samskiptum við aðra að við getum notað það sem Savater kallar *hið góða líf*, það þekkjum við einnig í orðtakinu *enginn er eyland*. Þar sem sjálfmynd einstaklings þroskast við að umgangast aðra þurfum við að vera fær um að setja okkur í spor annarra og skoða hagsmuni okkar út frá hagsmunum þeirra, um leið eykst viðsýni okkar sem gerir okkur kleift að lifa farsælu lífi.

Viðurkenning og áhrif

Viðurkenning

Til þess að lifa hinu góða lífi þarf einstaklingurinn að hafa öðlast góða sjálfsmynd en hann verður líka að finna fyrir viðurkenningu. Fyrir útlending í nýju landi virðist viðurkenningin í mörgum tilfellum koma með aukinni tungumálakunnáttu og tengjast tungumálafærni. Í MA ritgerð Sigurlaugar Hrundar Svavarsdóttur (2000:81–82) *Asískar innflytjendakonur á Íslandi* rannsakaði hún veruleika asískra innflytjendakvenna eftir komu þeirra til Íslands. Það var skoðun viðmælenda að einstaklingar sem leggja á sig að læra íslensku öðlast eins konar viðurkenningu samfélagsins. Viðurkenningin felst í jákvæðara viðmóti gagnvart honum og meiri samskiptum við hann, hún kemur þar af leiðandi smátt og smátt og vex með auknum skilningi einstaklingsins á aðstæðum og getu til að tjá sig á íslensku. Eins og fram hefur komið tekur það fólk mislangan tíma að finnast það tilheyra hinu nýja samfélagi og segja má að ferlið frá því að vera þátttakandi til þess að tilheyra staðnum sé einstaklingsbundið.

Í rannsókn Hönnu Ragnarsdóttur og Hildar Blöndal (2007:171) meðal erlendra námsmanna í Kennaraháskóla Íslands kemur það fram hvernig tungumálakunnátta er notuð til að flokka nemendur, að þeirra sögn. Niðurstöður sýndu að flokkunin fer eftir hversu góðir þeir eru í íslensku. Nemendurnir höfðu orð á því að þeir sem voru góðir í íslensku voru flokkaðir sem góðir nemendur, „Þú ert dugleg“ (bls. 171) væri í raun

það sama og „þú talar svo vel“ (bls. 171) eða að þeir væru góðir í að tjá sig á íslensku. Nemendurnir gagnrýna þetta og vilja láta meta sig að verðleika og fá viðurkenningu á þeirra eigin forsendum en ekki eftir því hvernig kennarinn metur getu eða framfarir þeirra í íslensku.

Í umræðunni um viðurkenningu verður leitað í reynslubanka Tatjana Latinovic (2004). Í erindi á málræktarþingi Íslenskrar málnefndar árið 2004 lét hún í ljós ánægju sína með að búa á Íslandi því hér hafi hún fundið fyrir viðurkenningu. Eftir 10 ára dvöl á Íslandi var hún að eigin sögn búin að ná góðum tökum á íslensku, reyndar svo góðum að sumir héldu að hún væri íslensk, „ ... oftast nær hugsar fólk ekki um mig sem útlending að því að ég tala íslensku“ (án bls.), eins og Latinovic orðar það. Það hefur komið henni á óvart hversu sterk tengsl eru milli tungumálsins og þjóðarvitundar Íslendinga. Til samanburðar nefnir hún að þó svo hún tali einnig ágæta þýsku hefur enginn Þjóðverji spurt hana hvort hún væri Þjóðverji. Hún telur líklega ástæðu vera þá að hér á Íslandi séu fáir útlendingar sem tala íslensku en í Þýskalandi eru miklu fleiri sem tala tungumál heimamanna. Latinovic tengir hér viðurkenninguna sem hún hefur fundið fyrir í íslensku samfélagi við tungumálhæfileika sína og er stolt yfir því að fólk haldi að hún sé Íslendingur.

Gérard Lemarquis (2007:15) hefur skrifað um reynslu sína af því að vera útlendingur á Íslandi. Þegar hann flutti hingað fyrir 30 árum frá Frakklandi voru ekki eins margir einstaklingar af erlendu bergi brotnu búsettir hér og eru í dag. Líkt og Latinovic nefnir hann fæð útlendinganna, það er skoðun hans að sökum þess hversu fáir þeir voru á þeim tíma hafi gildi þeirra sem hér bjuggu á vissan hátt aukist. Lemarquis segist hafa fundið fyrir samskonar verðmætum í upprunalandi sínu og á líklega við að hann getur tekið að sér hlutverk sendiherra beggja þjóðanna. Hann virðist því finna fyrir viðurkenningu í báðum löndunum.

Áhrif innflytjenda á samfélagið

Til þess að ræða um áhrif útlendinga hér á landi verður aftur vikið að erindi Tatjana Latinovic (2004) þar sem hún leitast við að svara spurningu fyrirsagnar erindis síns „Hvaða áhrif hafa innflytjendur á íslenskt mál?“ Í erindinu velur hún að skoða mikilvægi tungumálsins með augum útlendingsins því eins og vikið var að áðan virðist vera viðurkenning falin í því að geta talað og skilið íslensku. Þrátt fyrir að hér á landi búi margir pólskir, filippseyskir og taílenskir borgarar sagðist Latinovic ekki sjá nein merki þess að orð úr orðaforða þeirra hafi ratað í tungumálið. Hins vegar hafi

hún oft heyrt íslensk orð notuð í samræðum á milli útlendinganna þó að samtalið hafi farið fram á þeirra þjóðartungu. En áhrifa gætir á menningarsviðinu að hennar mati vegna þeirra breytinga sem orðið hafa á Íslandi í átt að fjölmenningarlegu samfélagi. Hún hrósar Íslendingum fyrir hversu vænt þeim þykir um tungumál sitt en tekur fram að hún sjái ekki málið sem einhverja stærð sem geti minnkað eða tæmst við notkun, þó svo að það sé stundum talað með hreim eða málvillum. Latinovic finnst að útlendingar sem tala íslensku séu í raun að hjálpa til við að varðveita málið, því eins og hún tók fram þekkti hún engin útlensk orð sem höfðu haft áhrif á íslenskt málfar.

Unnur Dís Skaptadóttir (2004a:590–591) gerir áhrif innflytjenda á hið íslenska samfélag að umtalsefni í greininni *Fjölmenning á ferð og flugi*. Hún staðhæfir að íslensk menning hafi alltaf mótast í samspil við hugmyndir utan úr heimi og er þjóðernishyggjan skýrasta dæmi að hennar mati, en áður hefur verið fjallað um þjóðernishyggju í ritgerðinni í kafla 2.2 í sambandi við hreintungustefnuna og í kafla 2.3. Þjóðríkin eru síbreytileg meðal annars vegna áhrifa innflytjenda á samfélagið á hverjum tíma, til dæmis í tónlist, trúarhugmyndum og bókmenntum. Unnur Dís segir að þess vegna séu þjóðmenningar margþættar og menningarböggullinn sem fólkið hefur með sér að heiman sé ekki einfaldur. Ég tek undir með Unni Dís að í fjölmenningarsamfélagi nútímans sé mikilvægt að auðvelda fólki sem flyst milli menningarheima að setjast að og fá not fyrir þekkingu og reynslu þess. Til þess þurfa samfélög að viðurkenna að fólksflutningar milli landa séu staðreyndir, þeir hafa alltaf farið fram og munu líklega halda áfram að fara fram um ókomin ár eins og Unnur Dís bendir á.

2.5 Fordómar

Orðið *fordómur* (e. *prejudice*) er mjög gegnsætt orð, samsett af forskeytinu *for* og nafnorðinu *dómur* og oftast notuð í fleirtölu. Í íslenskri orðabók (2002a) er fordómur skilgreint sem „ógrundaður dómur eða skoðun“ (bls.365). Þar af leiðir að það að hafa fordóma gagnvart einhverju eða einhverjum er ef viðkomandi dæmir eitthvað eða einhvern fyrirfram án þess að ígrundun um málið eða fyrirbærið hafi farið fram. Öll þekkjum við líklega til fordóma í birtingamynd aðskilnaðarstefnunnar í Suður–Afríku

og gyðingahatursins í aðdragandi seinni heimsstyrjaldarinnar, og flestir myndu sennilega svara því neitandi að þeir væru sjálfir haldnir fordómum gagnvart mönnum eða málefnum. Fordómar birtast hins vegar víða í daglegu lífi okkar. Samkvæmt presti innflytjenda Toshiki Toma (2007:57–63) fela fordómar í sér gildismat einstaklingsins á grundvelli þeirra gilda eða áherslna sem hann hefur átt að venjast eða haft að leiðarljósi. Við metum þar af leiðandi atvik, fyrirbæri eða fólk út frá gildismati okkar. Að mati Toma er mikilvægt að komast hjá því að skapa fordóma í eigin huga og forðast að breiða þá út. Hann talar um fordóma sem vanþekkingu eða jafnvel misskilning sem mikilvægt sé að leiðrétta, annars geti þeir breiðst út eins og eldur í sinu og náð yfirtökum og valdið skemmdum. Sá sem vill verjast áhrifum eldsins þarf að huga að forvörnum, að gæta að kveikja ekki neistann og hafa slökkvitæki tilbúið. Við þurfum öll einnig stöðugt að huga að forvörnum gegn fordómum í formi fræðslu til að forðast slæm áhrif stöðnunar.

Þessi sjónarmið eru einnig ríkjandi í umfjöllun um fordóma í bók Péturs Eiríkssonar (2008:112–115) „Þýska landnámið“. Þar kemur fram að Þjóðverjarnir sem komu til Íslands til að leysa vinnuþörf landbúnaðarins á fimmta áratug tuttugustu aldar fundu vissulega fyrir fordómum af hálfu Íslendinga. Á þeim tíma var fátítt að útlendingar settust að í sveitum landsins og var mörgum enn í fersku minni hlutverk Þýskalands í stríðinu. Þýsku landnemarnir ákváðu að líta frekar á viðhorfin sem vanþekkingu Íslendinga eða misskilning. Í upprifjun viðmælenda af málunum er það þeirra skoðun að í flestum tilfellum hafi þeim tekist að lagfæra misskilninginn og stoppa í göt vanþekkingar heimamanna.

Eins og fram hefur komið geta fordómar myndast í hugum fólks á grunni gildismats einstaklinganna en þá má einnig rekja til staðalímynda. Staðalímyndir eru skilgreindar í Íslenskri orðabók (2002b:1445) sem „hugmynd[ir] sem algengt er[u] að gera sér innan tiltekins hóps um annan hóp, ríki o.s.fr. ... (e. *stereotype*)“. Alhæfingar og staðalmyndir eru að mati margra undanfari fordóma og hafa gefið tilefni til rannsókna. Í niðurstöðum rannsóknar Rannveigar Þórisdóttur og fl. (1997:49 –51) meðal innflytjenda á Íslandi árið 1997 kemur fram að einstaklingar sem rannsóknin náði til höfðu fundið fyrir fordómum sem byggðust á staðalímyndum. Útlendingarnir virtust vera metnir út frá stöðu þeirra sem útlendingar og trúverðugleiki þeirra dregin í efa af þeim sökum, í sumum tilfellum byggðust fordómarnir einnig á mismunandi góðri íslenskukunnáttu þeirra. Neikvæð ímynd sem Íslendingar höfðu um asískar konur birtust í vanvirðingu þeirra í garð asísku kvennanna og var þetta oft tilfellið á

skemmtistöðum. Fram kemur enn fremur í rannsókninni að neikvæðri framkomu sé ekki beitt gagnvart ákveðnum þjóðernum í hinu íslensku fjölmenningarþjóðfélagi heldur virðast staðalímyndir ná til allra íbúa af erlendum uppruna. Í þessu sambandi virtist því nægja að vera ekki íslenskur.

Toma (2007:59–60) segir að allir eigi að vera á varðbergi gagnvart alhæfingum, því þær geta gefið okkur ranghugmyndir. Hann nefnir dæmi sem við öll þekkjum um að ljóshærðar konur séu heimskar, annað dæmi gæti verið að halda því fram að allir Hafnfirðingar séu heimskir. Oft eiga ýmis þjóðarbrot það einnig til að fá ákveðinn stimpil á sig, Sígaunar eru sagðir vera þjófóttir, Írar drykkfelldir og Finnar þunglyndir. Þetta eru allt dæmi um staðalímyndir á grundvelli fordóma sem eru yfirfærðar á hóp eða þjóð og gefa fólki rangar hugmyndir. Alhæfingar eða staðalmyndir geta þannig orðið gróðrarstía fyrir fordóma sem við eigum að forðast að mati prests innflytjenda.

Í rannsókn Hönnu Ragnarsdóttur og Hildar Blöndal (2007:171–173) meðal erlendra nemenda við Kennaraháskóla Íslands sem áður hefur verið minnst á kemur fram að ákveðin virðing virðist fylgja þeim nemendum sem eru góðir í að skilja íslensku, en á sama tíma birtist neikvætt viðmót kennara gagnvart þeim sem ekki kunna íslensku nógu vel. Nemendunum fannst þeir litnir misjöfnum augum eftir því frá hvaða menningarsvæðum þeir komu. Til útskýringar gaf einn viðmælenda upp mælikvarða eftir uppruna og tók dæmi af Svía, Taílendingi og Spánverja. Sá sem skoraði hæst „útlendu–stig“, eða 200%, var nemandinn frá Taílandi, næsthæstur með 150% var Spánverjinn en lægstur var Svíinn með 50%. Af dæminu má álykta að staða erlendu nemendanna við skólann sé afar ólík. Norrænu nemendurnir virðast hafa sérstöðu, þar sem ekki var litið á þá sem útlendinga í sama mæli og nemendur frá fjarlægari menningarsvæðum.

Upplifun Frakkans Gérard Lemarquis (2007:15) af því að vera útlendingur á Íslandi til margra ára styður niðurstöður rannsóknar Hönnu og Hildar. Hann lýsir reynslu sinni á þann hátt að útlendingar virðast vera flokkaðir eftir fjarlægð heimalands þeirra frá Íslandi. Oft og tíðum hafi honum fundist eins og Frakkland væri á ystu mörkum siðmenningar í augum Íslendinga. Miðað við vangaveltur Lemarquis eru Íslendingar því líklegir til að horfa á Norðurlöndin sem nálæg lönd þar sem frændþjóð býr eins og einnig kom fram í rannsókn Hönnu og Hildar.

2.6 Horft um öxl

Skyggnst inn í líf frú Gythu Thorlacius (1782–1861)

Árið 1930 voru gefnar út í Danmörku endurminningar frú Gythu Thorlacius, danskrar konu, sem árið 1801 flutti til Íslands tvítug að aldri með eiginmanni sínum, Þórði Thorlacius. Þórður hafði þetta ár verið skipaður sýslumaður í Suður–Múlasýslu og dvöldu hjónin fimmtán ár á Íslandi, þar af þrjú ár í Árnessýslu. Nokkrum árum eftir heimkomuna til Danmerkur fór Gytha að skrifa minningar sínar um árin á Íslandi. Því miður brunnu glósur hennar og það var ekki fyrr en aldarfjórðungi seinna að Gyhta fyrir tilstilli tengdasonar síns Viktors Bloch hóf að skrásetja minningarbrotin um Íslandsdvöl sína. „Fru Th.s Erindringer fra Iisland“ voru fyrst gefnar út í Ringkøbing í Danmörku árið 1845 og endurprentaðar 85 árum síðar 1930 í ritstjórn Haralds Prytz af bókaútgáfu Levin & Munksgård. Sigurjón Jónsson, læknir, þýddi bókina árið 1945 og var hún gefin út hjá Ísafoldarprentsmiðju með heitinu „Endurminningar frú Gýðu Thorlacius frá dvöl hennar á Íslandi 1801–1815“. Í umfjöllun minni um líf Gythu Thorlacius er stuðst við íslensku útgáfuna ásamt þeirri dönsku eftir Prytz frá 1930. Ég mun nota danskt nafn frúarinnar, Gythe, í frásögn minni með íslenskri fallbeygingu.

Í inngangsorðum bókarinnar varar Prytz lesendur við að vænta sögulegrar fræðslu og lýsingar um náttúruvísindalegan fróðleik. Hins vegar getur bókin boðið áhugasömum að slást í för með dönskum hjónum til Íslands til að kynnast landi og þjóð, fræðast um heimilislíf þeirra og taka þátt í daglegum störfum á sveitarheimili með þeim skinum og skúrum sem lífið býður upp á. Auk þess að vera samtímalýsing gefur bókin okkur lesendum í dag tækifæri til að sjá Ísland með augum dönsku frúarinnar eins og hún upplifði landið, þjóðina og íslenskar aðstæður fyrir tvö hundruð árum.

Gytha Howitz fæddist árið 1782 á Amager í Danmörku, dóttir Bertu og Matthias Steffensen Howitz. Faðir hennar var gestgjafi en hafði áður siglt með verslunarvörur til og frá Kína. Gytha kynnist mannsefni sínu tvítug að aldri en Þórður var þá ungur lögfræðinemi í Kaupmannahöfn. Hann var af hálfíslenskum ættum og það var ósk föður hans, Skúla Thorlacius, að hann sótti um sýslumannsembættið á Íslandi. Gytha vissi lítið um Ísland fyrirfram en hafði heyrt fallegar lýsingar tengdaföður síns um stórfenglega náttúru og gæði landsins. Hún hafði reynt að gera

sér í hugarlund hvernig líf þeirra á landinu í norðri myndi vera og hafði í vikunum fyrir brottför, með aðstoð móður sinnar, pakkað niður því sem hún taldi nauðsynlegt að hafa með sér. Stuttu eftir brúðkaupið kvaddi Gytha heimalandið og fjölskylduna sína og fór með tilhlökkun og óþolinmæði ungs nýgifts konu frá Danmörku í maí árið 1801 á vit ævintýranna.

Á leið til Íslands

Siglingin sóttist seint þar sem sjóorrustan milli danska flotans og bresks flota á Eyrarsundi var ný hafin og oft þurftu þau að bíða eftir tilskildum leyfum og borga háa tolla. Að sögn Gythu var skipstjórinn ruddalegur harðstjóri og þar sem öll áhöfnin var íslensk voru þetta fyrstu kynni Gythu af hinu íslenska tungumáli. Eftir fjórtán daga siglingu brá Gythu þegar henni heyrist skipstjórinn kalla „brand“ (Thorlacius, 1945:14) en fljótlega kom í ljós að það sem skipstjórinn hafði sagt var „land“ (bls.14), því nú voru þau komin í mynni Reyðarfjarðar sem var áfangastaðurinn. Þessi misskilningur var ef til vill forspá um tungumálaörðuleikana sem í vændum voru á næstu árum.

Gytha lýsir með hrifningu útsýninu frá skipinu þegar hún ber Ísland augum í fyrsta sinn; snævi þakin fjöll, iðgræn graslendi, freyðandi fossar og djúp klettagljúfur. Hún var lengi að koma auga á bæina sem reynt var að benda henni á, því að hennar mati líktust þeir helst grænum smáhólum í landslaginu og Reyðarfjarðarkirkja var minnsta kirkja sem hún hafði séð, í fyrstu hélt hún að kirkjuturninn væri reykháfur. Þau fengu góðar móttökur í landi þar sem þeim var boðin gisting í húsi verslunarstjórans. Í lýsingu Gythu kemur það fram að húsið er hrörlegt með ómálaða veggi og ekkert rúðugler í gluggum, en í staðinn var notaður pappír. Hins vegar voru innanstokksmunir í góðu ásigkomulagi og allt var snyrtilegt. Söguritarinn Prytz reynir að gera sér í hugarlund hvernig sýslumannsfrúin hafi upplifað fyrstu kynni sín af landi og þjóð, en Þórður hafði áður heimsótt landið. Fyrir dönsku frúna sem að sögn skrásetjara hefði lifað í alsnægtum hefur það líklega verið nokkurs konar áfall að sjá hvernig Íslendingarnir bjuggu og henni sennilega fundist flest frumstætt og fátæklegt.

Daginn eftir var förinni heitið til Eskifjarðar þar sem hjónin höfðu fest kaup á jörð. Gythu var sýndur húsakostur og lýsir eldhúsinu, sem var staðsett í sérstöku húsi samhliða íbúðarhúsinu, svona: „Eldstæðið er hola í moldargólfinu. Þar er potturinn látinn yfir og í kring eru torfbekkir; þar getur fólk setið og skrafað við eldabuskuna“

(Thorlacius, 1945:16). Gythu sem kom frá höfuðborg Íslands hefur líklega þótt þetta framandi og átt erfitt með að ímynda sér hvernig eldhústörfin færu fram.

Daglegt líf

Í ljós kom fljótlega að Gytha var ráðagóð kona og tilbúin að takast á við hið nýja líf. Hún sá möguleikana sem jörðin bauð upp á og var strax komin með hugmyndir um að rækta kál og grænmeti, en slíkt var nánast óþekkt á Íslandi á þeim tíma. Hún hlýtur að hafa haft fræ með sér frá Danmörku því næsta ár gat Gytha státað sig af að hafa til sýnis rófur, kerfil, spínat og fleira „ ... og allt spratt eftir vonum og veitti okkur mikla ánægju," (Thorlacius, 1945:17). Íslendingarnir voru ekki jafn hrifnir, því hefð var fyrir því að rækta þurfti allt tún fyrir gras handa skepnunum. Í virðingarleysi rak einn bóndinn féð sitt yfir þessa „gras–óveru" (bls. 17), en það kallaði hann kálplönturnar, og skemmdi þar með ræktunina. Sýslumaðurinn sá ástæðu til að ákæra bóndann en það átti eftir að draga dilk á eftir sér. Í mörg ár á eftir fann Gytha fyrir neikvæðni í þeirra garð og að þeim var ekki fyrirgefið, það var ekki fyrr en hún hafði boðið nágrönnunum fræ til ræktunar að þeir gátu tekið hana í sátt og farið að meta framtak hennar. Með árunum sá Gytha betur og betur hvernig drýgja mætti matinn með grænmeti en hann var oft af skornum skammti.

Dugnaður og þor einkennir fyrstu ár Gythu á Íslandi, því það þarf kjark til að bregðast við og takast á við aðstæður gjörólíkar þeim sem maður á að venjast. Eitt sinn fara hjónin ríðandi til veislu í lok september en á heimleiðinni gerir leiðinda veður. Það er ekki að sjá á lýsingunum að Gytha hafi kvartað yfir kulda og erfiði þegar farið var yfir fjallgarða og ár þótt ófrísk væri af fyrsta barni þeirra. Hún lýsir hins vegar góðvild fólksins sem þau mættu á leiðinni, aðstoðinni sem þau fengu og hvernig þeim var boðin gisting hjá ókunnri bændafjölskyldu.

Gytha hafði ávallt verið heilsuhraust en á þessum tímapunkti í lífi hennar byrjar ótti að gera vart við sig. Hún fer að óttast um manninn sinn þegar hann er í erindagjörðum og um að fólkið á jörðinni þeirra og þau sjálf muni líða matarskort. Hún segist sjálf ekki ráða við þennan ótta en fann að með því að vinna gat hún helst tekist á við hann. Sýslumannshjónin ákváðu að færa sig um set yfir háveturinn og leigðu hús í Eskifjarðarkauptúni aðeins 1 km frá bústaðnum þeirra. Þetta hús var lítið en vistlegt og í því var „ et ordentligt kjøkken" (ísl: almennilegt eldhús) (Thorlacius, 1930:12). Gytha lyftist upp þegar óvæntir danskir gestir, kaupmenn frá Eyjafirði, bar að garði og var það í fyrsta sinn eftir komuna til Íslands að hún tók á móti löndum

sínum. Gestirnir urðu innlyksa vegna veðurs og húsmóðirin þurfti að finna ráð til að ná í vistir því maturinn var að klárast. Ákveðið var að farið yrði í leiðangur til sveitar þeirra til að ná í kú sem stóð til að slátra. Gytha lýsir fjarlægðinni með því að nota viðmið frá heimaborginni og skrifar: „Þótt leiðin væri ekki lengri en frá hallarhliði Kristjánsborgar til Kauphallarinnar í Kaupmannahöfn tók það 3 röska karlmenn fulla klukkustund að komast þangað“ (Thorlacius, 1945:24). Þessi samlíking kann að virðast óhæf eða fjarlæg en er skiljanleg í ljósi þess að Gytha er að lýsa aðstæðum fyrir dönskum lesendum. Í minningunni metur hún það svo að kýrin hafi líklega bjargað þeim frá því að svelta en þegar búið var að borða helming hennar lagaðist veðrið og gestirnir fóru aftur heim. Af þess má sjá að Gytha var ráðagóð og nægjusöm þótt veikburða væri og að hún var fær um að taka afgerandi ákvarðarnir þegar mikið lá við.

Um veturinn var komið að því að Gytha yrði léttari. Vonlaust var að ná í lækni og erfiðlega gekk að finna konu sem kunni til verka. Gamla konan sem náð var í talaði einungis mál heimamanna og þar sem Gytha var ekki orðin góð í íslensku vissi hún ekki hvort hún hafði átt strák eða stelpa þegar barnið fæddist, því konan kallaði það *pilt.* Hún fann þó fljótlega út úr því og voru hjónin hæst ánægð með litla drenginn.

Árin liðu

Sumar fylgdi vetri og frúin tók aftur til við að sá og rækta garðinn sinn, á hverju ári var tekið æ stærra land undir ræktunina en það varð henni kappsmál að nýta landspilduna og auka uppskeruna eins og unnt væri. Garðræktaráhugi hennar var umtalaður og Landbúnaðarfélagið danska sæmdi hana verðlaunapeningi úr silfri, en gull fylgdi í kjölfarið nokkrum árum síðar. Hjónunum fæddist annar sonur en Gytha var heilsulítil, var komin með slæman hósta og óttinn farinn að gera vart við sig aftur. Til að hressa hana við var ákveðið að fjölskyldan færi til Kaupmannahafnar með haustskipinu í október.

Fjölskyldan eyddi vetrinum í heimaborg hjónanna og Gytha dásamar dvölina í sin „elskede fødeby, mit elskede Kjøbenhavn“ (ísl: sinni dásamlegu heimaborg) (Thorlacius, 1930:24). Þegar heim til Íslands var komið næsta sumar breyttust aðstæður hjá þeim til batnaðar, því fyrir tilstilli fjölskyldu hjónanna gátu þau flutt í nýtt norskt timburhús á jörð sem Þórður hafði keypt. Bærinn fékk nafnið Gythuborg og fyrsta stóra verkefni frúarinnar var að koma upp kálgarði. Ferðin til

Kaupmannahafnar hafði verið kostnaðarsöm og Gytha sá fram á að þurfa að spara í heimilisrekstri. Áhugavert er að lesa hvernig hún ásetur sér að gefa manninum sínum danskan mat en hún og börnin borða eingöngu íslenskan mat.

Gytha reynir næstu árin að vinna Íslendinga frekar á sitt band hvað varðar ræktun grænmetis. Hún fræðir Íslendinga um hollustuna sem er í kálinu og gefur þeim fræ til ræktunar. Þrátt fyrir næg verkefni á Gytha erfitt með að vinna bug á ótta sínum, hún finnur fyrir angist þegar maður hennar er á ferðalagi og hefur stöðugar áhyggjur af heilsu barna sinna. Þegar yngra barnið hennar dó varð hún miður sín af sorg og þegar hún fær fréttir af andláti föður síns var hún óhuggandi. Þriðji sonur þeirra fæddist en þetta sumar tóku hjónin enn fremur að sér son nýlátins vinar síns en ári seinna kom fjórði drengurinn. Til viðbótar áhyggjum frúarinnar vegna fjölgunar í fjölskyldunni bættist við ótti hennar vegna skorts á vistum frá Danmörku, því sökum stríðs Dana og Englendinga var ferðum til Íslands fækkað og tvö ár liðu nú milli siglinga. Þar sem fátt fékkst til kaups lagði Gytha sig fram við að nota afurðir landsins og hjónin ákváðu í sparnaðarskyni að flytja í gamla bæinn sinn þar sem hann var hlýrri en timburhúsið og þurfti minni kyndingu. Í frásögninni kemur vel fram hvernig húsmóðirin varð að nota krafta sína og hugmyndaflug til að metta fjölskylduna og fólkið á bænum, því Gytha nefnir hvalreka sem himnasendingu og dásamar meðal annars mysudrykk og fjallagras sem hún tínir með börnunum. Um sumarið eignaðist Gytha dóttur, en veikist í kjölfarið bæði líkamlega en einnig á geðinu, eins og hún segir sjálf. Það er skoðun söguritarans að við veikindin bættist sár skortur á flestum nauðsynjum sem hún var vön en einnig umhyggja fyrir manni sínum. Ástandið var orðið þannig að hún sá sig knúna til að láta stelpuna frá sér í umsjá góðs fólks en hjónin gátu sótt hana aftur næsta vor þegar Gythu leið betur.

Inn í söguna fléttist tilraun Jørgen Jørgensens til að ná völdum á Íslandi árið 1809 þar sem sýslumanninum voru gefnir tveir valkostir annað hvort að ganga til liðs við Jørgen eða fara í útlegð til Vestmannaeyja. Hjónin undirbjuggu brottför Þórðar því hann ætlaði að halda trúnaði við konung sinn, þau voru einnig búin að gera ráðstafanir um að koma börnunum í vist ef hætta skyldi steðja að. En betur fór en á horfðist því Jørgensen hrökklaðist frá völdum og hélt af landi brott sama ár.

Á tímamótum

Nú leið tíminn, hjónin eignuðust aðra dóttur, hafísinn kom og fór og beðið var eftir kaupskipunum vor og haust sem báru þeim fréttir og vistir frá heimalandinu. Hjá

Gythu tóku bústörf og barnauppeldi allan hennar tíma, henni fannst lasleikinn og óttinn hafa ágerst með hverju barni og þröngt var í búi. Hjónin höfðu nú búið á Reyðarfirði í ellefu ár og voru að búa sig undir að fara frá landinu. Söguritarinn telur sýslumanninn og frú Gythu „ ... orðin leið á landinu, vegna allra þeirra báginda og þrauta, sem þau höfðu átt við að stríða ...“ (Thorlacius, 1945:87). Fjölskyldan kvaddi Reyðarfjörð og tók stefnuna til Kaupmannahafnar þar sem hún dvaldi hjá tengdafjölskyldu Gythu um veturinn. Skúli, tengdafaðir Gythu, hafði gefið sonarsyni, og nafna sem þá var sjö ára gamall, „ ... jarðagóss forfeðra sinna [Teigur í Fljótshlíð] með því skilyrði, að drengurinn væri alinn upp og gengi í skóla hjá Steingrími biskupi Jónssyni syðra“ (Thorlacius, 1945:89). Í Kaupmannahöfn ól Gytha dóttur og undirbjó sig undir að fara aftur til Íslands og í þetta sinn að skilja Skúla litla eftir hjá biskupsfjölskyldunni. Ákveðið var einnig að lengja Íslandsdvölina um tvö ár með því að Þórður skyldi taka við sýslumannsembættinu í Árnessýslu. Gytha lýsir vel hversu erfitt það var fyrir hana að standa við þessa ákvörðun tengdaföður síns og sonur hennar átti einnig erfitt með að skilja ráðstöfunina. Í erfiðri sjóferð til Íslands dó litla stelpan og Skúli fór með öðru skipi áleiðis til Reykjavíkur en skip Gythu stefndi á Reyðarfjörð. Hún var fegin að sjá strendur Íslands aftur og átti nú von um að sjá aftur tvö börn þeirra sem höfðu verið í pössun hjá góðu fólki á Eskifirði. Sýslumaðurinn fór landleiðina suður til að taka á móti Skúla og ákveðið var að Gytha og börn hennar skyldu fylgja honum næsta vor.

Þessi vetur var erfiður hjá frú Gythu. Hún varð sér úti um mat og nauðsynjar með því að sauma kjóla og hatta eftir tískunni sem hún hafði séð í Kaupmannahöfn og hafði í skiptum fyrir mat. Hún prjónaði einnig flíkur með nýstárlegum aðferðum, hinu svokallaða enska prjóni eða klukkuprjóni, og líklegt er að Gytha hafi verið fyrst kvenna að prjóna og kenna þessi prjónaaðferð hér á landi. Hún sá einnig að með því að þæfa flíkurnar fékkst hlýtt efni sem líktist ullarefni en var ódýrara. Með ríkulegu hugmyndaflugi og útsjónarsemi gat hún litað bandið með íslenskum aðferðum sem fólkið á staðnum kenndi henni. Hún bjó til ábreiður, gólfmottur og efni í yfirhafnir, seldi það og sá þannig fyrir fjölskyldunni.

Síðasta ferðin

Í ágúst mánuði árið 1814 lagði fjölskyldan upp frá Eskifirði í síðasta sinn og fór ríðandi landleiðina suður, áfangastaðurinn var Eyrarbakki. Farið var 600 km yfir ár, fjöll og hraunbreiður og Gytha þótti mjög hugrök kona. Þegar dóttir þeirra féll af

hestbaki kom í ljós að stelpan var lærleggsbrotin. Gytha lýsir því hvernig henni tókst að aðstoða við að setja brotið saman og vefja það með hertu sauðskinni utan um spelkuna, en henni fannst að hún yrði að sýna styrk. Þegar lestin kom til Akureyrar var eftir ráðleggingum læknis tekin erfið ákvörðun um að láta stelpuna í umsjón góðrar fjölskyldu á meðan hinir héldu áfram yfir Kjöl.

Síðasta ár hjónanna á Íslandi var að mati Gythu mjög erfitt. Hún saknaði barnsins sem dvaldi á Akureyri og fannst landslagið í nánd við Eyrarbakka bert og flatt og ekki eins vinalegt og dalirnir fyrir austan, en veturinn var mildur og mikill gestagangur létti skap hennar. Hún átti einnig þess kost að fara til Reykjavíkur í fyrsta sinn, þar sem Þórður var skipaður setudómari í máli. Gythu fannst mikið til koma að fara í leikhús og sjá málfræðinginn Rasmus Rask leika í einu hlutverki, en hann dvaldi við rannsóknarstörf á Íslandi 1813–15. Í október mánuði var siglt úr höfn og stefnan tekin á Danmörk, þau þurftu að skilja tvö börn sín eftir á Íslandi, dótturina á Akureyri og Skúla sem var orðinn óðalsbóndi á Teigi.

Að tveimur árum liðnum kom dóttirin til Kaupmannahafnar en Skúli varð eftir á Íslandi. Gytha Thorlacius lést árið 1861.

Hugleiðingar

Við lestur frásagnarinnar um líf frú Gythu Thorlacius og fjölskyldu hennar kemur margt upp í huga manns; hversu erfitt líf fólksins var á þeim tíma og eljusemin og dugnaðurinn sem einkennir athafnir þess. Greinileg skil eru á milli starfa karlmanna og kvenmannsstarfa og stéttarmunurinn er mjög sýnilegur. Sem eiginkona sýslumanns tilheyrði Gytha embættismannastétt og litið var sum part upp til hennar. Fyrstu árin þeirra á Eskifirði einkenndust af jákvæðni, krafti og aðlögunarhæfni og Gytha sýndi hvað í henni bjó og að hún var starfi sínu vaxin sem sýslumannsfrú. Það er ljóst að henni fannst að hún yrði að standa sig barnanna og Þórðar vegna, en einnig í krafti stöðu sinnar.

Það kemur fram í endurminningunum að kunningjar og vinir voru oftast danskir skipstjórar, námsmenn, kaupmenn eða embættismenn en engu að síðu virðist Gytha umgangast Íslendinga sem jafningja og hælir vinnusemi og vináttu hjúanna. Á þeim tíma þótti sjálfsagt að talað var við sýslumannshjónin á dönsku en engu að síður lagði Gytha sig fram við að læra mál heimamanna.

Á erfiðum vetrum tókst Gythu með myndarskap að láta matinn nægja og fann leiðir til að drýgja hann og bæta, hún hugsaði ávallt fyrst um mann sinn og börn og

neitaði sér sjálf um mat til að gefa þeim. Gytha lagði upp í erfiðar ferðir til að þóknast manni sínum og til að gera það sem var börnunum fyrir bestu. Hún lýsir sjálf hvernig sjóferðirnar til og frá Íslandi voru henni erfiðar og hvernig hún óttaðist um líf barnanna og manns síns í þessum ferðum. Í hættulegum siglingum kom það oft fyrir að Gytha varð viðskila við börn sín og var það henni mikið áhyggjuefni, henni leið best þegar allir gátu notið sín saman.

Greinilegt er að frú Gytha hefur markað spor og haft áhrif á umhverfi sitt. Hún var ötull talsmaður ræktunar grænmetis á Íslandi og fræddi fólk um hollustu þess. Gytha sýndi einnig í verki að kál og grænmeti getur vaxið og dafnað mjög vel á Íslandi og hlaut verðlaun Danska ræktunarfélagsins fyrir. Þegar lífið lá við og hún þurfti að sjá fyrir fjölskyldunni í fjarvist manns síns notaði hún heimasaumaðar flíkur og nýstárlegt þæft prjónaefni og litaði með aðferðum sem heimamenn kenndu henni, flíkurnar hafði hún í skiptum fyrir mat. Gytha dó þannig ekki ráðalaus þrátt fyrir að hafa átt við veikindi að stríða.

Endurminningar frú Gythu er áhugaverð bók og greinilegt er að Haraldur Prytz hefur metið tengdamóður sína mikils og dáðst að því hvernig hún tókst á við lífið á Íslandi. Honum tekst vel að lýsa aðstæðum og hvernig var umhorfs á Íslandi um og upp úr aldamótunum 1800 en í frásögninni vantar víða hugleiðingar Gythu sjálfrar við aðstæðum í lífi hennar. Í raun tel ég að tilvera frú Gythu hafi verið ennþá erfiðari en skrásetjari bókarinnar getur sér til um og aðstæðurnar á þann veg að erfitt er fyrir okkur í dag að gera í hugarlund.

3. Aðferðafræði rannsóknarinnar

Í þessum kafla verða færð rök fyrir vali á rannsóknaraðferðum og þeim lýst. Gerð verður grein fyrir úrtaksgerð og –stærð, hvernig úrtak var valið og það skilgreint. Ferli rannsóknarinnar verður rekið og komið verður inn á staðsetningu rannsakandans. Rætt verður um hugsanlegar takmarkanir á rannsókninni og í lok kaflans leiði ég hugann að siðferðilegum atriðum og geri grein fyrir leyfisöflun.

***

3.1 Val á rannsóknaraðferð

Rannsókn þessi er athugun á menningu, tungumáli og lífsreynslu og fellur sem slík undir félagsvísindalegar rannsóknir (Björn Bergsson, 2002:17). Kanna átti að hvaða leyti búferlaflutningur á milli menningarheima getur haft áhrif á líf einstaklings. Til þess var skyggnst inn í líf kvenna með reynslu af því að flytja frá heimalandi sínu. Rannsakað var lífsviðhorf og aðstæður kvenna af dönskum uppruna sem giftust íslenskum karlmönnum og stofnuðu heimili á Íslandi. Rannsóknin var eigindleg, en slíkar aðferðir henta vel að sögn Sigurlínar Davíðsdóttur (2003:227) þegar kanna á atburði í tímaröð eða samfellt ferli. Þessi rannsókn er dæmi um slíkt þar sem reynsla og aðlögunarferli kvenna sem fæddust í Danmörku en fluttust til Íslands á fullorðinsaldri var undir smásjánni. Að mati Sigurlínar eiga eigindlegar rannsóknaraðferðir enn fremur við ef þýðið er of fámennt til að raunhæft sé að nota megindlegar aðferðir. Vitað var að þessi hópur kvenna er minnihlutahópur á Íslandi. Samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands búa núna 24 konur með danskt ríkisfang á Eyjafjarðarsvæðinu eins og fram kom í kafla 2.1.

Í rannsókn þar sem kanna á upplifun fólks af ákveðnu fyrirbæri eða lífsreynslu er erfitt fyrir rannsakanda að geta sér til um niðurstöðurnar og vera búinn að skrifa

ítarlega um fræðina fyrirfram (Sigurlína Davíðsdóttir, 2003:223–226). Fræðimönnum ber saman um að rannsakandi forðist að móta sér skoðun að óreyndu eða að þróa kenningar áður en rannsóknargögn liggja fyrir. Rannsakandi leitast við að setja niðurstöður sínar fram í samhengi við önnur fræði um svipað efni og skrifar ítarlega skýrslu um málið að lokinni rannsóknarvinnu. Fræðimenn leggja þó áherslu á að rannsakandi lesi sér vel til um efni tengt rannsókninni áður en viðtölin fara fram (Angrosino, 2007:39; Sigríður Halldórsdóttir, 2003:252; Rúnar Helgi Andrason, 2003:282). Góður undirbúningur eykur víðsýni rannsakandans og þar með líkurnar á að hann skilji betur svör viðmælandans.

Rannsóknin á reynslu dönsku kvennanna af því að flytja milli menningarheima byggðist á samræðum, viðtalsgreiningu og formlegum svo og óformlegum viðtölum. Sum viðtalanna voru hálf–óformgerð, önnur óformgerð og komið var á fót rýnihópi. Rannsóknin samanstóð af **Rannsókn I,** sem unnin var eftir hugmyndafræði Vancouver–skólans í fyrirbærafræði þar sem djúpviðtöl voru tekin við þrjár konur af dönskum uppruna. Viðtölin voru tekin upp á diktafón og skrásett orðrétt. Í **Rannsókn II**, sem var framhaldsrannsókn voru ákveðnir þættir úr greiningarflokkum fyrri rannsóknar kannaðir og kafað var dýpra í áhugaverðar niðurstöður hennar. Að þessu sinni voru tekin tvö djúpviðtöl við tvær aðrar danskar konur, hálf–óformgerð viðtöl voru tekin við eiginmenn kvennanna og enn fremur var aflað upplýsinga með hjálp rýnihóps samansettum af konum fyrri hóps. Öll viðtölin voru tekin upp á diktafón og teknar voru nótur. Samband var haft við einstaklinga með skoðun á málefninu og óformleg viðtöl tekin við þá. Með því að bera niður fæti á fleiri stöðum tel ég rannsóknina hafa styrkst og fleiri sjónarmið fengið vægi.

Vancouver–skólinn í fyrirbærafræði

Rannsókn I byggðist á samræðum og greiningu sem kennd er við Vancouver–skólann í fyrirbærafræði (*phenomenological study*). Hugmyndafræði aðferðarinnar er að hver maður sér heiminn á sinn einstaka hátt (Sigríður Halldórsdóttir, 2003:249–252). Sýn einstaklingsins mótast af fyrri reynslu hans og hefur áhrif á túlkun hans á henni. Með samræðum kynnist rannsakandinn hugarheimi einstaklingsins. Þess skal getið að litið er á viðmælendur sem meðrannsakendur þar sem þeir leggja sitt af mörkum til rannsóknarinnar og að sögn Seidman (1998:8) nota mannfræðingar gjarnan hugtakið af sömu ástæðum. Sigríður segir að tilgangur aðferðarinnar sé að auka skilning á því

fyrirbæri sem rannsaka á með túlkun meðrannsakandans á því. Markmiðið er að reyna að bæta hag einstaklingsins eða hagsmunahópsins. Við útfærslu rannsóknaraðferðarinnar þarf rannsakandinn að hafa löngun til að skilja mannlega reynslu og hegðun. Með textagreiningu á viðtölunum nær rannsakandinn heildstæðri mynd af rannsóknarefninu og niðurstöður rannsóknarinnar leiða til skilnings á fyrirbærinu og gefa möguleika á úrbótum.

Rannsóknarferli Vancouver–skólans er táknað með hring og saman stendur af sjö meginþáttum (Sigríður Halldórsdóttir, 2003:250–259): **Að vera kyrr, að ígrunda, að koma augu á, að velja, að túlka, að raða saman** og **að sannreyna.** Í þessari rannsókn um aðlögun kvenna af dönskum uppruna var mið tekið af hringferli aðferðarinnar eins og sjá má á myndrænu túlkuninni á mynd 2.

Mynd 2.

Hringferli Vancouver-skólans



Þar sem ígrundun fer fram eftir hvert þrep rannsóknarinnar myndast í raun **tólf þrep** sem unnið er eftir samkvæmt Sigríði Halldórsdóttur (2003:250–251). Á yfirlitinu má sjá hvernig hin tólf meginþrep aðferðafræðinnar eru útfærð í rannsókninni:

Útfærsla 12 rannsóknarþrepa Vancouver-skólans:

1. Þrjár danskættaðar konur valdar til þátttöku (úrtakið)
2. Var kyrr. Ígrundaði. Bjó til spurningalista með 10 spurningum
3. Tók 3 viðtöl
    a. Ninna > ígrundaði, hugaði að greiningu samtalsins
    b. Lilla > ígrundaði, hugaði að greiningu samtalsins
    c. Ruth > ígrundaði, hugaði að greiningu samtalsins

4. Byrjaði að greina samtölin, eitt í einu, kom auga á orð
5. Reyndi að finna kjarnann, flokkaði orð og setningar í þemu
6. Ígrundaði. Hugmyndir mynduðust af reynslu hvers og eins. Túlkun og heildarmynd. Greiningarlíkön að fæðast
7. Staðfesting hjá viðmælenda að ég hafði rétta sýn á reynsluna
8. Kyrr. Reyndi að finna heildarmynd. Niðurstöður að koma í ljós
9. Bar mínar niðurstöður saman við rannsóknargögnin. Ígrundaði
10. Valdi lýsandi heiti á rannsóknina: *„Átök og sigrar: Reynsla danskra kvenna af því að setjast að á Íslandi með íslenskum eiginmönnum sínum*“
11. Bar niðurstöðurnar undir meðrannsakanda, Ninnu
12. Skráði niðurstöður fyrirbærarannsóknarinnar byggðar á frásögnum kvennanna. Bar niðurstöðurnar saman við sameiginlegan greiningarlykil

Djúpviðtöl *(in–depth interviewing)*

Djúpviðtölum má líkja við venjulegar samræður þar sem þátttakendum er gefið tækifæri til að tjá sig á óformlegan og venjulegan hátt (Björn Bergsson, 2002:41–42). Viðtölin geta farið fram á heimili viðmælandans eða á stað sem samkomulag verður um. Í djúpviðtölum er oftast lagt upp með opnar spurningar eins og tilfellið var í fyrirbærafræði Vancouver–skólans.

Líta má á viðtölin sem tekin voru í **rannsókn II** sem tilfellarannsókn (*case study*) þar sem reynt var að kryfja rannsóknarefnið til mergjar í þeim tilgangi að skilja fyrirbærið betur (Rúnar Helgi Andrason, 2003:281; Sigríður Halldórsdóttir, 2003:251). Í tilfellarannsóknum er oft byggt á fyrri rannsóknum með það fyrir augum að athuga eitthvað með nýjum hætti. Í þessari rannsókn var viðtalspurningum bætt við, sumar spurningar úr fyrri rannsókn umorðaðar eða endurbættar og afstaða dönsku kvennanna til lífsins skoðuð enn nánar þegar lífssagan var sögð. Undirstaða viðtalsaðferðar og –greiningar er eins og við fyrirnefnda rannsóknaraðferð í fyrirbærafræði að rannsakandi hafi löngun til og áhuga á að skilja mannlegt eðli (Seidman,1998:3,7–8; Angrosino, 2007:36–39). Viðmælandinn notar tungumálið sem

tæki til að koma skoðunum sínum á framfæri og fyrir rannsakanda sem hefur áhuga á tungumáli er tungan auk þess verkfærið sem notað er til viðtalsgreiningarinnar og leið hans til að skilja hug viðmælandans.

Gott ráð Seidman (1998:43–44) og Angrosino (2007:35–37) til rannsakanda er að muna að með djúpviðtölunum sé ekki verið að sanna tilgátu eða setja fram kenningar. Þegar rannsakandi hefur valið viðmælanda verður hann að leggja sig fram við að skilja reynslu hans. Rannsakandinn þarf að vera góður hlustandi og næmur á að skilja tilfinningar viðmælandans. Auk þess þarf hann að vera fær um að setja sig í spor þátttakandans og hafa löngun og getu til að koma niðurstöðum viðtalsins til lesanda skýrslunnar á sem trúverðugastan hátt. Niðurstöðurnar eiga að endurspegla reynslu viðmælandans eins og hann tjáir hana. Fyrir rannsakanda sem byggir rannsókn sína á mörgum viðtölum er nauðsynlegt að hann gefi sér tíma (Russel, 1994:220–222). Æskilegt er að hann vinni úr einu viðtali áður en farið er af stað með það næsta.

Rýnihópur (*focus group*)

Rannsakandi notar rýnihópa til að fá fram ítarlegri skýringar á völdum efnum og staðfestingu á tilgátu, sannreyna niðurstöðurnar eða með það í huga að ná heildarmynd af því sem rannsaka á (Sóley Bender, 2003:85–86; Helga Jónsdóttir, 2003:79; Rúnar Helgi Andrason, 2003:281). Að mati Sóleyjar eru kostir rýnihóps þeir að rannsakandi getur kynnst margvíslegum viðhorfum, tilfinningum og reynslu þátttakenda á sama tíma og fengið tækifæri til að kryfja valin málefni með hópnum. Það er mat mannfræðinga að rýnihópur sé góður kostur þegar fjalla á um menningu og menningarmun og gott tæki rannsakandans til að kynnast skoðunum fólks (Angrosino, 2007:118; Russell, 1994:228–229). Til þess að fá fulla mannfræðilega nýtingu gagnanna er nauðsynlegt fyrir rannsakanda að nota segulband og taka nótur. Með því að kalla viðmælendur rannsóknar minnar aftur saman í **rannsókn II,** í þetta sinn í rýnihóp, fékkst tækifæri til að fara nákvæmar í vissa þætti úr fyrri rannsókn, sannreyna aðra og dýpka samræðurnar.

Hálf–óformgerð (*semistructured***) og óformgerð** (*unstructured*) **viðtöl**

Til að stækka heimildarammann voru viðtöl tekin við eiginmenn dönsku kvennanna og leitað var til nokkurra einstaklinga sem gætu varpað ljós á viðfangsefnið. Í

samtölum við eiginmennina var notast við hálf–óformgerð (*semistructured*) viðtöl, en samkvæmt Russel (1994:208–209) hentar sú viðtalsaðferð vel þegar tala á við viðmælandann einu sinni. Mikilvægt er að notast við vel ígrundaðan spurningalista og taka nótur á meðan segulbandstækið tekur samtalið upp.

Óformgerð (*unstructured*) viðtöl voru notuð í samtölum mínum við valda einstaklinga. Að mati Russel (1994:208–210) er nauðsynlegt að halda sig við fyrirfram ákveðna spurningalista en jafnframt að huga að því að viðmælandinn fái svigrúm til að svara á sinn hátt. Viðtalið var tekið upp á segulband og nótur teknar.

3.2 Staðsetning rannsakandans

Einkennandi fyrir eigindlegar rannsóknaraðferðir er að rannsakandi setur eigin skoðanir til hliðar (Björn Bergsson, 2002:48). Með því móti getur hann staðsett sig í heimi viðmælandans og þannig orðið fær um að athuga, túlka og skilja veruleika hans. Rannsakandi sem gerir sér grein fyrir að hann er ekki að leita að „sannleikanum“ nær betur að sjá heiminn með augum viðmælandans og er auk þess færari um að skilja sjónarmið hans að sögn Björns. Mikilvægi þess að skilja viðmælandann kemur einnig fram hjá Rúnari Helga Andrasyni (2003:284) og Seidman (1998:70). Seidman telur nauðsynlegt fyrir þann sem ætlar að nota opnar spurningar við gagnasöfnun að spyrja þátttakandann um hans sýn á reynsluna þar sem hann er sá eini sem veit hvernig líðanin var á gefnum tímapunkti. Ef þetta væri ekki tilfellið myndi rannsakandi sjálfur vera í hlutverki viðmælanda að sögn Seidman og vitnar í fræðimanninn Schultz. Að mati Rúnars Helga er hlutverk rannsakanda tilfellarannsókna flókið og mjög persónulegt. Hann er sömu skoðunar og Björn að eigindleg rannsóknaraðferð krefst mikils innsæis, hæfni í mannlegum samskiptum og getu til að sýna hluttekningu.

Segja má að persónuleg reynsla mín af viðfangsefninu var til staðar og gerði mér kleift að skilja upplifun og reynslu viðmælenda, en ég flutti sjálf til Íslands sem nýgift kona og settist hér að. Við þessar sérstæðu aðstæður var reynt eftir megni að taka stöðu spyrjandans þegar hlustað var á frásögn viðmælenda og sjónarmið þeirra látin tala í skýrslunni. Eitt viðtal var greint í einu, þegar allir viðmælendur höfðu lokið

frásögnum sínum var hugað að sameiginlegum þáttum og nákvæmni beitt á öllum stigum greiningarinnar.

3.3 Úrtakið

Mikilvægt er að velja viðmælendur með persónulega reynslu af því sem rannsaka á og vilja til að lýsa því fyrir rannsakanda. Rannsókn sem byggir á djúpviðtölum stendur eða fellur með getu rannsakandans til að velja rétta úrtakið (Seidman, 1998:47–48; Sigríður Halldórsdóttir, 2003:251–252). Fjöldi viðmælenda er misjafn, hann fer eftir aðstæðum en einnig eftir rannsóknarefni. Sigríður nefnir tölurnar fimm til fimmtán samræðufélaga en mælir jafnframt með að rannsakandi hætti að taka viðtöl þegar hann finnur fyrir gagnamettun (*data saturation*), eða mettun, það er að segja þegar hann fær ekki lengur nýjar upplýsingar í svörunum. Seidman er með svipaða skoðun og leggur áherslu á að úrtak sem saman stendur af einstaklingum með áþekkan bakgrunn geti gefið mjög miklar upplýsingar og afgerandi niðurstöður þó það sé lítið. Hann mælir jafnframt með litlu úrtaki ef rannsaka á reynslu minnihlutahóps af þeirri ástæðu að aðrir í hópnum sem ekki lentu í úrtaki gætu hagnast á niðurstöðunum. Leggja beri áherslu á að velja úrtakið út frá markmiði og tilgangi rannsóknarinnar. Þar sem gagnagreining hefst um leið og gagnasöfnun fer fram má bæta í úrtakið þangað til mettun er náð. Úrtak þessarar rannsóknar var hagkvæmisúrtak (*convenience sample*) og samanstóð af samtals **fimm megin viðmælendum**.

Skilyrði fyrir vali í úrtaki:

1. Þátttakendur voru kvenkyns.
2. Konurnar fæddust og ólust upp í Danmörku en fluttust til Íslands með íslenskum eiginmönnum sínum.
3. Þær höfðu verið búsettar á Íslandi í fimmtán ár eða meira og áttu fjölskyldu.

Rökstuðningur fyrir vali á viðmælendum:

Svar við 1. Persónuleg forvitni þar sem rannsakandi er kona.

Svar við 2. Rannsakanda þótti mikilvægt að konurnar væru sprottnar úr dönskum jarðvegi. Þær voru allar rifnar upp með rótum og fylgdu eiginmönnum

sínum til Íslands. Þýðingarmikið var að konurnar voru giftar íslenskum mönnum þar sem rannsóknir sýna að auðveldara er fyrir konur með íslenskan maka að mynda tengsl við innfædda.

Svar við 3. Konurnar höfðu skotið rótum á Íslandi og eignast heimili og samastað. Það var persónulegt mat mitt að fimmtán ár væru sannfærandi árafjöldi til þess.

Úrtakið skilgreint:

Auk þess að vera kvenkyns, fæddar og uppaldar í Danmörku, höfðu þær allar flust til Íslands með íslenskum maka sínum og stofnað fjölskyldu.

- Konurnar höfðu tekið þátt í atvinnulífinu utan heimilis.
- Ein hafði sérmenntun, tvær höfðu danskt háskólapróf og tvær íslenskt.
- Þrjár voru búsettar í þéttbýli, tvær í dreifbýli.

3.4 Gagnasöfnun og –greining

Gagnasöfnun

Gerð meistaraprófsritgerðar hófst haustið 2008 þegar rannsókn I fór fram. Rannsókn II var gerð vorið 2010. Gagnasöfnun fór fram með samræðum milli rannsakanda og viðmælenda. Mikilvægt var að notast við opnar spurningar, en þær gefa að jafnaði viðmælandanum svigrúm til að útskýra og svara á sinn hátt (Ingvar Sigurgeirsson, 1998:13–14; Angrosino, 2007:41). Opnar spurningar kalla fram fjölbreytileg svör og ekkert svar er rétt eða rangt. Viðmælendur lýsa í svörum sínum sinni upplifun af tilteknum fyrirbærum eða lífsreynslu. Seidman (1998:69–70) notar orð mannfræðingsins James Spradley sem líkir sumum opnum spurningum við stutt ferðalög (*mini–tour*) þar sem viðmælandinn er beðinn að lýsa atburði. Í öðrum tilvikum þar sem reynsla einstaklingsins á gefnu tímabili lífs hans er tekin fyrir, má líkja þeim við langt ferðalag (*grand–tour*). Mikilvægt er að fá sýn og upplifun viðmælandans á gefnum tímapunkti til að skilja reynslu hans. Varnarorð Seidman til okkar rannsakenda eru þau að sá sem telur sig vita hvernig þátttakandanum líður án þess að spyrja um hans sýn á reynsluna (*e: how was it for you?)* sé í raun sjálfur í

hlutverki viðmælandans. Segja má að spurningar þessarar rannsóknar séu allar hannaðar með „langt ferðalag“ í huga. Hentugar opnar spurningar hefjast til dæmis á orðunum: *Lýstu fyrir mér ..., hvernig fannst þér ..., segðu mér frá því þegar ..., hvernig leið þér ..., hvernig varð þér við þegar...* og *lýstu nánar...* . Spurningarnar sem lagðar voru fyrir þátttakendur eru útlistaðar í fylgiskjölunum 2, 3, 4 og 5.

Bókasöfn voru sótt heim og námsgögn skoðuð. Veraldarvefurinn, fræðibækur, –rit og –greinar voru notuð áður, á meðan og eftir að samræðurnar fóru fram. Öll viðtöl sem nota átti til greiningar voru tekin upp á segulband og nótur voru teknar á meðan að samræðurnar fóru fram. Viðtöl voru tekin við valda einstaklinga sem tengdust viðfangsefninu eða höfðu skoðun á því.

Rannsókn I

Lagt var upp með opnar viðtalsspurningar af spurningalista 1, sjá fylgiskjal 2. Tekin voru þrjú einstaklingsviðtöl við danskar konur búsettar á Íslandi sem áttu danskan maka (hópur I). Öll viðtölin voru tekin upp á segulband og nótur voru teknar.

Gagnagreining:

Eftir að viðtölin þrjú voru tekin voru þau skráð orðrétt, flokkuð, greind og túlkuð eftir forskrift fyrirbærafræði Vancouver–skólans. Greiningarlíkön voru búin til þar sem hvert viðtal, og þar með hver viðmælandi, fékk sitt líkan, sjá fylgiskjöl 9, 10 og 11. Hvert líkan fékk nafn og gögnin borin undir meðrannsakendur og sannreynd. Hugað var að sameiginlegum þáttum viðtalanna og þeir flokkaðir í yfir– og undirflokka. Niðurstöður rannsóknar I voru kynntar með endanlegu greiningarlíkani sem mynd er af í kafla 4. Það ber heitið *Söguteppið*. Þar er einnig að finna hringferli Vancouver-skólans og 12 þrepa rannsóknarferli aðferðarinnar sem unnið var eftir.

Litið var á hvert viðtal sem einstakt en alls staðar var leitað að „hinum rauða þræði“ og lífssaga viðmælendanna hugleidd. Rúnar Helgi Andrason (2003:290) talar um íhugandi greiningu sem mjög huglæga aðferð. Rannsakandi notar eigin dómgreind og innsæi til að meta og lýsa því sem rannsakað er. Það er því persónulegt mat hans sem ræður hvað kemur fram í niðurstöðunum og á hvern hátt þær eru settar fram.

Rannsókn II

Rannsóknin byggði á niðurstöðum rannsóknar I en valin atriði voru dýpkuð í samræmi við tilgang og markmið meistaraprófsritgerðar. Rannsókn II var fjórskipt:

a) Tekin voru tvö ný einstaklingsviðtöl við danskar konur búsettar á Íslandi sem áttu danskan maka. Notaðar voru opnar viðtalsspurningar af spurningalista 2, sjá fylgiskjal 3. Nótur voru teknar og viðtölin tekin upp á segulband.
b) Myndaður var rýnihópur úr hópi I, hann kallaður saman og spurningar af spurningalista 3 lagður fyrir, fylgiskjal 4.
c) Viðtöl tekin við eiginmenn kvennanna og þau tekin upp á segulband. Stuðst var við spurningalista 4, sjá fylgiskjal 5. Teknar voru nótur og svör viðmælenda ígrunduð.
d) Viðtöl tekin við einstaklinga með skoðun á viðfangsefninu.

Gagnagreining:

a) Hlustað var vel á upptökur á einstaklingsviðtölunum tveimur. Orðræðan var hugleidd og tilraun gerð til að túlka viðbrögð og tilfinningar samræðufélaganna. Við greiningu var leitað að sameiginlegum þáttum úr viðtölunum um leið og hugað var að sérstöðu hvers viðmælanda. Sérstakur gaumur var gerður að svörum viðmælanda við spurningunum þar sem niðurstöður rannsóknar I voru dýpkaðar.
b) Hlustað var á viðtal rýnihópsins og það hugleitt. Hlustað var á orðalag í lýsingum þátttakenda og reynt að túlka viðbrögð þátttakendanna. Dregið var fram það helsta úr samræðunum og fjölbreytt svör viðmælendanna við spurningum mínum flokkuð.
c) Hlustað var á upptökur af spjalli við eiginmenn kvenanna og svör þeirra við spurningum mínum hugleidd.
d) Nótur voru teknar og svör viðmælenda hugleidd.

Sameiginlegir þættir gagnanna úr báðum rannsóknum voru íhugaðir og unnið var áfram með valin þemu. Búnir voru til yfir– og undirflokkar úr rannsóknargögnunum og efniviðurinn borinn saman við fræðin. Vert er að hafa í huga að eitt einkenni eigindlegra rannsókna er að horfa á veruleika viðmælandans sem huglægan (Rúnar Helgi Andrason, 2003:286). Rannsakandi greinir því frá öllu sem fram kemur í viðtölunum, lýsingum á atriðum jafnt og upplifun viðmælandans af fyrirbærinu.

3.5 Réttmæti og áreiðanleiki

Eigindlegar rannsóknaraðferðir hafa bæði kosti og galla. Þær geta veitt góða innsýn í menningarsamfélagið og aðstæður fólks þar sem rannsakandanum gefst tækifæri til að sjá og skilja upplifun og reynslu viðmælandans að sögn Björns Bergssonar (2002:40–42). Það er skoðun Björns að einn kostur samræðanna sé að traust myndast milli rannsakandans og viðmælenda hans. Að mati hans veitir aukið traust aukinn skilning. Rannsakandi sem leggur sig fram við að skilja sjónarmið viðmælandans getur auk þess valið að leggja áherslu á viss atriði eða þætti sem höfða sérstaklega til hans og þjónar tilgangi rannsóknar hans. Undir þetta tekur Seidman (1998:66–67) og telur kost eigindlegra aðferða einnig felast í því að rannsakandi sem er í vafa um hvort hann hafi skilið viðmælandann rétt eða vilji dýpka ákveðin atriði í ummælunum getur endurtekið spurninguna.

Björn Bergsson (2002:45) telur helstu galla eigindlegra rannsókna að gæði þeirra fari eftir hæfni spyrjandans. Hann nefnir að erfitt getur verið að nota opna spurningu þar sem svörin geta snúist upp í langlokur eða farið í aðra átt en upphafleg ætlun var. Mikilvægt er að rannsakandi gæti hlutleysis og hugi vel að eigin gildismati til að koma í veg fyrir að það liti rannsóknina og svörin verði eftir hans höfði. Sjá má einnig umfjöllun um gildismat í 1.5. Í eigindlegum rannsóknum er úrtaksstærð lítil og viðmælendur eru valdir með slembiúrtaki sem gæti talist til galla.

Ekki eru allir fræðimenn sammála um hvort hægt sé að alhæfa út frá niðurstöðum tilfellarannsókna (Rúnar Helgi Andrason, 2003:291–292). Til að það sé mögulegt þarf að vanda val á viðmælendum. Segja má að í úrtakinu eigi að vera dæmigerðir fulltrúar þess fyrirbæris sem verið er að rannsaka. Úrskurðinn um alhæfingu eða réttmæti mætti leggja í hendur lesanda rannsóknarskýrslunnar, lesandinn getur þá metið hvort niðurstöðurnar eigi við aðra einstaklinga sem hann vill bera þær saman við, eins og Rúnar Helgi svo skemmtilega leggur til.

Til að tryggja réttmæti rannsóknarinnar verður rannsakandinn að skipuleggja rannsóknavinnuna og gefa sér tíma (Russel, 1994:222). Annars getur rannsóknin hlotið „ótímabær rannsóknarlok“ (*primature closure*) samkvæmt Sigríði

Halldórsdóttur (2003:261) þar sem lokað yrði of fljótt á greiningarferlið og mikil vinna getur þannig farið forgörðum. Sigríður telur þannig að ein af meginhættunum í fyrirbærafræði sé að hætta of snemma að safna gögnum, áður en mettun hefur verið náð (bls. 251). Með mettun er átt við að nýjar upplýsingar eru hættar að koma fram og rannsakandi fær því ekki lengur fersk, nýtileg gögn í hendur. Ef hætt er of snemma verður heildarmyndin óskýr. Í meistararannsókn minni tel ég mettun hafi verið náð eftir að hafa rætt við fimm samræðufélaga, sett á fót rýnihóp með viðmælenda rannsóknar I, talað við eiginmenn og við aðra einstaklinga sem gætu veitt upplýsingar um viðfangsefnið.

3.6 Siðferðileg atriði og leyfisöflun

Rannsakandi sem notar djúpviðtöl við gagnasöfnun spyr oft mjög persónulegra spurninga. Hann verður því að gæta sín þegar rætt er um sérstæð málefni sem gætu stuðað viðmælandann eða komið honum í uppnám (Sigurður Kristinsson, 2003:172–173). Nauðsynlegt er að rannsakandi upplýsi viðmælanda fyrirfram um tilgang rannsóknarinnar og fyrirkomulag viðtalsins, sjá fylgiskjal 7, Kynningarbréf. Þátttakandinn heimilar að upplýsingar sem hann veitir megi nota sem rannsóknargögn og gefur sitt leyfi með upplýstu samþykki, sjá fylgiskjal 8. Upplýst samþykki er þannig góð „leið rannsakandans til að lýsa yfir áformum sínum á heiðarlegan hátt“ (bls. 173). Við meistararannsókn mína fullvissaði ég viðmælendur um þagmælsku (Russel, 1994:208) og skrifaði undir skjal þess efnis í kynningarbréfi mínu sem sjá má í fylgiskjali 7. Í verkefninu voru öll kennileiti viðtalanna strokuð út og nöfn og staðarheiti dulkóðuð. Í staðinn var hverjum viðmælanda gefið nafn sem notað var í rannsóknarferlinu sem og í rannsóknarskýrslunni. Fræðimenn telja að með þessu móti megi koma í veg fyrir að hægt sé að rekja upplýsingar til þátttakenda (Seidman, 1998:56; Sigurður Kristinsson, 251–252). Einnig var gætt að persónulýsingum en þær gátu vísað á viðmælanda, sérstaklega í litlu samfélagi eða samfélagshópi. Áður en vinnan við verkefnið fór í gang fullvissaði ég þátttakendur um að þeir fengju að sjá niðurstöðurnar úr viðtölunum. Þannig gafst mér einnig tækifæri til að sannreyna gögnin með viðmælendum fyrir birtingu skýrslunnar. Tekið var fram við þá að öllum segulbandsupptökum yrði eytt að lokinni rannsóknarvinnu.

Ég bar virðingu fyrir rannsóknargögnunum, var skipulögð og nákvæm og lagði mig fram við að hlusta á sjónarmið viðmælendanna. Ég var áhugasöm og jákvæð við greiningu og natin við samanburð rannsóknargagna. Þótt persónuleg reynsla af fyrirbærinu væri til staðar var reynt eftir megni að gæta hlutleysis og gagnrýnni hugsun beitt á öllum þrepum rannsóknarinnar. Ég álít því að niðurstöðurnar séu réttmætar og áreiðanlegar þrátt fyrir smæð úrtaksins.

Áður en rannsóknarvinnan fór í gang kynnti ég mér Lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000 og gerði mér grein fyrir að ég bar ábyrgð á að fara með gögn og upplýsingar í samræmi við þau. Rannsóknin var tilkynnt Persónuvernd, sjá má svar stofunnar í fylgiskjali 6.

4. Rannsóknin

Í þessum kafla er lýsing á meistaraprófsrannsókninni. Hún samanstóð af rannsókn I og framhaldsrannsókn II. Yfirflokkar, eða þemu, fyrri rannsóknar eftir greiningu mynduðu grunninn að framhaldsrannsókninni. Bent skal á að lýsing á aðferðafræði rannsóknarinnar má sjá í kafla 3.

***

4.1 Lýsing á rannsókn I og þráður spunninn

Haustið 2008 voru viðtöl tekin við þrjár danskar konur, Ninnu, Ruth og Lillu. Viðtölin voru skráð orðrétt, flokkuð, greind og túlkuð eftir aðferðafræði Vancouver–skólans í fyrirbærafræði. Við lestur viðtalanna og orðræðugreiningu birtust hugtök, málsgreinar og setningar sem hægt var að flokka í sex sameiginleg þemu eða yfirflokka. Þessir yfirflokkar voru í tímaröð: **a) forþekking og/eða –hugmyndir, b) móttökur, c) tungumál, d) menning, e) matur** og **f) viðurkenning**. Greiningarlíkön voru búin til fyrir hvert viðtal þannig að hver viðmælandi fékk sitt líkan og nafn sem sjá má í fylgiskjölunum 9, 10 og 11. Niðurstöðunum svipar saman en útfærslur líkananna eru með mismunandi sniði. Á öllum myndunum er tungumálið þungamiðjan sem allar konurnar byggja veru sína á Íslandi á.

• Á greiningarlíkani **Ninnu,** fylgiskjal 9, er driffjöðurin vilja og ákveðni eins og fyrirsögn þess bendir til. Ninnu tekst með dugnaði að öðlast viðurkenningar.

• **Lilla,** fylgiskjal 10, hafði nokkrar forhugmyndir um Ísland sem gáfu fyrirheit um jákvæða dvöl hennar hér. Í ljós kom að tilfinningarleg togstreita gerði vart við sig sökum sorgar móður hennar við að hún færi.

• Á greiningarlíkani **Ruthar,** fylgiskjal 11, má sjá þætti úr hinum íslenska veruleika setta fram eins og tröppugang. Hugmynd mín er að sýna hvernig víxlar á milli *tesu* og *antitesu* eða átaka og sigra, í lífi Ruthar. Spurningarmerkið efst við viðurkenninguna á

að sýna mínar efasemdir um hvort Ruth finni fyrir 100% viðurkenningu í íslensku samfélagi.

Reynslusögur kvennanna tvinnuðust saman í þráð sem settur var á tímaás frá komu hinna aðfluttu til Íslands til dagsins í dag. Niðurstöðurnar voru teknar saman og birtar á sameiginlegu greiningarlíkani, *Söguteppinu*, sem sjá má á næstu blaðsíðu, mynd 3.

***Söguteppið* útskýrt**

Þessi myndræna útfærsla á lífssögu dönsku kvennanna sýnir ferli eða þróun sem einnig mætti kalla *aðlögun* og er ofið úr reynslu kvennanna, eins og segir við myndina. Hún sýnir bæði einkenni samþættingar og samlögunar. Frá því að konurnar birtust á hafnarbakkanum með ævintýraþrá og forvitni í farangrinum en mjög litlar forhugmyndir um Ísland, sést þegar neðar dregur á tímalínunni hvernig þær takast á við lífið og menninguna í nýju landi. Ef lesið er frá vinstri til hægri má sjá þemur beggja megin við tímaásinn sem sýna þróunina sem birtist hjá einstaklingunum á öllum sviðum og stigum aðlögunar. Það sést einnig með því að fylgja átaks–textakössunum frá vinstri til hægri hvernig konunum tókst að tileinka sér það sem var framandi eða aðlaga hlutina á „tvímenningarlegan“ hátt í sigur–kassana. Í lokaniðurstöðunum neðst hægra megin skynjar maður kraftinn og dugnaðinn – *að duga eða drepast*! Með framtakssemi og dugnaði tókst þeim að mynda tengsl og öðlast viðurkenningu Íslendinganna. Dönsku konurnar tóku um leið þátt í að skapa örmenningu og móta menningarkimar og höfðu þannig áhrif á umhverfið sítt. Með eljusemi og aðlögunarhæfni fundu þær sér stað í samfélaginu og lögðu sitt af mörkum til að brjóta menningarmúra.

Mynd 3.

4.2 Greiningarlíkanið ***Söguteppið.*** Ofið úr þræði reynslunnar.

Átök og sigrar danskra kvenna sem settust að á Íslandi með íslenskum eiginmönnum sínum. Greiningarlíkan byggt á sex yfirflokkum samræðanna. Sett á tímaás.



4.3 Lýsing á rannsókn II

Byrjað var að huga að rannsókn II veturinn 2009–10. Greint var frá aðdraganda hennar og nafnbótinni *framhaldsrannsókn* í liðnum 3.1. Tengsl rannsóknanna I og II verða útskýrð hér en samband þeirra er einnig sýnt á myndrænan hátt í fylgiskjali 1.

Rannsókn II var fjórskipt, A–, B–, C– og D–hluti. **Aðalviðfangsefnið var áhrif tungumáls og menningar á einstaklinginn** eins og í rannsókn I en nálgunin og aðferðafræðin með öðru sniði. Unnið var með áhugaverðar niðurstöður rannsóknar I og þær útfærðar, því eins og ég orðaði það sjálf, þegar niðurstöðurnar lágu fyrir 2008, saknaði ég þess helst að geta ekki farið til viðmælenda minna aftur og fengið viðbótarupplýsingar eða staðfestingu á svörum við spurningum sem komu upp í rannsóknarferlinu. Tækifærið gafst vorið 2010 þegar þráðurinn var tekinn upp í sambandi við rannsókn II.

Í **A–hluta** rannsóknarinnar voru tvö ný einstaklingsviðtöl tekin við tvær danskar konur til viðbótar, Lenu og Evu. Notast var við spurningalista 2, fylgiskjal 3.

Í **B–hluta** þessarar framhaldsrannsóknar voru meðrannsakendurnir úr hópi I, Ninna, Ruth og Lilla kallaðir saman á ný, í þetta sinn í rýnihóp, og spurðar nánar út í valin atriði fyrri rannsóknar. Við það tækifæri voru nýjar spurningar af spurningarlista 3, sjá fylgiskjal 4, lagðar fyrir og samræðudansinn stiginn (*dance of a dialogue*) en þannig nefnir Sigríður Halldórsdóttir (1996, 2003:254) samræður þar sem þátttakendur og rannsakandi reyna að komast til botns í að skilja ákveðið fyrirbæri og skiptast á skoðunum. Þættir sem ræða átti betur voru meðal annars **aðlögun, sjálfsvirðing** og **viðurkenning** en auk þess var óskað eftir viðbrögðum viðmælendanna við **fordómum**. Hugað var einnig að **íslenskukennslu** fyrir útlendinga og umræða var um **tvítyngi** og það sem mætti kalla **tvímenningu.**

C–hluti var óformleg og að hluta til óformgerð viðtöl við eiginmenn dönsku kvennanna þar sem málin voru rædd. Spurningalisti 4, fylgiskjal 5.

D–hluti. Auk þess var talað við nokkra einstaklinga sem lýstu sýn sinni á viðfangsefninu og/eða reynslu þeirra af samskiptum við Danina, til dæmis var samband haft við menntastofnun sem sér um að skipuleggja íslenskunámskeið fyrir

útlendinga og talað var við aðila með reynslu af því að kenna á slíkum námskeiðum. Enn fremur var leitað til einstaklings af erlendum uppruna og málin rædd.

A–hluti. Tvö einstaklingsviðtöl

Tvö viðtöl voru tekin við tvær danskar konur, Evu og Lenu. Viðtölin fóru fram með viku millibili í júlí 2010. Lagðar voru fyrir spurningar af lista 2. Viðtölin voru skemmtilega ólík. Annað viðtalið fór fram í hádeginu í björtu húsi við umferðagötu þar sem tveir kettir lágu í sinn hvorri gluggasyllunni og horfðu út á umferðina. Furðulega lítið heyrðist frá götunni og stundin kallaði á viðræður. Kveikt var á upptökutæki og byrjað. Formlegt viðtal stóð yfir í 45 mínútur.

Hitt viðtalið fór fram seinni part dags í sveit. Eftir að hafa beygt upp heimreiðina sást sveitasetrið með gróðurhúsum og kálgörðum heimilisins, þar voru hestar á beit og hundur labbaði geltandi í áttina til mín. Inni var jafn bjart og úti og dyrnar stóðu opnar út á veröndina þegar viðtalið hófst og kveikt var á segulbandstækinu. Eftir 55 mínútur var slökkt á tækinu.

Að viðtali loknu var í báðum tilfellum slegið á léttari strengi þar sem reynsla okkar beggja af dvöl okkar á Íslandi var rædd áfram. Það var mikið hlegið, meðal annars voru rifjuð upp skemmtileg atvik sem upp höfðu komið gegnum árin.

Gagnagreining

Samræðurnar voru teknar upp á segulband og nótur teknar. Við greiningu gagnanna var orðræðan hugleidd og reynt var að túlka viðbrögð og tilfinningar viðmælendanna með því að hlusta vel á upptökurnar. Leitað var að sameiginlegum þáttum en um leið var sérstaða einstaklinganna athuguð. Næsta skref í rannsóknarferlinu var að endurnýja kynnin af hópi I.

B–hluti. Rýnihópurinn

Haft var samband við samræðufélagana úr rannsókn I og komið á fót **rýnihópi** sem í voru, ásamt mér rannsakanda, hinar þrjár dönsku konur, Ninna, Ruth og Lilla. Komið var saman til að taka upp þráðinn og ræða ítarlegar valin atriði úr rannsókn I. Notaður var spurningalisti 3. Byrjað var á að tala nánar um móttökurnar sem þær fengu á Íslandi, hvernig aðlögunin hófst og hvernig tungumálanámið fór fram. Rætt var um

tvítyngi og tvímenningu og reynslu kvennanna af því. Einnig lék mér forvitni á að kynnast sýn kvennanna á fordómum eða reynslu þeirra af fyrirbærinu, en láðst hafði að spyrja um þann þátt í rannsókn I. Í kjölfarið fór fram góð umræða um sjálfsvirðingu og viðurkenningu. Rýnihópurinn kom saman að kvöldlagi í lok júlí 2010 og var annar liður í rannsókn II.

Gagnagreining

Samræðurnar í rýnihópnum voru teknar upp á segulband. Reynt var að styðjast við ofannefnda spurningalista og teknir voru minnispunktar. Að hópumræðunum loknum var hafist handa við að greina gögnin. Hlustað var vel á upptökurnar, viðbrögð viðmælendanna við spurningunum íhuguð og reynsla þeirra hugleidd. Leitað var að sameiginlegri sýn þátttakenda en auk þess var áhersla lögð á að greina og skilja ólíka reynslu og aðstæður kvennanna. Næsti liður í rannsókninni var að hafa samband við eiginmenn dönsku kvennanna og heyra þeirra hlið á málinu.

C–hluti. Hlustað á eiginmenn

Til að stækka heimildarammann var hálf–óformgerð viðtal tekið við **eiginmenn** kvennanna. Tilgangurinn var að fá þeirra sýn eða upplifun af því að hafa kvænst danskri konu. Í þessum að mestu leyti óformlegum samræðum gafst mönnunum tækifæri til að miðla af reynslu sinni af því að búa með konu af öðru þjóðerni. Ég hafði meðferðis undirbúnar spurningar af spurningalista 4 og nótur voru teknar. Viðtölin áttu sér stað í ágúst 2010 og fóru fram eins og spjall.

Segulbandið var sett af stað þegar viðmælandinn var sestur og ég búin að útskýra fyrirkomulagið. Byrjað var á því að tala um fyrstu daga og vikur þeirra hjóna á Íslandi, forsögu hjónanna þekkti ég nú þegar úr frásögnum eiginkvennanna. Viðtölin enduðu oftast á almennu spjalli um námsárin í Danmörku, tengdafjölskylduna, hefðirnar eða bara hvernig veðrið hafði verið í sumar. Viðtölin voru um það bil klukkustund að lengd, eitt fór fram á heimili mínu, hin heima hjá viðmælenda.

Gagnagreining

Hlustað var vel á segulbandsupptökurnar og frásögn eiginmannanna ígrunduð. Leitað var að sameiginlegum þáttum úr reynslu þeirra sem hugsanlega gætu kallast á við þemun sem upp komu hjá konunum. Næsta skref var að koma öllum gögnunum saman, finna snertipunktar í frásögnunum og huga að sameiginlegum niðurstöðum.

D–hluti. Víða leitað fanga

Samband var haft við prest innflytjenda Toshiki Tomo. Eftir að hafa rætt sameiginlega reynslu okkar af því að hafa flust til Íslands langaði mig að vita hvernig ég ætti að skrá nafn hans í heimildaskránni og fékk útskýringar á því. Okkur kom saman um að stundum gæti verið erfitt að bera útlenskt nafn en maður yrði að reyna að láta það ekki fara í taugarnar af sér þegar nafn manns er skrifað vitlaust. Tomo er mikill viskubrunnur, hann hefur búið og starfað lengi á Íslandi og fjallað um samfélagsmál, sér í lagi mál innflytjenda, í greinaskrifum sínum.

Leitað var til Alþjóðasetursins í Reykjavík og óskað eftir upplýsingum um fjölda Norðurlandabúa á íslenskunámskeiðum þeirra og hvernig þeim hafði vegnað. Mig langaði að vita hvort greina mætti mun á upplifun Norðurlandabúa og öðrum útlendingum af námskeiðunum. Þessar upplýsingar lágu því miður ekki fyrir, þar sem þeim er ekki haldið til haga, það er því hvergi hægt að nálgast þær að sögn Erlu Bolladóttur, framkvæmdastjóra Alþjóðasetursins í Reykjavík.

Ég ákvað þess í stað að leita til fyrrverandi íslenskukennara slíkra námskeiða til að forvitnast um reynslu hans varðandi innflytjendur frá Norðurlöndunum. Í samtalinu kom það fram að í samanburði við útlendinga frá öðrum löndum skrá frekar fáir Norðurlandabúar sig á slík námskeið, þar sem engin kvöð er á þá að stunda nám. Þeir sem koma eru að mati kennarans að leita sér að málfræðilegum og þekkingarlegum grunni í málinu en eru í mörgum tilfellum með sérmenntun og flestir þegar komnir með vinnu í sérgreinum sínum. Innflytjendur frá Norðurlöndunum stunda samkvæmt kennaranum þar af leiðandi námið á öðrum forsendum en til dæmis farandverkamenn.

5. Niðurstöður og umfjöllun

Í þessum kafla verða niðurstöður meistaraprófsrannsóknarinnar kynntar. Fjallað verður um viðfangsefni rannsóknarinnar með tilvísun í fræðin þar sem yfirflokkar eða þemur ritgerðarinnar mynda söguþráð og nokkurs konar tímaröð.
Yfirflokkarnir eru sjö: *Forþekking og móttökur*, *tungumálið*, *menningin*, *danskir Íslendingar – íslenskir Danir?*, *aðlögun – samlögun*, *fordómar* og *viðurkenning – áhrif*. Í hverjum yfirflokki verður vísað í frásagnir þátttakenda. Er það gert til að rökstyðja textann eða útskýra hann frekar en einnig með það fyrir augum að gera lesendum kleift að „heyra“ rödd allra einstaklinganna til þess að skilja reynslu þeirra betur. Með því móti tel ég að tvennt ávinnist, a) að fá betri heildarmynd af niðurstöðunum og b) að lífssaga dönsku kvennanna verði sett fram á sem skýrastan hátt. Umræður og hugleiðingar fara fram jafnóðum en samantektin er í kafla 6.

***

Að baki flutnings frá heimalandi til annars lands liggur oftast afdrifarík ákvörðun einstaklings, vonin um betri lífsgæði og afkomu eða að fjölskyldan muni öðlast öruggan samastað. Í sumum tilfellum færir öll fjölskyldan sig um set en stundum koma einstaklingar til þess að vinna og vera aflögufærir um að senda peninga til heimalandsins og fjölskyldunnar þar. Undanfarin ár hefur töluverður hópur fólks komið til Íslands í atvinnuleit, flestir þeirra ýmist í byggingaiðnaðinum eða í heilbrigðisgeiranum (Tanja Tzoneva og Rannveig Traustadóttir, 2007:301). Eins og ástandið var hér á landi fyrir efnahagslegt hrun 2008 var ekki hægt að manna störf með íslensku starfsfólki, því var sóst eftir erlendu vinnuafli, síðan þá hefur tækifærum fækkað og margir erlendir starfsmenn flutt frá Ísland.

Vert er að nefna að aðrar ástæður geta verið fyrir því að fólk ákveður að flytja búferlum eins og náms– eða viðskiptahugmyndir þeirra eða ævintýraþrá. Oft gerist það einnig að maður hittir mann, eða konu, frá öðru landi og ákveður að kynnast

bakgrunni hans, eða hennar, betur með því að flytja. Í dag er ekki óalgengt að ungt fólk taki sér frí eitt til tvö ár til að ferðast um heiminn og koma heim reynslunni ríkari. Og það er ekki einungis ungt fólk sem með réttu getur kallað sig heimsborgara því margt fullorðið fólk ferðast einnig til útlanda á ári hverju þar sem sumir dvelja jafnvel langtímum saman í eigin húsnæði.

Þýði rannsóknar minnar er óljóst þar sem erfitt er að finna opinbera, nákvæma skrá yfir danskar konur sem sest hafa að á Íslandi með íslenskum eiginmönnum sínum. Ætla má að miðað við þýðisstærðina 24 gefi úrtaksstærðin 5 samt nokkuð raunhæfa mynd af fyrirbærinu. Sú ákvörðun kvennanna í rannsókninni að flytja með eiginmanni sínum til Íslands virðist hafa verið frekar auðveld þar sem driffjöðrin var ást eða atvinna eða hvort tveggja í senn og ævintýraþrá undirliggjandi hjá þeim öllum.

5.1 Forþekking og móttökur

„ ... ég brosti út í eitt og [var] alveg komin með illt í vöngum.“ (Ninna)

Sigurður Konráðsson (2007:133–134) hefur rannsakað hvernig fólk bregst við sem flyst um langan veg til að hefja nýtt líf í nýju landi. Í grein sinni *Íslenska: Móðurmál og annað mál* segir Sigurður að flestir sem fara sjálfviljugir reyna að finna upplýsingar um land og þjóð áður en þeir leggja af stað. Reynslan hefur sýnt að þeir sem hafa lært heima þurfi oft minni aðstoð og er það skoðun hans að öll vitneskja fyrirfram úr bókum, sjónvarpi eða kvikmyndum sé af hinu góða og geti hjálpað hinum nýja „landnámsmanni“ við að undirbúa sig. Þetta var hins vegar ekki raunin hjá dönsku konunum sem fluttu með eiginmönnunum sínum til Íslands því fáar þeirra vissu mikið um Ísland þegar ákvörðunin var tekin.

Fyrst var spurt um aðdraganda að því að dönsku konurnar fluttust til landsins, allar nefndu þær ást, vinnu eða ævintýraþrá og sögðust hafa verið spenntar að fara þrátt fyrir litla vitneskju um landið. Ninna mundi eftir að hafa lært um Ísland í skóla og nefndi kafla úr skólabókunum um Hrafna Flóka, hún vissi hver Vigdís Finnbogadóttir var og hafði séð barnasjónvarpsþætti um Ísland. Eva vissi mest um Ísland. Hún hafði kynnst íslenskri stelpu sem var við sama nám og hún í Danmörku og komið með henni til Íslands til sumardvalar. Hún hafði hrifist af landinu og haft

áhuga á að koma hingað að vinna að námi loknu. Ruth ímyndaði sér snjóhús og kofa og „ ... var mjög hissa þegar ég sá hvað þetta var. Þetta var svo ótrúlegt, það voru bæði eldavélar og falleg hús ... “. Ninna, Ruth og Lilla kynntust allar eiginmönnum sínum í Danmörku, „ ... svo maður varð að fara til Íslands“ (Ninna). „Ég var ástfangin upp fyrir haus“ sagði Lilla, en Ruth og Eva komu með tilvonandi eiginmanni til að vinna. Hjá Lillu voru líka uppi hugmyndir um að vinna á Íslandi þegar maðurinn hennar væri búinn með nám sitt. Lena og eiginnmaður hennar tilvonandi kynntust á ferðalagi í öðru landi og ákváðu að setjast að á Íslandi að ferðalaginu loknu. Fimmmenningarnir sögðust ekki hafa hugsað sér að vera hér eins lengi og raunin varð því það var alltaf inni í myndinni að ef ekkert gegni myndu þær bara geta snúið heim aftur.

Sigurður Konráðsson (2007) segir í áðurnefndri grein sinni „ ... að enginn skortur er á vandamálum í tengslum við flutning fólks landa á milli.“ (Bls.135) og Raavig (2008:12–13) er á sama máli í umfjöllun sinni um flóttafólk og innflytjendur í Danmörku eins og fram hefur komið. Hún lýsir í rannsókn sinni hinum margvíslegu verkefnum sem fólkið verður að takast á við, stundum í fjandsamlegu umhverfi. Raun kvennanna fimm var ekki ósvipuð þó að þær hafi komið til Íslands á öðrum forsendum og af fúsum og frjálsum vilja. Ein sagðist hafa fengið menningarsjokk þar sem allt virtist frábrugðið því sem hún átti að venjast. Þær töluðu allar um að þær skildu ekkert fyrst og hvað þær vissu lítið um land og þjóð. Kannski var ævintýrið ekki eins spennandi og þær höfðu haldið? Konurnar héldu allar fyrirfram að Íslendingar töluðu og skildu dönsku til jafns við íslensku og þeim varð öllum brugðið þegar í ljós kom að dönskukunnátta Íslendinga var af skornum skammti. Þær gerðu sér fljótlega grein fyrir að til að hafa samskipti við ættingja og vini eiginmannanna og á vinnustað þyrftu þær sem fyrst að takast á við að læra íslensku.

Um móttökurnar höfðu viðmælendur mínir jákvæðar sögur að segja. Ein sagðist hafa fengið blómvönd þegar Gullfoss lagði við bryggju í Reykjavík og hafði seinna fengið áfall þegar hún uppgötvaði hvað blómin væru dýr á Íslandi. Þær fengu góð viðbrögð frá starfsfélögunum og tengdafjölskyldurnar voru vingjarnlegar. Þrjár konur töluðu ensku fyrst en allar voru ákveðnar í að læra íslensku strax, „ ... því maður var svolítið einangruð fyrst þarna til að byrja með“ (Ninna). Þegar Ninna hitti fjölmennt lið af frænkum og frændum við komuna til landsins sagði hún „ ... voðalega lítið ... og brosti út í eitt og [var] alveg komin með illt í vöngum ...“. Ruth leigði hjá fjölskyldu sem reyndist mjög hjálpleg. Börn þessarar fjölskyldu urðu vinafólk hennar

og mannsins hennar til margra ára. Eiginmaður Lillu reyndist eiga mörg systkin. Lilla lýsti því þannig þegar hún kynntist þeim: „ ... [Þ]að var líf og fjör og ég skildi ekki orð af því sem fram fór.“ Henni fannst mikil viðbrigði að hlusta á allan hamaganginn í fólkinu sem var ólíkt því sem hún átti að venjast því hún átti bara eitt systkini. Fram kom hjá Evu, Lenu og Ninnu að þær gátu notast við ensku fyrst í stað bæði við vinnu og innan um fjölskyldu og vini. Fjölskyldur og vinir eiginmannanna voru jákvæðir frá fyrsta degi og reyndust öllum konunum vel. Danirnir voru hissa að sjá að Íslendingar leggja mikið upp úr ættrakningu og ættrækni, þær skildu fljótt að með því að hafa gifst íslenskum manni og sest að hér fengu þær sess í sögu stórfjölskyldunnar og urðu þar með hluti af stærri heild. Núna finnst þeim þessi áhugi landans skemmtilegur og í senn eðlilegur, og í raun jákvætt að vita hvernig rekja megi ætt manns langt aftur í tíma.

Sýn eiginmanna

Eiginmenn kvennanna voru ánægðir með hvernig móttökurnar höfðu verið á sínum tíma. Þeim fannst eiginkonur þeirra falla vel í hópinn og foreldrar og systkini þeirra höfðu tekið þær undir sinn verndarvæng. Einn sagðist hafa verið afar þakklátur hvernig móðir hans hafði stutt tengdadóttur sína við íslenskunámið. Við spurningu minni um hvort það hafi verið erfitt að þurfa að túlka nánast allt og vera einskonar milligöngumaður og upplýsingafulltrúi var svarið að þær höfðu lært að bjarga sér mjög fljótt. Fram kom að atriði eins og það að hringja, svara í síma eða taka á móti skilaboðum voru dæmi um athafnir sem valdið gátu konunum áhyggjum eða óöryggi fyrst um sinn, þeir höfðu því tekið þann hluta samskiptanna á sig. Þeir höfðu ekki fundið fyrir álagi sökum þess að eiginkonurnar reiddu sig á þá fyrst í stað, heldur fannst þeim það sjálfsagt. Einn sagðist hafa viljað gera hvað sem er til að henni liði vel hér fyrst að hann væri búinn að ræna henni til Íslands. Þegar ég spurði þá hvort þeir höfðu haft efasemdir eða áhyggjur fyrirfram um það hvernig það yrði að koma heim til Íslands með tilvonandi eiginkonu frá öðru landi var svarið að svo var ekki. Þeir höfðu verið sannfærðir um að allt mundi ganga vel og vissu að kærustur þeirra hugsuðu eins.

5.2 Tungumálið

„Ég hélt að þetta yrði allt meira danskt ...“ (Ruth)

Oft eru erfiðleikar bundnir því að flytjast á milli ólíkra menningarsvæða, ekki síst vegna tungumálaörðuleika (Ragna Lára Jakobsdóttir, 2007:186–189; Lund, Pihl og Sløk, 1966:360; Sigurður Konráðsson, 2007:134). Að mati fræðimannanna er tungumálið gluggi að menningu og mikilvægur grunnur samfélagsins, það er því aldrei ótengt umhverfinu, og athugun á tungumáli þarf að fara fram samhliða athugun á menningunni. Barnið hugsar á tungumáli sem það tileinkar sér innanfrá í því menningarumhverfi sem það elst upp í. Að sumu leyti má segja að erlendur borgari sjái sjálfan sig í hlutverki barns að læra nýtt tungumál en ólíkt barninu þarf hann að tileinka sér menninguna samhliða tungumálanáminu. Þar sem stór hluti þekkingar er bundin í orð er orðaforðinn mikilvægur til þess að greina frá hugsun og afla þekkingar (Halldóra Haraldsdóttir (2009:22).

Miðað við mikilvægi tungumáls sem samskiptatækis manna á milli er áhugavert að einungis lítill hluti af samskiptum byggist á tali (Peoples og Bailey, 2006:45–61). Sannað þykir að margfalt stærra hlutfall er óyrt tjáning sem oftast er ómeðvituð og er menningarbundin. Dæmi um ómálbundin samskipti geta verið nálægðin milli samræðufélaga eða snerting, hve hratt eða hátt sé talað, hvort viðmælandinn grípi fram í eða hvað andlitssvipur eða handahreyfingar geta gefið til kynna. Ef ósamræmi verður milli þessara reglna um merkingu ómálbundinna skilaboða getur mistúlkun átt sér stað. Fólk sem hefur ferðast til margra landa hefur upplifað þetta, það er reynsla þeirra að besta ráðið sé að skoða samræðuform heimamanna og læra af þeim. Þannig fæst einnig tilfinning fyrir hvernig mismunandi málnotkun og kurteisisreglur hæfa mismunandi tækifærum.

Baldur Jónsson (2002a:21–22) skrifaði um áhrif dönskunnar á íslenskt mál í grein sinni *Íslensk málrækt* frá 1987. Það er skoðun Baldurs að þrátt fyrir að engin fyrirmæli hafi komið að ofan um að Íslendingar væru skyldugir til að kunna dönsku er staðreyndin sú að dönsk tunga hefur haft áhrif á íslensku. Hann bendir á að Ísland laut dönskum yfirráðum öldum saman, eða frá 1380 til 1918, og að Danakonungur var einvaldur á Íslandi frá 1662 til 1874. Baldur slær því þó fast að danskan var aldrei mál Íslendinga, hér tíðkaðist aldrei nema eitt tungumál og enginn krafðist þess að Íslendingar skildu eða töluðu almennt dönsku. En sökum þess hve tengslin við

Danmörk voru langvarandi og ákveðin hlaut íslenskan að verða fyrir áhrifum frá dönsku. Baldur bætir við að á Íslandi var danska ekki skyldunámsgrein í skólum fyrr en 1946 mörgum árum eftir að landið hlaut fullveldi.

Þegar konurnar stóðu frammi fyrir þeirri staðreynd að fáir Íslendingar skildu og töluðu dönsku gerðu þær fljótlega upp við sig að þær þurftu að læra íslensku. Ein sagðist hafa fengið að vera í friði með enskuna fyrstu þrjá mánuðina en þá hefði þolinmæði Íslendinga gagnvart henni þrotið og hún byrjaði fyrir alvöru að æfa sig í íslensku. Svipað var uppi á teningnum hjá annarri því hún talaði um að eftir að hafa dvalið hér í tvo mánuði var nýja brumið farið af henni sem útlendingur og vinnufélagar og fjölskylda farin að heimta að hún talaði meiri íslensku. Samkvæmt konunum tókst þeim á einu til tveimur árum með góðri aðstoð frá eiginmönnum, tengdafjölskyldu, vinum og samstarfsfélögum að kynnast hinu nýja tungumáli og menningarsamfélagi. Ein sagðist hafa fengið bestu tungumálakennsluna hjá ákveðinni útvarpsstöð og þakkaði þuli dægurlagaútvarpsins fyrir alla hjálpina!

Eins og Peoples og Bailey hefur Bonvillain (2003:47) rannsakað tungumál og samskipti. Það er skoðun hans að blæbrigði tveggja tungumála geta verið ólík þó svo málunum svipi saman. Hér skipta ekki einungis máli tónhæð, framburður, orðaval eða orðaforði heldur einnig það sem kalla mætti hina menningarlegu „fyrirmynd“ (*cultural model*) og á rætur í menningu samfélagsins. Er hér átt við þætti eins og hefðbundna hegðun, viðmót eða háttsemi innan samfélagsins. Bonvillain kemur einnig inn á það hvernig mismunandi menningarsvæði sýna ólík viðhorf til umhverfisins og stöðu einstaklingsins með því að nota ólíkar aðferðir til að tjá sama hlutinn. Til viðbótar við að læra að skilja og tala íslensku þurftu konurnar því einnig að aðlaga sig að íslenskri framkomu og hegðunarmáta og leggja sig fram við að skilja og virða menningu beggja tungumála. Þær gerðu sér grein fyrir að til þess að verða tvítyngdar þyrftu þær einnig að þekkja nýja menningarsvæðið vel, þær urðu því að takast á við hið nýja líf með opnum og jákvæðum huga. Ég hygg að mörgum finnist að það sé meira en bara blæbrigðamunur á tungumálum Íslendinga og Dana, það var því ærið verkefni framundan hjá dönsku konunum við að tileinka sér tungumálið og menningarfærni.

Fyrstu kynni kvennanna af hinni íslensku tungu var ýmist í Danmörku eða á Íslandi við komuna hingað. Lillu fannst tungumálið öðruvísi en hún átti von á og Ninnu þótti það hræðilega ljótt „... þegar við vorum ... þarna úti ... að horfa á Eurovision ...þá var Ísland með. Ég hristi nú bara höfðinu. Ég náði hvergi upp né

niður á þessu ... það var líka allt og sumt sem ég hafði heyrt í íslensku “. Að mati Ruthar var það ekki „neitt mannamál ... eins og rússneska“, hún man ennþá hvernig henni og vinkona hennar leið fyrsta kvöldið eftir komuna til landsins, þær sátu á sitt hvorum dívaninum og hugsuðu: „Hvað erum við eiginlega að gera hér?“ Á vinnustað Lillu var henni kastað í djúpu laugina og gert að tala íslensku, því vinnufélagarnir sögðust hvorki skilja dönsku né ensku. Þrátt fyrir að þetta hafi verið erfitt, var það að mati Lillu „ ... ekki slæmt ... “ og hún var fljótlega farin að bjarga sér í vinnunni. Lena og maðurinn hennar töluðu saman á ensku þangað til hún lærði íslensku, en enska var „þeirra“ tungumál frá því þau kynntust. Þrátt fyrir að Evu hafi fundist íslenskan erfið var hún einnig skemmtileg að hennar sögn. Hún sagðist ávallt hafa haft mikinn áhuga á tungumálum og þess vegna ákveðið að læra tungumál heimamanna sem fyrst.

Það fyrsta sem konurnar lærðu í íslensku var hvernig átti að heilsa og þakka fyrir sig. „Ég lærði á fyrstu degi að segja takk fyrir *miiiig*, og brosa ... svo kom þetta þegar ég fór að vinna ... einn, tveir, þrír og já takk og nei takk og ég er pakksödd“, sagði Ninna og hló. Hún man ennþá hvernig henni leið þegar hún reyndi að horfa á munn einnar konu til að sjá hvernig þessi furðulegu hljóð *ll*, *r*, *þ*, og *ð* komu út til að reyna að herma eftir. Lilla hafði kynnst Íslendingum í Danmörku og heyrt tungumálið en aldrei reynt að skilja það. Hún er ekki frá því að í samanburði við þetta fallega land sem hún hafði ferðast um heilt sumar áður en hún fór að vinna, þoldi tungumálið illa samanburðinn og var allt öðruvísi en hún hafði ímyndað sér. Fyrstu kynni Lenu af Íslandi voru frekar neikvæð þegar hún keyrði gegnum hraunið frá Keflavík. Henni fannst hún vera komin til tunglsins, en féll svo fyrir fegurð Íslands í fyrstu ferð sinni um landið. Lena hafði orð á því að tungumálið hæfði engan vegin þessu fallega landi eins og fram kom einnig hjá Lillu.

Í rýnihópnum rifjar Ruth upp hvernig henni hafði fundist að hitta Íslendinga í fyrsta sinn á þeim stað þar sem hún og vinkona hennar fengu gistingu. Þá komu margir Íslendingar á gistihúsið til að berja þær augum eins og þær væru framandi dýr og þegar þeir „ ... fóru vildu þau alltaf segja *bless* ... ég skildi ekki hvað þetta bless var eða þýddi. ... En þetta var mikil reynsla vegna þess að ég hélt að það yrði allt meira danskt ... já, mun meira danskt“. Þegar Ninna minntist brosandi á setninguna *ég skil ekki* hlógu allar og könnuðust við að hún hafi verið mjög gagnleg á fyrstu dögum og vikum þeirra á Íslandi.

Tengdamóðir Ninnu var mjög hjálpleg og las með henni fyrirsagnir í dagblöðunum á hverjum degi og talaði við hana á íslensku. Ninnu fannst með

ólíkindum hvernig mannanöfn gátu breyst við beygingu og ætlaði seint að geta skilið að Egill og Agli var í raun sami maðurinn, eða Anna og Önnu væri notuð fyrir sömu konuna. Hún lýsti því á skemmtilegan hátt hvernig útvarpskona á einni stöð hafði átt drjúgan þátt í að hún lærði málið, því þulan var svo dugleg að endurtaka:

> ... Nú er klukkan 10.30. Næst ætla ég að spila lagið tra–la–la, og svo kom lagið, og svo tók hún við þegar lagið var búið og sagði, þetta var lagið tra–la–la og næst er það tri–li–li. Og klukkan er núna þetta, og þetta er [nafn útvarpskonunnar] sem er búin að vera með ykkur síðan klukkan 10 í morgun og ætla að vera með ykkur til klukkan 11 ...

Af því útvarpsþulan var alltaf að endurtaka þetta „ ... þá fór þetta smátt og smátt að síast inn.“ Það sama sagði Ruth, hún byrjaði „ ... svona að tala pínulítið, ekki ofsalega mikið, ... “ og svo kom þetta eftir árið að hennar sögn. Evu fannst íslenska erfið og segist ennþá finnast beygingar, föll og kyn nafnorða flókin. Sem dæmi sagðist hún fyrst í stað alltaf hafa beðið um *fimm* stykki af því sem hún ætlaði að kaupa til að vera viss um að þurfa hvorki að hugsa um kynið né fallbeyginguna. Lena lærði byrjunarmálið af börnunum sem hún umgekkst. Þegar fjölskyldan eða vinir mannsins hittust var algengt að rætt var um fólk sem hún þekkti ekki til. Henni þótti skemmtilegra að setjast hjá börnunum, því þau spurðu hana spurninga og svöruðu henni án þess að sýna óöryggi eða efast um að hún skildi. Nefna má í þessu sambandi að það sama var upp á teningnum hjá Cinzia Fjóla Fiorini (2007:271) sem segir reynslusögu sína í bókinni *Fjölmenning á Íslandi*. Fiorini lýsir fyrstu árum sínum á Íslandi og kemur á framfæri þökkum til allra barnanna sem höfðu hjálpað sér við að læra tungumálið með spjalli og söng.

Hjá öllum konunum kom fram nauðsyn þess að halda áfram að bæta við kunnáttu sína, því eins og Lilla sagði þá „ ... er það ekki hægt að vera neins staðar nema maður geti talað við fólk“. Og seinna í viðtalinu sagði hún: „Og ég er ennþá að læra ...“. Allar fimm höfðu farið á íslenskunámskeið með misgóðum kennurum og árangri. Öllum bar saman um nauðsyn þess að bjóða útlendingum upp á íslenskukennslu og voru með ýmsar tillögur að úrbótum í þeim efnum. Á öllum fimm heimilunum var og er töluð danska í bland við íslensku, en með árunum hefur heimilismálið breyst frá því að hallað hefur á dönskuna og íslenskan er ráðandi.

Áhugavert er að skoða hugleiðingar Baldurs Jónssonar (2002b:413–421) í greininni *Málræktarspjall* en þar íhugar hann hvað það er að kunna íslensku og hver segist kunna íslensku nógu vel? Hann segist sjálfur kunna íslensku best af öllum

tungumálum en hver kann lifandi tungumál til fullnustu? Baldur tekur það fram að engir tveir einstaklingar kunna nákvæmlega sömu íslensku, því líklega kunna þeir hana misvel eða mismikið, það geta allir lært meira. Þó að Baldur eigi líklega hér við Íslendinga er það ágæt hughreysting handa útlendingum sem eru að læra íslensku, að það sé allt í lagi að tala íslensku með hreim eða vera með götóttan orðaforða því það má alltaf bæta sig. Eins og Baldur segir í greininni eru allir að læra málið alla sína daga, allt fram á elliár.

Íslenskukennsla

Í aðlögunarferli einstaklingsins í nýju landi reynist tungumálið oft þröskuldur sem erfitt er að komast yfir. Hætta er á að hann geti fundið fyrir vanlíðan og einangrast. Í rannsóknum kemur einnig fram hvernig slök kunnátta í íslensku getur hamlað gegn því að útlendingar fái vinnu við sitt hæfi hér á landi (Rannveig Þórisdóttir og fl., 1997:37–39; Sigurlaug Hrund Svavarsdóttir, 2000:58). Þeir þurfa því oft að sætta sig við störf sem hvorki krefjast sérkunnáttu né –þekkingar. Eftir því sem tungumálahæfni hins aðflutta vex fjölgar atvinnutilboðum og aðgengi að góðum störfum. Þó að möguleikar séu á tungumálanámi finnst mörgum erfitt að finna tíma til að sinna því sökum þess hvað þeir þurfa að vinna mikið til að ná endum saman. Þar sem ekki er óalgengt að aðfluttir tala saman á ensku fyrst um sinn, grípa sumir til þess ráðs að læra ensku og finna þá ekki eins fyrir þörfinni að læra íslensku.

Í nýlegri rannsókn Hönnu Ragnarsdóttur (2007:241–246) á aðstæðum tíu erlendra fjölskyldna sem fluttust til Ísland kom sérstaða norskrar fjölskyldu í ljós á mörgum sviðum. Hjónin fengu bæði fastráðningu, háskólamenntun þeirra var metin og góð laun voru í boði þó svo að íslenskukunnáttu þeirra væri ábótavant. Það sýndi sig einnig að fjölskyldan aðlagaðist ágætlega og það var mat Norðmannanna að menningarheimi þeirra svipaði á margan hátt til íslenskrar menningar. Þrátt fyrir tungumálaörðuleika leið fjölskyldumeðlimunum öllum vel, „neyddust“ ekki í íslenskukennslu og notuðust við ensku í stað íslensku.

Kennari á íslenskunámskeiði fyrir útlendinga gat í viðtali staðfest að yfirleitt séu fáir nemendur frá Norðurlöndunum. Að mati hans stafaði það að tvennu; annars vegar fylgir innflytjendum frá þeim löndum ekki námskvöð til þess að setjast að á Íslandi, og annars vegar virðast þeir sem koma frá hinum norrænu löndunum oftast

vera búin að útvega sér vinnu við komuna til landsins, vinnu sem hæfir menntun þeirra.

Í bók Péturs Eiríkssonar (2008:105–108) um aðstæður þýsku „landnáms“–kvennanna til íslenskunáms kemur það fram að í sveitum landsins var kennsla af skornum skammti. Þær sem kunnu eitthvað fyrir sér í ensku reyndu að nota hana, en á þeim tíma var ekki algengt að fólk kynni ensku. Í staðinn gripu Þjóðverjarnir til þess ráðs að lesa bækur barnanna á heimilunum og sumir æfðu framburð með því að þylja *Gagn og gaman* með þeim. Ýmis ráð voru notuð, ein las teiknimyndaseríu í íslensku dagblaði sem hún kannaðist við úr þýsku, önnur reyndi við Laxdælu en flestar töluðu við börnin og reyndu að læra sem mest af þeim. Á sumum bæjunum tíðkaðist að skiptast á kennslu, það er að segja að ef einhvern heimilismanna langaði að læra þýsku hjá Þjóðverjanum tók hann að sér að kenna íslensku á móti. Þær taka þó fram að þær hefðu helst kosið að geta sótt kennslu í íslensku.

Á Íslandi er staðan í dag að þeir sem ætla að sækja um landvistarleyfi og/eða íslenskan ríkisborgararétt ber að þreyta próf í íslensku að loknu ákveðnum kennslustundafjölda tungumálanáms, en Norðurlandabúar eru í sérstöðu hvað það varðar. Engu að síður stendur þeim tungumálanám til boða á námsstöðum víðs vegar um land. Það voru öðruvísi aðstæður til náms þegar dönsku konurnar komu til Íslands um miðja og upp úr miðri tuttugustu öld og margar þeirra þurftu sjálfar að hafa fyrir því að leita uppi íslenskunámskeið eða kennara sem tók að sér kennslu. Þar að auki stóðu námskeiðin misjafnlega lengi yfir og árangurinn varð oftast eftir því.

Lilla hafði farið á tvö íslenskunámskeið fyrir byrjendur sem höfðu gagnast henni svolítið. Þessi námskeið höfðu verið í boði á vinnustaðnum og henni fannst sjálfsagt að vera á þeim báðum. Hún er samt á því að það hefði verið gagnlegt að geta farið á framhaldsnámskeið seinna. Að hennar mati væri gott ef meiri einstaklingsaðstoð væri í boði því nemendurnir voru oftast á mismunandi getustigum. Það er skoðun Lillu, Evu og einnig Ninnu að skortur var á að kennt væri nægilega mikil málfræði. Þær höfðu fljótlega áttað sig á því að íslenskri málfræði svipar til þýskrar málfræði sem þær höfðu lært og kunnu, þess vegna hefði verið gott að geta borið málfræðireglur tungumálanna saman. „... málfræði lærir maður jú ekki, maður lærir fyrst að tala.“, eins og Lilla sagði en á námskeiðunum var áherslan lögð á að þjálfa skilning og tal. Ninnu fannst vanta að hún lærði að nota orðabækur til að átta sig almennilega á fallbeygingunni og í hvaða kyni nafnorð væru, eða að minnsta kosti

hvernig og hvar væri hægt að finna það út. Lena var einnig óánægð við námskeiðið sem henni var boðið og sagðist læra langmest af börnunum sem hún hitti.

Þegar talið við Ruth barst að íslenskukennslu taldi hún að námskeiðið sem hún fór á hafi ekki verið kennsla. Það var mat hennar að námskeiðið hafði verið „ ... hörmulegt, því hann [kennarinn] vildi tala við okkur á dönsku allan tímann, vegna þess að hann var svo spenntur að læra dönsku svo við lærðum aldrei íslensku. ... Nei, það var út í hött. ... Ég var svo reið að ég fór og kom aldrei aftur.“ Kennslunni í íslensku má þakka tengdamóðurinni og eiginmanni sem að sögn Ruthar voru mjög þolinmóð. „Og ég er ennþá að læra ... maður bara verður... .“ Eva var nokkuð ánægð með námskeiðið sem hún sótti á fyrsta ári sínu á Íslandi, því hún lærði eitthvað og eignaðist vini sem ennþá eru í vinahópi þeirra hjónanna.

Tungumálið sem tæki til félagslegra samskipta

Fram kemur hjá Peoples og Bailey (2006:45) að til að tala og skilja tungumál sé nauðsynlegt að málfræðireglur séu í gildi og að fólk kunni að nota þær.
Þeir tala um málfræði sem tæki til að tengja saman orð og setningar eftir nákvæmum reglum. Þeir telja að fólk víða um heim eigi það til að dæma einstaklinga eftir því hvernig þeir nota málfræðina í daglegu tali og taka fram að á sama málsvæði geti verið margar mállýskur með mismunandi málfars– og málfræðireglur og engin rétt eða röng. Þegar menn dæma aðra út frá því hvort þeir hafi fullt vald á málfræðireglum tungumálsins er það mat menningarlega skapað.

Toshiki Tomo (Netið 2006) hefur skrifað um málefni innflytjenda og þekkir vandamálin sem upp geta komið af eigin raun. Eftir að hafa lært íslensku í mörg ár segist hann verða að sætta sig við að geta aldrei lært að tjá sig lýtalaust á tungumálinu, bæði hvað varðar orðaforðann og málfræðina. Hann segir að líf hans á Íslandi sé að sumu leyti líf fatlaðs einstaklings þar sem hann geti ekki talað íslensku eins og innfæddur.

Svipaða sögu er að segja um viðmælendur mína. Fram kom í samræðunum að konurnar gerðu sér grein fyrir að á máli þeirra mætti heyrast að þær væru ekki innfæddir Íslendingar. Ein sagðist vilja vera Íslendingur en vissi að hún yrði ekki viðurkennd sem slíkur, heldur sem útlendingur vegna tungumálsins. Hún greindi frá því að margar jafnaldra danskar vinkonur hennar séu í sömu stöðu og hún. Þeim finnst einnig erfitt að litið sé á þær sem útlendinga vegna þess að það heyrist á máli þeirra að

þær séu ekki fæddar hér. Áhugavert var að heyra Lenu nota orðið *fötlun* eins og Tomo gerði, til að lýsa hvernig tungumálaskortur háði henni fyrstu árin á Íslandi.

Löngunin til að eiga samskipti við Íslendinga gerði fljótt vart við sig hjá konunum fimm. Þær gerðu sér grein fyrir eiginleikum tungumálsins til að miðla félagslegum samskiptum og fundu hjá sér löngun til að læra tungumálið. Ninna minntist á það að maður er manns gaman og sagði: „Ég er svona mikil félagsvera. Það er ómögulegt að geta ekki fúngerað innan um fólk, sko ... þegar maður getur ekki skilið hvað sagt er eða sagt það sem maður vill.“ Við spurningu minni um hvort það kæmi ennþá fyrir að einhver skilji hana ekki var svarið ákveðið *nei*!

Þó svo að Lillu hafði fundist íslenska furðulegri en önnur tungumál sem hún hafði kynnst fékk hún góðan stuðning og jákvætt viðmót á vinnustaðnum. Með aðstoð samstarfsmanna sinna fór hún að tala íslensku og varð fljótlega sátt við það. Hún sagðist hafa gert upp við sig að hún yrði að læra málið til að eiga samskipti við vinnu– og viðskiptafélaga. Að hennar sögn lærði hún að skilja og tala íslensku nægilega vel á fyrsta ári til að nálgast fólk og skilja þeirra sjónarmið en líka þannig að þeir skildu hana. Hún man enn eftir því hvernig henni leið áður en fundir á vinnustaðnum hófust, hún gat orðið sveitt af áhyggjum fyrirfram við tilhugsunina um það hvort allir myndu skilja tillögur hennar eða hvort tungumálakunnáttan myndi duga í umræðunni.

Lena lýsti því fyrir mér hvernig hún og maðurinn hennar töluðu ensku fyrst í stað, síðan kom í ljós að hann kunni dönsku og upp frá því fóru samræður hjónanna fram á dönsku. Eftir að hafa átt heima á Íslandi í eitt ár ákvað Lena að NÚ yrði hún að læra íslensku, því henni leið eins og hún stæði utan við samfélagið. Hún bannaði manninum að tala við sig á ensku eða dönsku og fór sjálf fljótlega að bjarga sér á tungumáli heimamanna.

Þó að Eva hafi átt heima á Íslandi í mörg ár sagðist hún ennþá oft æfa sig á íslenskum setningum annað hvort skriflega eða í huganum áður en hún færi að tala um ákveðið efni við fólk, til dæmis hjá lækninum eða í skólum barnanna. Eftir að hún var nýflutt bjargaði hún sér vel á vinnustaðnum með blöndu af ensku, dönsku og íslensku. Hún var aldrei í vandræðum með að tjá sig eða gera sig skiljanlega og fjölskyldan var jákvæð í hennar garð og lagði sig fram við að skilja hana. Henni finnst ennþá vandasamt að skrifa íslensku og á erfitt með að sætta sig við að skrifa eins og barn í 1. bekk í grunnskóla.

Samskipti við annað fólk var einnig efst í huga Ruthar þegar hún kom hingað, en hún kom með vinkonu sinni:

> ... Okkur langaði að tjá okkur. Því mér finnst þegar maður fer til annars lands svo vill maður læra málið fyrst af öllu. Það er ekki hægt að vera nein staðar nema maður getur talað við fólk ... það er nr. 1, 2 og 3, svo við lögðum okkur allar fram ...

Fólk á vinnustað Ruthar var mjög jákvætt gagnvart henni og sumt kunni svolítið í dönsku en „ ... það var mikið...svona misskilningur og svona.“ Ruth er ekki frá því að ef maður finnur fyrir jákvæðni í sinn garð hjá fólki í kringum sig fær maður löngunina til að tala og þorir frekar, og þá kemur þetta smátt og smátt.

Tvítyngi í reynd

Danirnir voru fljótir að tileinka sér næga íslenskukunnáttu til að nota málið til jafns við dönsku. Á vinnustöðum kvennanna var þeim mætt með velvilja og flestir þar voru reiðubúnir að veita þeim aðstoð. Tvær voru með háskólapróf sem nýttist þeim vel þar sem þær gátu farið strax að vinna, ein var með sérmenntun sem hún gat notið hér og var meðal annars ástæða þess að hún ákvað að fara til Íslands. Tvær konur fóru í háskólanám eftir nokkurra ára dvöl á landinu og sýnir þetta vel dugnað og sjálftraust þeirra en einnig þor konunnar og að þær voru tilbúnar að ráðast á garðinn jafnvel þar sem hann var hæstur. Fram kom í rýnihópnum að menntunin nýttist þeim vel eftir komuna til landsins og gaf þeim á margan hátt góðan byr, því sérþekkingin sem þær bjuggu yfir var óháð íslenskum aðstæðum og mundi í raun duga hvar sem er í heiminum. Þær voru því jafnvígar flestum Íslendingum sem þær umgengust á vinnustaðnum sínum hvað þekkingu varðar, og gátu auk þess notast við ensku fyrst í stað. Smám saman bættust íslensk hugtök við um hitt og þetta og á kaffistofunni var einungis töluð íslenska. Ein vann á vinnustað þar sem hægt var að hlusta á útvarp í heyrnatóli og lærði íslensku af því að hlusta á tóna og tal. Með tímanum breyttist ríkjandi tvítyngi þeirra með áherslu á dönsku hægt og sígandi í áttina að virku tvítyngi þegar þær fóru að geta notað bæði tungumál jafnt.

Sá sem ætlar að ná tökum á nýju tungumáli og tjá sig á viðeigandi hátt við nýjar aðstæður í nýju landi verður ekki bara að læra að tala málið, jafn nauðsynlegt er að huga að venjum, hefðum og orðræðunni í samfélaginu. Til þess þarf útlendingurinn að átta sig á hinni menningarlegu fyrirmynd (*cultural model)* sem á rætur í menningu samfélagsins (Peoples og Bailey, 2006:56). Hér er átt við þætti eins og hefðbundna hegðun, viðmót eða háttsemi innan samfélagsins. Til viðbótar við að læra að skilja og

tala íslensku þurftu konurnar því einnig að átta sig á og aðlagast íslenskri framkomu og hegðunarmáta og leggja sig fram við að skilja og virða menningu beggja mála.

Það var skoðun Dananna að auðveldara var að venjast sumum hlutum en öðrum. Eitt af því fyrsta sem þeim fannst svolítið erfitt að átta sig á var kveðjan *hvað segir þú gott?* eða *hvað segirðu þá?* Þeim fannst erfitt að svara þessu og voru oft einlægar í svörum sínum, *jú takk mér líður ágætlega en er svolítið þreytt*, eða *ég var með kvef í síðustu viku en núna líður mér vel*. Þær komust þó fljótlega upp á lagið með að svara bara *allt fínt!* Það tók tíma að venja sig á að nota karl–og kvenkyns kveðjurnar rétt, *komdu sæll og blessaður* eða *komdu sæl og blessuð* og fyrir kemur að mismæli slæðast ennþá inn. Yfirhöfuð var mjög erfitt að þurfa að tengja nánast allt sem þær langaði að segja við hið rétta kyn, fall og tölu. Ein nefndi að áhugavert var að kynnast venju Akureyringanna um að tala í áttum. Einu sinni var hún stödd í búð og var að leita að kaffi, þegar afgreiðslumaður benti henni á að leita norðar í hillunni! Henni fannst þetta skrýtið en í senn skemmtilegt og fór sjálf að huga að áttunum upp frá því.

Ninna var mjög ákveðin í að byrja strax að læra íslensku. Þar af leiðandi notaði hún ensku ekki lengi í vinnunni heldur lagði sig fram við íslenskuna. Þegar talið berst að fallbeygingu sérnafna segist hún hafa þurft að læra hana sérstaklega því henni fannst það í byrjun óskiljanlegt að nafn manns gæti breyst á þennan hátt, en „ ... ég er forvitin í eðli mínu, það hefur hjálpað mér ... oooggg ég **vil** skilja aðrir og ég **vil** að ég sé skilin og hafa allt rétt. Þetta hefur drifið mig áfram, forvitnin, og ég **skal**, ég **vil**, ég **ætla**.“ (Ninna leggur áherslu á orðin).

Á öllum heimilunum voru bæði mál notuð, á sumum þeirra var töluð meiri danska en íslenska en á öðrum var það öfugt. Í dag er staðan þannig að þó svo að heimilin séu öll tvítyngd má segja að sum séu „danskari“ en önnur sem hafa meira íslenskt yfirbragð. Börn fjölskyldnanna tala og skilja öll bæði tungumálin en nota einungis íslensku sín á milli. Á einu heimili talar móðirin dönsku við þau en þau svara henni á íslensku, hjá þeim fara samskipti hjónanna einnig fram á dönsku. Á hinum fjórum heimilunum tala hjónin saman á íslensku. Ein hafði orð á því að á meðan fjölskyldan býr hér á Íslandi er danska veikara málið en þegar hjónakornin á tímabili áttu heima í Danmörku var það íslenskan sem þurfti að víkja á meðan. Ruth lýsti vonbrigðum tengdamóður sinnar þegar hún uppgötvaði að barnabarnið eftir þriggja vikna dvöl í Danmörku snéri heim til Íslands altalandi á dönsku og hafði gleymt íslenskunni, málið kom svo eftir nokkra daga.

Vikið er að menntamálum í rannsókn Dagbjartar Ásgeirsdóttur (2008:83) um Kosovo–albanska konur á Íslandi en þar er meðal annars fjallað um hlutdeild barnanna í íslenskukennslu mæðra sinna. Í mörgum tilfellum ná börn innflytjenda fyrr tökum á íslensku en foreldrarnir og enda í kennarahlutverki við að aðstoða þau við að skilja og læra íslensku. Þessa staðreynd er Dagbjört ekki allskostar ánægð með og leggur til að hlúð verði betur að námi fullorðinna innflytjenda. Því er ég sammála eftir að hafa hlustað á viðmælendur mína. Þær höfðu mismunandi góðar sögur að segja um kennsluna sem þær höfðu fengið í íslensku og komu með tillögur að úrbótum: a) námshópum yrði skipt niður þannig að kennslan yrði meira einstaklingsbundin, b) að kennd yrði málfræði til þess að námsmaðurinn gæti borið hana saman við málfræði annarra tungumála sem hann líklega þegar hefur tileinkað sér og c) að sýnt yrði hvernig leita eigi í orðabók og hljóð sérhvers stafs í stafrófinu útskýrt, það myndi hjálpa fólki fyrst um sinn, að þeirra mati. Konurnar lögðu einnig sérstaka áherslu á að d) nauðsynlegt sé að útskýra með dæmum fallbeygingu nafnorða og sérnafna því það hafði ruglað þær í ríminu að sjá hvernig orð og nöfn gætu breyst, jafnvel í sömu setningu.

Með tillögu a) í huga er ágætt að minna á að samkvæmt framhaldsnámskrá í íslensku fyrir útlendinga, sem Menntamálaráðuneytið nýlega gaf út, er gert ráð fyrir sex kunnáttustigum nemandans. Kennsluhóparnir verða þar af leiðandi getu– eða þrepaskiptir eins og fram kom og ættu því að henta fleirum.

Ruth var sérstaklega óánægð með kennsluna sem var í boði þegar hún þurfti á henni að halda, en hvort skortur á kennslu á byrjunarárum hennar á Íslandi hafi orsakað málaörðuleika sem enn há henni, er ekki hægt að fullyrða, en hana vantaði greinilega góðan grunn til að byggja íslenskuna á þegar aðlögunin hófst. „Ef það hefði verið svona skóli eins og í dag þannig að við gátum lært málið, það hefði verið alveg dásamlegt, en ... það var bara ekki þá.“ Í raun sagðist Ruth vera svolítið afbrýðisöm út í innflytjendur í dag sökum þess en finnst þróunin mjög jákvæð.

Eva kom inn á reynslu sína sem foreldri barns í grunnskóla. Henni finnst hún ekki geti hjálpað barninu sínu nægilega vel í stafsetningu og skrifum á íslensku. Að hennar mati virðist vera lítill skilningur á því í skólakerfinu og kallaði hún eftir úrræðum í þeim efnum. Íslenskar fjölskyldur sem búið hafa í útlöndum og flytja heim á ný finna gjarnan fyrir svipuðum vandamálum þegar þau senda börn sín í íslenska skóla. Börn þessara fjölskyldna nefnir Hildur Blöndal (2010) þriðjumenningarbörn, vegna þess að þau eru búin að tileika sér menningu tveggja landa en eiga í raun heima

í hvorugu þeirra. Foreldra þessara barna finna einnig fyrir úrræðaleysi í skólunum þar sem takmarkaða séraðstoð er að fá.

5.3 Menning

„*Sama litla könguló með sitt hvoru nafninu ...* “ (Ninna)

Menning veitir þekkingu sem er nauðsynleg til að lifa af og er grundvöllur félagslegra samskipta að sögn Peoples og Bailey (2006:25–29). Menning gerir fólki af sama þjóðerni fært að haga sér samkvæmt reglum og venjum samfélagsins þar sem þessar nánast óskráðu reglur lærast í samskiptum við aðra innan menningarsvæðisins. Góðar líkur eru einnig á að einstaklingur innan hópsins þurfi ekki að útskýra hegðun sína sérstaklega þar sem íbúar svæðisins hafa skilning á henni. Hér er á ferðinni það sem mannfræðingar kalla menningarfærni eða menningarbundna þekkingu (*cultural knowledge*) sem einstaklingurinn öðlast með því að búa í samfélaginu og segja má að hann fái með móðurmjólkinni. Þannig mótar menningarleg færni félagslegt atferli íbúa svæðisins og það er ekki fyrr en reglur eru brotnar að þessi viðmið vekja athygli.

Á meðan þegnar landsins þurfa ekkert að hafa fyrir því að nota gildandi umgengnisreglur, viðmið eða talsmáta, sem eru dæmi um mikilvæga þætti í menningarlegri færni, verður sá sem sest að í nýju landi að skynja, skoða og herma eftir heimamönnum til að fara rétt að. Líkja má menningarlegri færni við verkþjálfun einstaklings því eins og verkfærni manns vex með aukinni reynslu lærist menningarleg færni með frekari aðlögun. Eftir margra ára dvöl í landinu fer útlendingurinn oftast að mynda náin tengsl við upptökuland og –þjóð og líklegt er að sú tilfinning hans að tilheyra landinu vaxi þegar fram líða stundir.

Í *Livedebat*–grein í Politiken þann 23. ágúst 2010 sem ber yfirskriftina *Bud på danskhed* er spurt: Hvað er danskt? Í innleggi sínu leitar höfundurinn Engelbreth Larsen svara við þessari spurningu og byrjar á því að rifja upp hvað dönsk ljóðskáld hafa skrifað um efnið. Hann kemst að þeirra niðurstöðu að það sé til einskis að miða við menninguna sem flest skáld hafa lofað gegnum tíðina, því menningin breytist stöðugt og mennirnir með, hún er því engin föst stærð sem henda má reiður á. Það er hins vegar menningin sem stöðugt mótar landið, þannig að í raun eru það þau áhrif

sem menningin hefur á samfélagið og landið sem gerir landið danskt. Larsen ákveður því að dásama landið sem menningin hefur mótað á hverjum tíma, það er því landslagið, veðurfarið og moldin sem er „Moder Danmark“ og tákn um allt sem er danskt. Af þessu má álykta að í raun sé erfitt að útnefna ákveðinn stað, ákveðið atriði eða einn hlut sem gæti talist einkennandi fyrir það sem er danskt, því *danskheden* liggur í hugarfarinu og uppeldinu og því sem menningin hefur mótað og í hinni menningarlegu fyrirmynd sem minnst var á í kafla 5.3. Ætli innflytjandi í Danmörku væri ekki jafn lengi að skilja þetta til fullnustu eins og útlendingar á Íslandi að tileinka sér og skilja það sem er alíslenskt? Kannski þarf maður helst að hafa gengið um í sauðskinnsskóm í íslenskri mold til að skilja til hlítar hvað er íslenskt? Eða að minnsta kosti að hafa átt afa eða ömmu sem gerðu það.

Ég spurði dönsku konurnar um skoðun þeirra á íslenskri menningu og hvernig það hafði verið fyrir þær að aðlagast henni, um leið beið ég eftir að heyra hvaða skilning þær lögðu í hugtakið. Ninna fór að tala um hefðir og nefndi jólin sem dæmi. Á námsárum sínum hér á Íslandi mundi hún eftir að hafa hlustað á samræður bekkjarfélaga sinna um hvar þeir ætluðu að halda jól. Ein stelpa var í vanræðum því nýja kærastan hennar var frá Suðurlandi og fannst að það gæti orðið erfitt að halda jól þar. Ninnu fannst að stelpan ekki ætti að kvarta, því: „Nú kem ég alla leið að útann, ég kem erlendis frá, verið þið ekki að kvarta. Reynið þið að finna leið, þið búið þó á sama landi. Hvernig finnum við skötuhjúin út úr þessu?“ Það kom svo reyndar í ljós að sameinast mátti um jólamatinn á heimili tengdaforeldra Ninnu og að margt var svipað um hátíðirnar eins og hún átti að venjast.

Svar Ruthar um hvernig hún leit á menningu tengdist einnig venjum og hefðum og matarvenjur komu fljótlega upp í huga hennar. Hún sagðist hafi vanist ákveðni sem barn, „ekki þannig að ég var barin (Ruth hlær), en bara að **svona** gerum við eða **svona** gerum við **ekk**i.“, (Ruth leggur áhersla á orðin), „ ... og þau eru uppalin við það. ... Stundum fann ég fyrir því að ég var of ströng, ég var vön að klára matinn upp á diskinn og ég kenndi börnunum mínum það.“

Mér fannst ég ekki fá fullnægjandi svar við því hvað menning sé og tók umræðuna upp í rýnihópnum. Hann kom sér saman um að erfitt væri að skilgreina hvað menning væri, því hún mótaði landið, fólkið, hefðirnar og hugsunarháttinn. Konurnar höfðu allar með tímanum lært að notast við blöndu af danskri og íslenskri menningu og reynt að láta börnunum sínum þykja jafn vænt um menningu beggja þjóða.

Menningarmunur

Að sögn dönsku kvennanna var margt í íslenskri menningu sem var frábrugðið því sem þær áttu að venjast. Sökum þess hvað margt virtist framandi í fyrstu gerðu þær sér fljótlega grein fyrir að verkefnið yrði erið þegar kæmi að því að aðlagast öllu. Í samtali okkar var komið inn á ýmsar hátíðir eins og þorrablót, jól og áramót og í ljós kom að öllum konunum hafði fundist fyrstu árin erfið á meðan verið var að finna hátíðunum „tvímenningarlegan farveg“ á heimilunum þeirra. Algengt var að þeim leiddist um jól og áramót, ein sagðist alltaf fá heimþrá á þeim tíma árs en reyndi að gera heimilið eins danskt og hægt væri miðað við aðstæður. Ein passaði sérstaklega upp á það að hafa alltaf eitthvað í jólamatinn sem hún hafði vanist að borða. Tvær sögðust sakna jólasöngvanna og að fara í danska messu. Þeim fannst allir hér of uppteknir af jólunum og söknuðu rólegheitanna og jólagleðinnar. Ein hátíð féll Dönunum í geð, það var Öskudagurinn, því í undirbúningsvinnunni í kringum hann voru þær á heimavelli að þeim fannst. Í spjalli okkar höfðu þær gaman af að rifja upp hvernig haldið var upp á Öskudaginn í Danmörku þegar þær voru börn, þær höfðu allar orðið hissa á að sjá hvernig akureyrsk börn héldu dönskum hefðum á lofti að vísu í breyttri mynd.

Konurnar voru sammála um að yfirleitt sé léttara yfir Dönum en Íslendingum og að Danir séu duglegri en Íslendingar að slá á létta strengi við ýmis tækifæri eins og á fundum eða formlegum samkomum. Þær töluðu allar um að hafa lent í pínlegum aðstæðum vegna tungumálamisskilnings og kæruleysis. Þær lærðu með tímanum að það sem gat verið fyndið eða sniðugt á dönsku kom oft öðruvísi út á íslensku eða var beinlínis tekið illa. Í dag vita þær betur og hafa áttað sig á að nota ekki dönsk orðtök eða málshætti því oft breytist meining þeirra eða skilaboð við þýðinguna. Dæmið um manninn sem dó og þurfti að fara úr skónum fékk allar í rýnihópnum til að skella upp úr, því þegar sagt er á dönsku „han har sat skoene“, vita Danir að verið sé að tala um mann sem hefur dáið, en á íslensku gengur það ekki. Þetta er spurning um rétta málnotkun eða orðræðu sem lærist með tímanum og er hluti af menningarlegri færni einstaklingsins sem var til umræðu áðan.

Í einum svokölluðu *glugga* um líf innflytjenda í bókinni *Fjölmenning á Íslandi* (2007:15) ræðir Gérard Lemarquis um þjóðareinkenni Íslendinga. Hann er sem Frakki vanur að sýna tilfinningar og ræða málin en það er mat hans eftir margra ára dvöl á Íslandi að Íslendingar eru færir um hvorugt. Þeir sýna lágmarkskurteisi en,

„tilfinningin, sem ég fékk alltaf þegar ég var spurður um álit, var að þeir hefðu meiri áhuga á sér en mér.“ (Bls.15). Dönsku konurnar höfðu svipaða skoðun á samskipta– og kurteisisreglum Íslendinga, því þær voru sammála um að í þeim efnum gætu Íslendingar lært margt af Dönum (eða Frökkum). Það er skoðun mín að margt sé til í orðum Lemarquis um að margir Íslendingar séu vanhæfir til að tala um skoðanir eða tilfinningar sínar. Þá vantar ef til vill hæfileikan til að sjá hlutina frá sjónarhorni samræðufélaga síns og móðgast eða byrja að rífast þegar þeim finnst að gengið sé of nærri þeim eða hugmyndum þeirra.

Þegar mismunandi þjóðareinkenni komu til tals í samræðunum var það skoðun Lillu að „Danir hafa þörf fyrir að ræða málin og opna sig yfirleitt fyrr en Íslendingar“. Hún talaði um vinnustað sinn og benti á að hér á Íslandi væri yfirbyggingin minni og auðveldara að ná til réttra aðila í vinnunni. Nálægðin væri á margan hátt jákvæð því vegna hennar fannst henni hún hafi meiri áhrif í starfi sínu hér. Þær töldu allar að Danir væru skipulagðari en Íslendingar. Þegar talið barst að áhrifum mismunandi menningar á uppeldi barnanna, var það skoðun þeirra að þær höfðu alið þau upp eftir dönskum sið, það er að segja með meiri aga en gengur og gerist á Íslandi eins og að fara að sofa á réttum tíma eða klára matinn. Vísvitandi var reynt að gera menningu beggja landa jafn hátt undir höfði hvað varðar heimilishald og innanstokksmuni. Ninna hafði „ ... viljandi ... “ lagt áhersla á að syngja „ ... barnalögin á báðum tungumálum, sama litla könguló með sitt hvoru nafninu, og þau [börnin] því vitað af þeim báðum“. Lilla mat stöðuna hjá sér þannig að heimilið og uppeldið væru undir dönskum og íslenskum áhrifum, en, „ ... hvað við borðum og hvernig við umgöngumst þau [börnin] er á margan hátt danskt“. Ninna benti auk þess á að hjá henni er eiginmaðurinn mikið að heiman og því væri það nánast alfarið á hennar könnu að ráða því hvernig hún vildi hafa allt í kringum sig, hvað var borðað og hvernig uppeldi börnin hlutu.

Í samræðum okkar Lenu var haldið áfram að tala um þjóðareinkenni Dana og Íslendinga. Að mati Lenu eru Danir duglegir að bjóða heim og góðir í að stýra umræðunum við matarborðið. Þeir passa upp á að allir komi að umræðunni og reyna að láta öllum líða vel, þeir leggja sig auk þess fram við að finna leið til að tengja fólkið saman með því að tala um sameignlega reynslu eða áhugamál. Það var reynsla okkar beggja að Íslendingar virðist oftast veigra sér við að setjast við hliðina á ókunnugum og ef sætisskipan er frjáls setjast vinir sér og fjölskylda sér. Við höfðum báðar reynt að búa til borðplan í veislu með það fyrir augum, að allir geti blandast og

kynnst. Reyndin var oftast sú að Íslendingum líkaði fyrst í stað illa við að vera neyddir til að tala við aðra en þá sem þeir þekktu fyrir, en oftast kom löngunin svo til að kynnast hinum þegar leið á kvöldið.

Í rýnihópnum kom svipað til tals þegar umræðan snérist um kurteisisreglur og venjur. Ein minntist á það þegar kynna eigi gesti eða vin fyrir hópi; danski gestgjafinn bendir og nefnir nafn gestsins og nöfn allra hinnar eða gengur sjálfur hringinn og kynnir, á meðan hinum íslenska gestgjafa virðist oftast nægja að segja nafn gestsins upphátt. Konurnar voru sammála um að stundum hafði þeim fundist neyðarlegt en í senn skemmtilegt að kynna fólk hvert fyrir öðru, því oft hafi komið í ljós að gesturinn var skyldur helmingnum í stofunni og hafði kynnst hinum helmingnum einhvern tíma á lífsleiðinni. Dönsku konurnar skildu vel þetta þjóðareinkenni Íslendinga að ganga út frá því að allir þekktust, því oft var það raunin á Íslandi að einstaklingar sem maður hitti í veislu voru oft ættingjar, nágrannar eða vinir. Danir voru hins vegar vanari að umgangast fólk sem var þeim ókunnugt.

Fiskur og „ullarkjöt“

Ekki er hægt að tala um íslenska menningu og menningarmun án þess að koma sérstaklega inn á matarmenningu Íslendinga. Þegar konurnar komu til landsins var margt á matarborðinu sem var þeim framandi og íslenskar matarvenjur á margan hátt frábrugðnir því sem þær áttu að venjast, einkum hráefnið fiskur og lamb. Talað var um að hér sé meiri lykt af matnum en í Danmörku, en af þeim sökum hefði verið erfitt að venjast honum. Þó hefði komið fyrir að matur bragðaðist betur en þær áttu von á og konurnar voru fljótlega farnar að meta það að fá ferska matvörur eins og fisk og lambakjöt.

Fimmmenningarnir þurftu að læra að elda upp á nýtt því hráefnið var annað og úrvalið í búðunum fábreytt og öðruvísi, til dæmis var á Íslandi mun minna notað af grænmeti og ávöxtum en þær áttu að venjast. Ein mundi eftir því að þegar hún kom hingað var einungis til hvítkál, gulrætur og rófur í kjörbúðinni. Tvær þeirra höfðu lært að elda af tengdamóður sinni og ein sagðist hafa beðið sérstaklega um að fá matreiðslubók Helgu Sigurðardóttur að gjöf fyrstu jólin sín á Íslandi. Á einu heimili eldaði eiginmaðurinn þegar þau fóru að búa og gerir enn, eða þau í sameiningu. Ein kvennanna sagðist hafa haft gaman af að borða mat sem var öðruvísi eins og hvalkjöt og slátur, hún var líka sú eina sem hafði þótt súr– og þorramatur góður og fengið sér með bestu lyst.

Þegar matar–málið var tekið upp í rýnihópnum töluðu allar um að sláturtíðin og þorrinn höfðu verið mjög erfið tímabil fyrstu árin bæði vegna þess hvað var mikil lykt af þessum þjóðlega mat en einnig hvernig þjóðfélagið virðist vera undirlagt af þessum hefðum margar vikur í senn, öll heimili tóku slátur og allir borðuðu þorramat. Talið barst að árshátíðum hjá félagasamtökum sem oftast voru haldnar á þorranum. Flestar konurnar könnuðust við að hafa reynt að leita að besta kjötbitanum í troginu og forðast að horfa á súrmatinn, að vísu bjargaði rúgbrauðið sumum frá því að svelta. Þar sem Danir eru vanir að líta á rófur sem svínafóður fannst konunum skrýtið að leggja sér þær til munns, jafnvel hráar.

Íslenskar matarvenjur voru sérstakar fyrir margra hluta sakir fannst konunum. Þær töluðu um að fyrir utan slátur og súrmat hefði verið erfiðast að venjast öllum fisknum. Það var sameiginlega niðurstaða þeirra að alls staðar var lykt af annað hvort fiski eða kindakjöti og að lyktin hafði verið svo sterk að erfitt var að venjast henni. Ninna sagðist hafa fengið „ ... bara sjokk fyrst “ varðandi eldamennsku, það var svo mikið af lambakjöti og fiski. Reynsla Ruthar var einnig erfið „ ... mjög erfið. Mjög. Þetta var svo mikið fisk, kannski þorskur, bara heilan þorsk ... og ég hafði aldrei hreinsað heilan fisk. Þetta var ekki auðvelt ... og þetta gerði ég í mörg, mörg, mörg ár“. Hjá Lillu kom fram að neikvæðar hugmyndir hennar um lambakjöt frá heimalandinu, en hún notaði orðið „ullarkjöt“, höfðu breyst í jákvæðar um leið og tengdamóðir hennar eldaði dýrindis lambalæri við komuna til landsins. Í ljós kom að fyrsta máltíð þeirra allra hjá fjölskyldum þeirra var einmitt lambalæri með Ora baunum og rabarbara sultu. Lilla hélt áfram og sagðist heita því að leggja sér aldrei slátur og súrmat til munns, því, „ ... maður var bara rétt komin hingað í september. Þá voru sviðalappir og hausar sem átti eftir að svíða, og blóð og mör og vambir sem þurftu að hreinsa ... það kom mér á óvart“.

Það sýndi sig að á matseðli þessara fimm heimila var fljótlega komin blanda af dönskum og íslenskum réttum. Einn viðmælandi státaði sig af að hafa kennt tengdafjölskyldunni að meta danska rétti, meira að segja væri jólamatur stórfjölskyldunnar núna eldaður á danskan máta. Ruth sagðist fyrst hafa keypt öðruvísi mat þegar hún fór að búa sjálf, „ ... ég keypti álegg ... jú við fengum annan mat. ... Við fengum brauð, smurt brauð ... “, þrátt fyrir að tengdamóður hennar hafi fundist hún heldur eyðslusöm. Hún var greinilega að hugsa um íslenska matargerð því hún hélt áfram:

> ... þetta var ekki auðvelt ... Hún [tengdamóðirin] notaði líka allt í ... hvað heitir það ... lundabaggi, júgrið og vömbin var soðin og sett í súr, og svo var auðvitað ... þegar við sneiðum vömbina, ... allir aðrir henda afganginum, en tengdamóðir mín þræddi þá á spotta og setti líka í súr. Þau notuðu allt (hér er smá hlé á meðan Ruth hugsar um liðna tíð) ... og þetta gerði ég í mörg, mörg ár.

„Við vorum mjög fátæk“ voru viðbrögð eiginmanns hennar til að réttlæta nytsemina, en hann sat innan seilingar þegar viðtalið fór fram.

Í jólavikunni samanstendur maturinn hjá Evu af þjóðlegum uppáhaldsréttum allra í fjölskyldunni. Að sögn hennar er heimili hennar líklega eini staðurinn á Íslandi þar sem borðuð er skata á Þorláksmessu, svínakjöt með Ora–baunum á aðfangadag og soðinn þorskur að hætti Dana á gamlársdag.

5.4 Íslenskir Danir – danskir Íslendingar?

„Hvernig finnst þér svo að búa á Íslandi?“ (Ruth, eftir margra ára dvöl hér)

Aðfluttir geta, eftir að hafa dvalið á Íslandi, öðlast íslenskan ríkisborgararétt. Misjafnt virðist vera hvaða merkingu þessi réttur hefur fyrir þá. Sumum finnst þeir vera „nýir“ Íslendingar en tala um að tilheyra tveimur stöðum (Unnur Dís Skaptadóttir og Anna Wojtynska, 2007:90) og halda heimamenningunni á lofti til jafns við viðtökumenninguna. Aukin þátttaka í samfélaginu og hagnýt þekking sem bætist við hægt og bítandi verður þó ekki alltaf til þess að fólki finnist það tilheyra landinu sem Íslendingar. Sumir öðlast það sem kallast tvíhliða sýn og eru farnir að bera nýja staðinn og aðstæður þar saman við landið sem þeir yfirgáfu, þeir eiga það einnig til að sjá upprunaland sitt í öðru ljósi eftir að hafa kynnst nýrri menningu upptökulandsins og víkkað sjóndeildarhringinn.

Meðrannsakendur mínir höfðu skoðun á þessu. Allar konurnar töluðu um að eiga heima á tveimur stöðum og tilheyra tveimur löndum þrátt fyrir að hafa átt heima á Íslandi í mörg ár og flestar verið þátttakendur í íslensku samfélagi í lengri tíma en árin sem þær dvöldu í Danmörku. Rýnihópurinn kom sér saman um að hvert land hafi sína sérstöðu og hægt væri að segja margt gott bæði um Ísland og Danmörku. Í byrjun viðurkenndu þær að hafa borið löndin saman, stundum landslagið, svo veðrið eða

matinn og ein sagðist ennþá fá tár í augun þegar hún upplifði blómstrandi ávaxtatrén eða nýútsprunginn beykiskóg í maí í heimsóknum sínum til Danmerkur. Eftir því sem árunum á Íslandi fjölgaði fundu þær minni þörf fyrir samanburð því löndin voru ágæt hvert á sinn hátt með sína kosti og galla. „Bæði og“ voru fyrstu viðbrögð þeirra við spurningu minni hvort þær væru Danir eða Íslendingar. Ein bætti við: „Ég get ekki leyft mér að loka á annan helmingi“. Ruth sagðist vilja vera Íslendingur en mat það svo að líklega yrði hún aldrei tekin inn sem Íslendingur vegna tungumálsins: „Ég horfi á mig sem Íslending en ... ég verð ekki tekin inn sem Íslendingur, ég verð tekin inn sem útlending“. Hún sagðist vera tilbúin að kyrkja fólk sem spyr sig enn í dag: „Hvernig finnst þér svo að búa á Íslandi?“ Því í raun er verið að spyrja um líf hennar eins og hún væri ferðamaður.

„Hálfur Íslendingur“ er titill lags Leones Tinganelli (Birgir Örn Steinarsson, 2009), Leones er ítalskur að uppruna en hefur verið búsettur á Íslandi frá árinu 1986. Í blaðaviðtali lýsir hann því hvernig honum finnst hann verða íslenskari með degi hverjum og sé alltaf að bæta við íslenskukunnáttuna. Hann lýsir í laginu á skemmtilegan hátt hvernig hann lifi lífi „alvöru Íslendings“ og tekur lýsi, borðar hákarl og slátur. Leones lýsir tilfinningum sínum af því vera hálfur Íslendingur bæði vegna dvalartímans hér en einnig vegna tungumálakunnáttunnar, en að eigin sögn talar hann „út úr kú“, eins og kemur fram í texta lagsins. Ég tel að hugleiðingar Leones eigi hljómgrunn hjá mörgu fólki af erlendu bergi brotnu sem hafa reynslu af því að setjast að á Íslandi um lengri tíma.

Í rýnihópnum urðu heitar umræður um ríkisborgararétt og íslensk nafnalög. Fjórar af fimm konum höfðu haldið í danska ríkisborgararétt sinn, sú fimmta „þurfti“ að gerast íslenskur ríkisborgari, eins og hún orðaði það, til að geta stundað atvinnurekstur á sínum tíma. Það var mjög erfið reynsla fyrir hana að þurfa að breyta bæði fornafni og eftirnafni sínu eftir íslenskum nafnareglum og hún sagðist ennþá sár yfir því. Hinar voru sammála um að vilja ekki taka upp annað nafn en það sem þeim var gefin við skírn, þær höfðu þess vegna ákveðið að vera áfram danskir ríkisborgarar þó svo að margir hafi spurt þær hvenær þær ætluðu að gerast Íslendingar.

Lillu finnst hún í dag vera hvort tveggja Íslendingur og Dani. Hún kærir sig ekki um að vera „bara“ Íslendingur, en kynnir sig heldur ekki sem Dana eins og sumir eiga til. Henni finnst maður mikið meira en þjóðerni sitt. Brosandi svar Ninnu við spurningu minni um það hvort hún væri ennþá Dani eða orðinn Íslendingur, var: „ Já, góð spurning. Já og nei.“ Allar sögðust bíða eftir að geta fengið bæði danskt og

íslenskt ríkisfang þegar þar að kemur og ein sagðist ætla að vera sú fyrsta til að sækja um!

5.5 Aðlögun – samlögun

„Illt er að vera á ólandi alinn“ (úr Njálu)

Ég hygg að eftir því sem árunum fjölgar í nýju landi vaxi tengsl innflytjandans við land og þjóð. Með tímanum er hann líklega farinn að venjast aðstæðum, skilja æ betur hegðun og hugsunarhátt landans og finna lífinu nýjan farveg þannig að flest verður auðveldara. Hann ætti einnig að vera orðinn fær um að meta það sem gott er á nýja staðnum og finna fyrir samsömun, á þann hátt verður upptökutungumálið hans eigið mál og hann verður farinn að horfa á upptökumenninguna sem sína menningu. Það er skoðun Peoples og Bailey (2006:21) að menning grundvallast af sameiginlegum gildum samfélagshópsins. Sem sameiningarafl er menningin nauðsynlegur þáttur til fullkomnunar einstaklingsins. Ég tel að einstaklingur sem tilheyrir minnihlutahópi og er fæddur og uppalinn í annarri menningu en þorri íbúa í landinu hljóti að finna fyrir slíkri ófullkomnun þangað til honum finnst hann ekki lengur skera sig úr og finnur samleið með íbúum upptökulandsins.

Vangaveltur um það að vera fullkominn einstaklingur er efniviður Guðmundar Andra Thorssonar í grein í Fréttablaðinu þann 17. maí 2010 þar sem umræðuefnið er útlægir íslenskir bankamenn. Greinina kallar hann *Jörð kallar Sigurð [Einarsson]*. Guðmundur Andri vitnar í Njálu, „Illt er að vera á ólandi alinn“ (sjá hér bls. 15) og leggur það út á þann hátt að vont sé að þurfa að lifa og búa í framandi landi. Maður verður ekki heill sem býr ekki í samfélagi við fólkið sitt, sá finnur ekki menningu sína, tungumálið né landið sitt undir iljum sínum og er því ekki heill maður. Í raun snýst það um að eiga 1. persónu fleirtölu í orðaforða sínum eins og Guðmundur orðar það réttilega. Mér þykir líklegt að útlendingur finni fyrir þessu á fyrstu árum sínum í framandi landi, þangað til aðlögunin færir honum tilfinningu fyrir menningarlegri samsemd og tengsl hafa skapast. Þegar einstaklingurinn finnur fyrir tilfinningatengslum finnur hann fullkomnunina og er farinn að nota persónufornafnið *við*.

Líklegt er að einstaklingur af öðrum kynþætti sem flytur til Íslands geti fundið sig allt öðruvísi og sérstakur vegna húðlits eða útlits, en í upprunalandinu var hann eins og hinir og hvarf í fjöldann. Það er þess vegna ekki ólíklegt að útlendingar þurfi að endurskoða eigin sjálfsmynd og leggja sig fram við að lesa heimamenn til að finnast þeir tilheyra landinu og menningunni, eins og samfélagsrýnirinn Gunnar Hersteinn (2008:149) orðar það í bókinni *Orðspor. Gildin í samfélaginu.*

Segja má að enska orðtakið *When in Rome, do as the Romans* eða hið danska *skik følge eller land fly* lýsa aðstæðum útlendingsins ágætlega þegar hann þarf að lesa heimamenn í aðlögunarferlinu, eins og Gunnar Hersteinn orðaði það. Amal Tamimi hefur reynslu af þessu, en hún er innflytjandi frá Palestínu. Í erindi sínu á málstofu Toshiki Toma og Alþjóðahúss í mars 2004 lýsti hún aðstæðum sínum (Anna Ólafsdóttir, 2004). Hún sagðist hafa áttað sig á því að hún þurfti að taka uppeldi barnanna til endurskoðunar, þegar dóttir hennar spurði af hverju íslenskir vinir hennar mættu vera úti lengur á kvöldin en hún, og hvers hún þurfti að gjalda fyrir að vera fædd í Jerúsalem? Tamimi skildi að til þess að halda góðum tengslum við börnin þurfti hún að finna leið til að varðveita það besta úr palestínsku samfélagi og ekki síst að bæta við atriðum úr því íslenska. Börnin verða að finna að þau séu „bæði og“ en ekki „hvorki né“, eins og Tamimi orðaði það. Þetta samsvarar á margan hátt hugsun dönsku kvennanna um að sameina danska og íslenska menningu í daglegu lífi fjölskyldunnar.

5.6 Fordómar eða tilfinningin að tilheyra *hinum*

„Svona röðum við ekki flatbrauð.“ (Ein úr rýnihópnum)

Dönsku innflytjendurnir höfðu ekki orðið varir við fordóma nema að litlu leyti. Þegar ég bar upp spurninguna í rýnihópnum var svarið samhljóma *nei*. Seinna í umæðunum kom Lilla aftur inn á málefnið og sagðist líklega hafa orðið vör við fordóma á fyrstu árum sínum á Íslandi, að hún hélt, og þá sökum vankunnáttu hennar á tungumálinu. Þá kom í ljós að hinir í hópnum höfðu svipaða sögu að segja. Fordómarnir, eða neikvæðnin eins og Lilla kaus að kalla ástandið, birtust sem tregi fólks í vinnunni við að tala við sig. Ef hún reyndi að tjá sig var það líka eins og það hefði vantrú á skoðunum hennar. Í viðtalinu komu fram efasemdir Lillu um það hvort hún hafði í

raun fengið tækifæri til að sýna hvað í henni bjó á þeim tíma og ég skynjaði að átök höfðu átt sér stað sem ollu óróa og erfitt var að rifja upp. Hinar í hópnum könnuðust allar við að hafa kynnst fólki á lífsleiðinni sem hélt að þær vissu lítið eða ekki neitt um ákveðið málefni. Þannig fólk sýndi litla þolinmæði gagnvart Dönunum og hlustaði ekki á þá. Margir Íslendingar koma í raun fram við hinn aðflutta eins og hann sé barn sökum þess að hann skilur ekki það sem er sagt og getur heldur ekki tjáð sig á ríkjandi tungumáli. Í lok umræðunnar voru þær á því að það gæti stafað af feimni Íslendinga gagnvart útlendingum og voru sammála um að Íslendingar eiga svolítið erfitt með að láta aðra segja sér til, sérstaklega ef sá sem veit meira um ákveðið mál talar ekki tungumál þeirra vel.

Lilla tjáði sig seinna við mig um sama umræðuefni og hvernig henni leið á því tímabili í lífi sínu. Hún vitnaði í Birgitte Spur, ekkju Sigurjóns Einarssonar myndhöggvara, sem er dönsk að uppruna. Birgitte var í viðtali spurð af því hvernig henni leið sem Dana á Íslandi og hafði svarað því með líkingu. Henni fannst hún vera með dýrmæta perlu innra með sér sem hvorki væri hægt að draga fram né sjá. Perlan samanstendur af öllum þeim eiginleikum sem henni fannst hún búa yfir þrátt fyrir að þær voru margar hverjar vannýttar; öll vitneskja hennar um landið sem ól hana og menninguna sem mótaði hana í æsku. Lilla sagði við mig að hún hafði skilið Birgitte mjög vel og bætti við að stundum kæmi það fyrir að ystu lög perlunnar hennar urðu sýnileg öðrum þegar tækifæri gæfist til að miðla af reynslu sem hún bjó yfir, en yfirleitt var hún falin eins og velvarið leyndarmál.

Í viðtali mínu við Evu kom fram hvernig hún reyndi að höndla fordóma þegar hún varð vör við þá. Hún nefndi dæmi um hvernig hún gat notað húmorinn til að takast á við framkomu grunnskólakennara sem bar vott um fordóma byggða á staðalímynd. Eva sagðist hafa þurft að mæta með barnið sitt í skóla á fund með umsjónarkennara þess en í bekknum voru nokkur börn innflytjenda. Þegar kennari barnsins rétti Evu blað með upplýsingum spurði hann um leið hvort hann ætti að lesa það upphátt fyrir hana til öryggis. Þegar þetta var hafði Eva átt heima á Íslandi í tíu ár, skildi íslensku og talaði tungumálið vel að eigin sögn. Í stað þess að móðgast eða verða leið yfir því að kennarinn sá hana sem „ekki–Íslendingur–og–skilur–ekki“ var hún fljót til svars, fór að leita í tösku sinni og sagði hressilega, „Nei, nei ég get lesið þetta, ég held ég sé með gleraugunum með mér.“

Í spjalli okkar Evu eftir að viðtalinu lauk formlega, komum við okkur saman um að því miður eiga Íslendingar það til að halda að ef maður talar íslensku með

hreim og jafnvel smá hiki, skilji maður voða lítið af því sem skiptir máli. Líklega er þetta dæmi um staðalímyndir Íslendinga um að útlendingar eiga erfitt með að skilja íslenskuna. Þessar forhugmyndir gera það að verkum að allir Ekki–íslendingar séu teknir undir sama hatt, sem er nokkurs konar „fáfræði–hattur“ að minnsta kosti hvað tungumálakunnáttu varðar. Með því að flokka alla útlendinga í sama hóp eru mörkuð afgerandi skil á milli heimamanna og aðfluttra, Íslendingar eru á heimavelli en aðrir fá þau skilaboð að tilheyra þeim einstaklingum sem mannfræðingar kalla *hinir* (*the others).* Í greinasafninu *Við og hinir* vekur Kristín Loftsdóttir (1997:101–102) athygli á því að í orðræðunni felist valdabarátta þar sem þátttakendur séu ekki jafnir og samskipti eiga sér stað á forsendum annars aðilans. Í sömu bók gerir Magnús Einarsson (bls. 141–l 42) ímyndir að umtalsefni í greininni *Ferðamenn, Íslendingar og ímynd Íslands*. Magnús segir að það séu ímyndir okkar um menn og málefni (og væntanlega okkur sjálf) sem meti og skilgreini ákveðið fyrirbæri gangvart öðrum. Það er ennfremur mat hans að sérhver uppgötvun eða útlistun á framandleika muni alltaf bera keim af eigin heimi.

Ein kona gaf mjög gott dæmi um þetta með atviki sem snerti hana; hún hafði ásamt öðrum í ákveðnu foreldraráði verið að undirbúa veislu í skóla barnsins. Unnið var við að útbúa kaffihlaðborð og hún hafði séð um að smyrja og skera flatbrauð með hangikjöti og setja á disk þegar íslenskur meðstjórnandi hennar hafði séð ástæðu til að raða flatbrauðinu upp á nýtt með orðunum: „Svona röðum við ekki flatbrauði.“ Með framkomu sinni gaf hún til kynna að aðeins sá sem er borinn og barnfæddur Íslendingur kunni réttu handtökin þegar kemur að því að höndla hinn sér íslenska rétt, flatbrauð, og vinnuframlag Danans var þar með hunsað og gert að engu.

Konurnar í rýnihópnum mundu eftir að stofnað hafði verið fyrir um sextán árum útlendingafélag á Akureyri þar sem innflytjendur á svæðinu komu saman og ræddu málin. Ein konan hafði verið með frá byrjun og sagði frá því að einnig voru haldnar skemmtilegar matarveislur þar sem allir komu með rétti frá sínu heimalandi. Að sögn hennar var líftími félagsins frekar stuttur því fljótlega kom í ljós að hagsmunir félagsmannanna voru ólíkir. Eins og hún orðaði það þá þætti henni Danirnir ekki eins „útlendir“ og innflytjendur frá Taílandi eða Júgóslavíu. Það var mat hennar að Danir á Íslandi áttu ekki við sömu vandamál að stríða og þeir með tilliti til tungumálaörðuleika eða að kljást við fordóma.

Álit eiginmanna

Þegar efnið fordómar kom upp í spjalli við eiginmenn sögðust þeir aldrei sjálfir hafi fundið fyrir fordóma vegna ákvörðunar þeirra að kvænast danskri konu. Fjölskyldur þeirra höfðu undantekningarlaust tekið mjög vel á móti eiginkonunni og vinirnir tóku henni einnig opnum örmum. Hins vegar nefndi einn þeirra að hann vissi að konan hans hafði stundum orðið leið í vinnunni þegar henni fannst hún litlu fá að ráða. Hann túlkaði það sem fordóma en sjálf hafði hún gert lítið úr því.

5.7 Viðurkenning og áhrif

„Af hverju ekki bara vera stoltur af því að maður sé Dani?“ (Ninna)

Í grein sinni *Rannsóknir á Íslandi: Fjölmenningarsamfélagið* fjallar Ragna Lára Jakobsdóttir (2007:199–200) um ýmsar kannarnir og rannsóknir sem gerðar hafa verið á Íslandi um málefni innflytjenda. Hún vitnar meðal annars í könnun sem Gallup gerði árið 2006 um viðhorf Íslendinga til fjölmenningarsamfélagsins. Við hugmyndina um fjölmenningarsamfélag sagðist rúmur helmingur aðspurðra vera jákvæður, um þriðjungur kvaðst vera hlutlaus, en tæplega 15% voru neikvæð gagnvart slíks samfélags. Áhugavert er að skoða viðbrögð landans við spurningunni um það hvort það skipti máli hvaðan innflytjendurnir væru. Í svörum eldri þátttakenda í könnuninni kom það fram að 52% voru sama um upprunaland innflytjendanna, rúm 21% vildu helst fólk frá Evrópu en tæp 8% nefndi Norðurlöndin. Hjá þeim sem yngri voru skipti það hins vegar minna máli hvaðan aðfluttir kæmu. Samkvæmt niðurstöðunum eru Íslendingar því yfirleitt jákvæðir gagnvart hugmyndinni um fjölmenningarlegt samfélag og það virðist ekki skipta höfuðmáli hvaðan innflytjendurnir koma.

Í rannsóknum um útlendinga á Íslandi kemur mjög skýrt fram að fólk frá öðrum löndum sér tungumálið sem stærstu hindrunina í að öðlast viðurkenningu. Það upplifir framandi veruleika og getur einangrast félagslega. Til að öðlast viðurkenningu á atvinnumarkaði sé góð íslenskukunnátta yfirleitt nauðsynleg (Hanna Ragnarsdóttir, 2007:243; Sigurlaug Hrund Svavarsdóttir, 2000:58; Tanja Tzoneva og Rannveig Traustadóttir, 2007:304). Dagbjört Ásgeirsdóttir (2008:120) kemst að svipaðri niðurstöðu í meistaraprófsritgerð sinni frá árinu 2008, en það sést best á titli ritgerðarinnar, „Þegar tungumálið kemur, þá kemur allt“. Í rannsókn Hönnu sker norska fjölskyldan sig þó verulega úr því atvinnumöguleikarnir virðast ekki tengjast tungumálakunnáttu foreldranna.

Þegar dönsku konurnar voru spurðar hvort þær væru viðurkenndar í íslensku samfélagi í dag töldu þær allar að svo væri. Lilla svaraði því svo til að hún fann fyrir viðurkenningu í starfi, sem hún hafði öðlast strax að hennar mati, Ninnu fannst hún hafi hlotið viðurkenningu þegar tengdamóðir hennar leyfði henni að hjálpa til við matseld, „ ... þá fór hún að treysta manni meira og meira.“ Hjá Ruth komu fram efasemdir um það hvort hún væri 100% viðurkennd í samfélaginu eftir öll þessi ár. Hún tengdi efasemdir sínar við tungumálaörðugleika sem ennþá voru til staðar. Eva hafði fljótlega eftir að hún settist að hér fundið fyrir viðurkenningu á margvíslegan hátt, bæði hafði hún tekið sæti í stjórn hinna ýmsu félaga og verið kosin til trúnaðarstafa á vinnustaðnum strax á öðru ári. „Í félagsstarfinu hef [ég] aldrei lent í vandræðum með að fá fólk til að vinna fyrir mér, ég gat alltaf fengið fólk til starfa ... það hlýtur að teljast viðurkenning?“

Lena hafði fundið fyrir því að sumt fólk á vinnustaðnum sínum liti upp til hennar kannski vegna tungumálakunnáttu sinnar en hún talar og skilur mörg tungumál. Hún fann strax fyrir viðurkenningu í nærumhverfi sínu og eignaðist fljótlega vini sem hún og maður hennar umgangast enn, sumum þessara vina hafði hún kynnst á íslenskunámskeiði sem hún fór á fljótlega eftir komuna til Íslands. Við spurningu minni varðandi það að hafa haft áhrif fannst henni hún hafa getað mótað hefðir og venjur fjölskyldunnar og vinahópsins, því oft er leitað til hennar um að skipuleggja hátíðir, vinnuhelgar eða samkomur. Sumum hefðum hefur hún sjálf komið á og jólahlaðborð eða jólaglögg fjölskyldunnar hafa vaxið að vinsældum með árunum. Gaman er að nefna að í viðtalinu sem fór fram á heimili Lenu sáust greinilega merki þess að mikill gestagangur er í húsinu því þar er sérstaklega langt borðstofuborð sem ber vitni um stærðagráðu á samkomum eða matarboðum fjölskyldunnar.

Ég ákvað að heyra meira um áhrifin sem þær töldu að þær hafi haft á umhverfi sitt. Fyrir utan áhrif þeirra á heimilið og börnin höfðu þær haft viss áhrif á vinnustað þeirra að þeirra mati. Ísland var á þeim tíma meira einangrað en í dag og þess vegna töldu þær nauðsynlegt og jákvætt fyrir Íslendinga að kynnast annarri menningu og voru duglegar að „auglýsa“ allt sem danskt var. Ein hafði stofnað fyrirtæki sem var nýjung á sínum tíma og kynnst mörgu góðu fólki í sambandi við þjónustuna sem hún bauð upp á. Hinar tóku undir og voru vissar um að með nærveru sinni hefðu borist nýjar hugmyndir, í sumum tilfellum hafði fólk einnig haft orð á því við þær að nýir vindar voru farnir að blása.

Við spurningu minni hvort þær hefðu fundið fyrir minnimáttarkennd á einhverjum tímapunkti vegna framkomu Íslendinga sögðu allar í rýnihópnum hátt og skírt *nei*. „Nei. Nei. Aldrei. Það var aldrei inni í myndinni ... bara læra þetta og reyna. Gera sitt besta“ var svar Ruthar. Ninna var einnig fljót til svars, henni fannst hún ekki hafa þurft að skammast sín á neinn hátt. Hana langaði að útskýra það betur og sagðist vera jafn stolt yfir sínum heimabæ og fæðingarlandi eins og Íslendingar sem státa sig af því að vera frá hinum ýmsum stöðum á Íslandi:

> ... Ef eitthvað er þá hafa Íslendingar kennt manni að vera stoltur af því sem maður er. Þeir segja „ég er Siglfirðingur, Skagfirðingur, ég frá Höfn í Hornafirði“ alveg sama hvaða staður er nefndur til, sko, fallegastir staðir á landinu, segja þeir. Þá hugsa ég, að ég get ekki breytt því að ég sé frá Danmörku og það mun alltaf heyrast dálítið á mælinu. Það verður bara að hafa það [Ninna hlær]. Af hverju ekki bara vera stoltur af því að maður sé Dani?

Í umræðunni um áhrif dönsku kvennanna á íslenskt samfélag er vert að rifja upp hvernig aðstæður Gythu Thorlacius þróuðust á þann hátt að hún hafði áhrif á umhverfi sitt. Að hennar frumkvæði og fyrirmynd varð ræktun matjurta hér á landi æ algengari og henni tókst að sannfæra Íslendinga um nauðsyn þess að rækta grænmeti sem holla og góða viðbót við einhæft fæði í skammdeginu. Þegar þröngt var í búi hjá íslenskum fjölskyldum í nágrenninu var Gytha farin að gefa þeim kál, rófur og annað grænmeti, sem hún hafði afgangs og smám saman lærðu bændurnir að heimaræktaða matjurtirnar gátu verið prýðis búbót í hörðum vetrum. Þegar hana skorti peninga fyrir nauðsynjum handa börnum sínum fór hún með nýjum prjónaaðferðum að þróa ný klæði, sem hún litaði og þæfði og hafði í skiptum fyrir mat og annað. Hún var ekki of stolt til að þiggja aðstoð og var fljót að tileinka sér íslenskar aðferðir við að lita bandið og klæðið. Ég hygg að fólk hafi litið upp til hennar fyrir dugnað og séð að kona sem var kom úr allt öðru umhverfi gat unnið almenn störf og var ekki of fín til þess að læra af þeim. Þessir kostir Gythu voru góðir eiginleikar fyrir einstakling sem sest að í landi þar sem aðstæður eru gjörólíkar.

Við síðustu spurningu minni til rýnihópsins reyndi ég að draga svör þátttakenda saman og spurði hvort það sé réttur skilningur minn að það sé gott og átakalaust að vera Dani á Íslandi? Eftir langa þögn kom það fram að það sé að vísu gott en ekki alveg átakalaust, því sérstaklega í byrjun hafði það verið erfitt og aðallega vegna tungumálsins. Allt í einu voru konurnar komnar aftur á flug og samræðurnar fóru að snúast um fordóma, ein sagði frá því að einu sinni fyrir löngu hefði henni

verið boðið upp í dans af íslenskum manni, en þegar hann uppgötvaði að hún var dönsk fór hann að rifja upp hvernig Danirnir, að hans mati höfðu farið (illa) með Íslendinga gegnum tíðina. Hinar í hópnum mínum fóru þá einnig að tjá sig um fordóma sem þær höfðu orðið varar við. Á vinnustað einnar var margt gamalt fólk á meðal skjólstæðinganna, og þegar það uppgötvaði þjóðerni hennar hafði hún fundið fyrir neikvæðni í sinn garð. Hjá öðrum í hópnum kom svipað upp í umgengni við aldraða, en ekki alltaf neikvætt, því að mati einnar bar sumt gamalt fólk virðingu fyrir dönsku starfsfólki og þótti fínt að Dani skyldi vinna hjá þeim. Konurnar komu sér saman um að líklega megi kenna vott af ríg á milli þjóðanna um. Hann geti stafað af samkeppni og geri það að verkum að báðir aðilar eiga erfitt með að sætta sig við að hinn sé fjölhæfari eða sýni meiri fagmennsku.

Í lokin var rifjað upp hver urðu viðbrögð dönsku fjölskyldna kvennanna þegar þær ákváðu að flytja til Íslands. Hjá fjórum af fimm voru viðbrögðin jákvæð og fjölskyldum þeirra fannst ævintýraljómi leika um sögueyjuna. Hjá þeirri fimmtu átti móðirin erfitt með að sætta sig við að dóttir hennar kysi að setjast að langt frá heimahögunum. Allar töluðu um hvað var gaman þegar ættingjar og vinir komu í heimsókn og hvað Danirnir voru hrifnir af Ísland.

6. Samantekt

Þú getur keypt þér útlend föt
lært önnur tungumál
sest að langt í burtu
í allt öðru landi –

enn alltaf rísa yfir þig
fjöll æskunnar
og fjörðurinn hvíslar
muldri öldunnar
í fjörunni

Einungis ef þú veist þetta
getur þú orðið heimsmaður

Alþjóðamaður er ekki til

Njörður P. Njarðvík. (2009). *Hlustaðu á ljósið*

Í þessu ljóði lýsir Njörður lífi einstaklings sem sest að í nýju landi. Njörður leggur áherslu á að hve miklu leyti upprunamenningin er hluti af aðlögunarferlinu að upptökumenningunni. Að mati Njarðar getur maður ekki flúið uppruna sinn né kastað honum eins og gamalli kápu því hann fylgir manni alla tíð og er hluti af þér. Maður verður því að viðurkenna hann og takast á við lífið á grundvelli hans á nýjum stað.

***

Hér hefur verið reynt að varpa ljósi á veruleika fimm aðfluttra danskra kvenna sem fluttu til Íslands um miðja og upp úr miðri tuttugustu öld og hafa verið búsettar hér síðan. Þegar þær komu hingað á unga aldri með ævintýraþrá í farteskinu og íslenskan eiginmann eða kærasta til halds og traust, vissu þær mjög lítið um landið fyrirfram og kunnu ekkert í íslensku. Þær voru spenntar að koma og vel var tekið á móti þeim öllum, en tungumálið sem var talað í kringum þær olli þeim áhyggjum. Þrátt fyrir forhugmyndir þeirra um að hér kunni allir dönsku var staðreyndin hins vegar sú að flestir Íslendingar töluðu íslensku og skóladanskan virðist koma flestum lítið að gagni.

Það kom fljótlega í ljós að fjölskyldurnar sem þær tengdust áttu eftir að verða þeim innanhandar með hin ýmsu mál og studdu þær dyggilega á allan hátt.

Konurnar voru sammála um að sá sem flytur til Íslands mun fljótlega finna þörf hjá sér til að læra íslensku sökum þess hvað tungumálið er samofið menningunni og verunni á landinu. Konurnar brettu upp ermarnar og fóru að leita sér að námskeiðum, en á þeim tíma voru kennarar sem sinntu slíkum nemendum af skornum skammti. Þegar rætt var um gæði námskeiðanna kom í ljós að mörgu var ábótavant og þeim fannst of mikil áhersla lögð á tjáningu. Þær höfðu allar skoðun á hvernig bæta mætti kennsluna og gerðu tillögur í þeim efnum.

Þegar formleg kennsla þeirra brást kom mikilvægi fjölskyldunnar enn betur í ljós því auk eiginmannanna reyndist hún þeim afar hjálpleg með tilsögn, í sumum tilfellum mætti líkja móttökunum sem þær fengu frá fjölskyldunni við sifjunarferli ættleidds barns. Við tók einkakennsla og blaðalestur, framburðaæfingar og hljóðfræði, en öllum fannst íslenska „erlent“ og framandi tungumál og af þeim sökum mjög erfitt. Við þetta bættist að málfræðin varð öllum Dönunum erfið og er enn. Þegar þær byrjuðu að vinna voru sumar farnar að geta tjáð sig á íslensku en vinnufélagarnir hjálpuðu þeim við að ná tökum á málinu. Sérfræðiþekking og fagmennska kvennanna í sínum sérgreinum hjálpuðu þeim við af öðlast viðurkenningu samstarfsfólks síns en þær fundu lengi fyrir vantrausti af hálfu margra Íslendinga og kenndu tungumálörðugleikum sínum um.

Þar sem móðurmálið er hluti af sjálfsmynd hvers manns er álitið að erfitt sé fyrir einstakling að horfast í augu við að annað mál leysi það af. Sú var hins vegar ekki raunin hjá Dönunum þegar þær tókust á við að læra málið, fyrir þær var hvert skref fram á við persónulegur sigur sem styrkti þær. Þegar ég spurði þær að því hvort þær hefðu fundið fyrir einhvers konar söknuði við að nota íslensku í staðinn fyrir dönsku, var það eitthvað sem þær höfðu alls ekki hugleitt. Þær svöruðu svo til að þær gátu talað dönsku heima hjá sér, aðal málið var að verða fær um að bjarga sér í íslensku. Það var skoðun þeirra að með því að læra íslensku höfðu þær orðið ríkari. Við nánari eftirgrennslan kom þó í ljós að hjá þeim öllum liggur vannýttur hluti þekkingar geymdur, þessi sjóður er sá hluti reynslunnar sem tengist dönskum uppruna þeirra og hefur átt upptök sín í danskri menningu og mótast af henni.

Í huga eiginmanna kvennanna höfðu fyrstu árin verið ár aðlögunar og ekkert hafði reynst þeim sérstaklega erfitt. Þeim fannst sjálfsagt að hjálpa eiginkonum sínum með hin ýmsu mál og voru ánægðir með hvernig fjölskyldur þeirra voru duglegar að

veita aðstoð. Tekið var fram hvernig konur þeirra höfðu á fáum árum náð tökum á málinu og tekið íslensku aðstæðurnar í sátt. Mennirnir vissu að það hafði komið fyrir að maki þeirra hafði fundið fyrir neikvæðni eða fordómum í sinn garð. Eiginkonurnar hefðu í lengstu lög reynt að horfa fram hjá atvikinu, gleyma því og nota húmorinn. Þegar þeir horfa um öxl er það mat þeirra að jákvæðni kvennanna hafi oft bjargað miklu í samskiptum þeirra við Íslendinga og þeir tala um eins og konurnar að Danir séu yfirleitt góðir í að sjá spaugilega hlið á málunum.

Eftir að fyrstu erfiðleikarnir voru yfirstaðnir tók við tímabil aðlögunnar, Danirnir kynntust íslenskri matargerð, fóru að vinna og voru fljótlega farnir að taka þátt í félagslífinu. Konurnar voru sammála um að tungumálið er grunnurinn að hinu íslenska samfélagi og til að mynda tengsl þarf maður að kunna málið. Sumar áttu mjög jákvæð samskipti við vinnufélagana og líf og fjör var oft innann fjölskyldunnar kringum hátíðir eða merkisdaga. Að mati þeirra sem voru búsettar í sveit var félagsstarfið þar öflugt og smám saman jukust tækifærin og löngun kvennanna til að taka þátt. Þær sem bjuggu í bæ höfðu sömu sögu að segja og fundu fyrir auknu trausti heimamanna eftir því sem fram liðu stundir. Eftir að börn þeirra fæddust urðu áherslurnar aðrar og þær fóru að taka þátt í foreldrastarfi barnanna í hinum ýmsum félögum.

Fimmmenningarnir höfðu sótt íslenskunámskeið en með mismunandi árangri, sumar töluðu um lélega kennslu og skort á góðum kennurum og allar settu út á kennsluhættina. Þær voru sammála um að erfiðasta glíman í íslensku er baráttan við réttritunina, þær höfðu lært ýmislegt með því að skoða skólabækur barnanna en það hafði reynst þeim ofviða að aðstoða börnin við heimavinnuna. Þeim fannst lítill skilningur á þessu í skólanum og enga aðstoð var að fá fyrir börnin til að bæta vankunnáttu mæðra þeirra upp. Enn í dag þurfa þær allar að láta lesa yfir öll skrifleg gögn áður en þær láta þau fara frá sér.

Dönsku konurnar hafa ennþá löngun til að læra og segist bæta við íslenskukunnáttu sína daglega. Það er tilfinning þeirra að þær munu aldrei koma til með að tala fullkomna íslensku en hafa lært að lifa með því. Við spurningu minni um það hvort það að nota íslensku í staðinn fyrir dönsku hefði breytt þeim á einhvern hátt svöruðu þær því til að vissulega hafði þetta haft áhrif á þær. Ein nefndi að henni fannst skrýtið að leita að orði sem hún þurfti að nota en vissi nákvæmlega hvað væri á dönsku og undir það tóku hinar. Þær þvertóku fyrir að finna fyrir minnimáttarkennd sökum þess en viðurkenndu að í hvert sinn sem það kom fyrir fannst þeim danski hluti

þeirra taka yfir á kostnað hins íslenska. Ein úr hópnum mínum hafði allan tímann hér á landi átt þá heitustu ósk að verða Íslendingur en þrátt fyrir að hafa orðið íslenskur ríkisborgari segist hún aldrei vera viðurkenndur sem Íslendingur vegna tungumálsins. Í umræðunum um viðurkenningu kom það glöggt fram að í huga þeirra er hún meðal annars fólgin í að vera metin til jafns við Íslendinga en með dæmum sýndu þær fram á að eftir því sem árunum á Íslandi fjölgaði óx viðurkenningin á þeim sem einstaklingum.

Toshiki Tomo hefur líkt lífi sínu við líf fatlaðs manns því hann kunni ekki íslensku nógu vel og það mun alltaf heyrast á máli hans að hann sé útlendingur. Þetta eru mjög sterk orð og í samræðum mínum við konurnar kom í ljós að upplifun kvennanna af því að vera Dani á Íslandi er önnur. Það er tilfinning mín að þær hafi ekki fundið fyrir vanmætti eða minnimáttarkennd þó svo að fólk hafi horft á þær og misskilið sumt sem þær sögðu, þeim hefur oftast verið mætt með jákvæðni og getað samlagast hinu íslenska samfélagi vel. Gott ráð til Tomo væri að skoða orð Sigurðar Konráðssonar þar sem hann lýsir því yfir að íslenska sem annað mál sé ekki léleg íslenska, því að mati Sigurðar býr einstaklingurinn yfir reynslu og kunnáttu sem á margan hátt bæta skort á íslenskukunnáttunni upp. Svipuð skoðun koma fram hjá ljóðskáldunum Niði P. Njarðvík sem vitnað er í fremst í þessum kafla að einstaklingurinn verður að byggja upp hina nýju tilveru sína á grundvelli þeirrar gömlu og nota til þess reynslu sem hann hefur öðlast í lífinu. Einnig væri gott fyrir alla sem efast um tungumálahæfileika sína að hugsa til orða Baldurs Jónssonar, að enginn sé fullnuma í íslensku og það sé allt í lagi að hver tali með sínu nefi.

Dönsk–íslensku fjölskyldurnar í rannsókninni eru allar tvítyngdar og tvímenningarleg sýn er ríkjandi. Að sögn kvennanna má á heimili þeirra sjá blöndu af íslenskum og dönskum áhrifum, þar sem þær hafa valið það besta úr báðum menningum eins og ein konan lýsti því fyrir mér. Það er skoðun Hönnu Ragnarsdóttur að einstaklingurinn hafi nokkurs konar val um hvaða menningu hann vill lifa í og sumir þættir menningarinnar haldast óbreyttir í lengri tíma en aðrir. Fram kom hjá Dönunum að þeim er mikið í mun að viðhalda dönskunni og finnst nauðsynlegt að börn þeirra geti ferðast heimavön til Danmerkur. Konurnar telja að í dag sé Ísland orðið fjölmenningarlegra en það var og því ætti það að vera auðveldara að koma hingað sem útlendingur heldur en á þeim tíma þegar þær fluttu hingað, og það er af hinu góða.

Dönsku viðmælendunum finnst miður að til séu fordómar á Íslandi gagnvart útlendingum, að þeirra mati er það helst fólk frá framandi menningarheimum sem verða fyrir barðinu á þeim. Þær sögðust sjálfar ekki hafa orðið varar við fordóma nema að mjög litlu leyti, og vildu lítið gera úr þessu, sumar héldu því fram að frekar mætti tala um misskilning, neikvæðni eða jafnvel óþolinmæði Íslendinga gagnvart þeim sem útlendingum. Að vísu finnst þeim Íslendingar stundum hafi tilhneigingu til að horfa á þær sem Ekki–íslendingar og byggja upp ósýnilega veggi í kringum þær. Eftir því sem Íslandsdvöl dönsku kvennanna lengdist urðu þær öruggari með sig og þeim gekk betur að tala íslensku. Þar með óx viðurkenning heimamanna í þeirra garð og veggurinn hvarf að mestu. Það er þó þeirra skoðun að einstaklingurinn getur sjálfur haft áhrif á ferlið og með því að brosa, heilsa eða hefja samræður getur hann tekið ákvörðunina um að byrja niðurbrotsstarfsemina sjálfur og sýna að hann hafi áhuga á að samlagst hópnum og kynnast nýju fólki.

7. Lokaorð

Oft liggur afdrifarík ákvörðun að baki ákvörðun einstaklings um að flytja á brott frá heimalandi sínu, þó svo að í sumum tilfellum geti verið um ævintýraþrá að ræða. Sumir láta ástina ráða för en aðrar ástæður geta verið hugmyndir um nám eða ósk um vinnu og öryggi í öðru landi. Á Íslandi er réttur innflytjandans til búsetu, atvinnu, þjónustu heilbrigðiskerfis, íslenskukennslu og grunnskólamenntunar barna hans tryggður í lögum, óháð upprunalandi hins aðfluttra. Norðurlandabúar hafa nokkra sérstöðu umfram fólk frá fjarlægari löndum sem gerir þeim kleift að setjast að til langdvalar í hvaða Norðurlandi sem er.

Þetta meistaraprófsverkefni var eigindleg rannsókn gerð í því skyni að kanna reynslu danskra kvenna af því að setjast að á Íslandi og var aðlögunarferlið skoðað með augum innflytjandans. Leitað var til fimm kvenna af dönskum uppruna sem fluttust til Íslands með íslenskum eiginmönnum sínum og settust hér að. Viðtöl voru tekin við þær og lífssögur kvennanna skoðaðar, málin voru rædd og svörin ígrunduð. Þegar kom að því að leita að fræðilegu efni um aðlögun Norðurlandabúa kom í ljós að viðfangsefnið virðist lítið hafi verið rannsakað. Ákveðið var að skoða aðlögun fólks frá öðrum löndum og bera hana saman við upplifun Dananna. Til að stækka heimildarammann var myndaður rýnihópur og óskað var eftir viðbrögðum eiginmanna kvennanna. Auk þess var leitað í fræðibókum og –greinum, Netið var notað og talað var við nokkra aðila sem tengdust málefninu.

Ingvar Sigurgeirsson (1998:9–10) segir um almennar umræður að þær auðga hugsun og þeim fylgir hlýja, samkennd og virðing, sama má segja um samræðurnar sem áttu sér stað milli viðmælenda og mín. Í rýnihópnum þar sem hugmyndir voru reifaðar og lífsreynslan rædd kom enn fremur glöggt fram vilji og löngun þátttakendanna til að segja frá og sjá og skilja sjónarmið hinna. Áhugavert var einnig að kynnast sjónarhorni eiginmanna dönsku kvennanna en þeir töluðu með jákvæðni um árin þeirra hjóna á Íslandi og fannst eiginkona þeirra hafi samlagst vel.

Niðurstöður rannsóknar minnar sýna að upplifun dönsku kvennanna af því að flytja frá heimalandi sínu og hefja nýtt líf á nýjum stað svipar á margan hátt saman.

Þó má greina hvernig mismunandi bakgrunnur þeirra hafði áhrif á aðlögunina, það má því segja að lífssögurnar sem sagðar voru endurspegli viðhorf kvennanna til lífsins og atburða sem urðu áhrifavaldar á lífsleiðinni. Auk þess að leiða í ljós hvaða áhrif það hefur á einstaklinginn að flytja frá heimalandi sínu og setjast að í nýju landi gáfu niðurstöðurnar einnig góða mynd af aðlögun þessa fólks og vísbendingu um lífsgæði kvennanna.

Kannað var hvernig Íslendingar og hið íslenska samfélag hefur tekið á móti einstaklingunum frá Danmörku. Í þeim tilgangi var reynsla Dananna borin saman við aðstæður útlendinga frá öðrum löndum sem flutt hafa til Íslands. Samanburðurinn leiddi í ljós að dönsku innflytjendurnir voru á margan hátt vel settir þar sem móttökurnar höfðu verið góðar, þær höfðu fundið fyrir jákvæðni í sinn garð og fengu góð not fyrir menntun sína. Borið hafði á fordómum sem konurnar helst vildu túlka sem misskilning eða óþolinmæði Íslendinga gagnvart útlendingum yfirleitt, en þær komu helst í ljós í sambandi við tungumálahæfileika eða –vandræði þeirra fyrstu árin. Þær höfðu tekið á því með ákveðni og bros á vör og fundið fyrir aukinni menningarlegri samsemd eftir því sem árunum á Íslandi fjölgaði. Í aðlögunarferlinu hafði þeim verið boðin aðstoð, sem þær höfðu þegið, og samþættingin við hið íslenska samfélag hafði undantekningarlaust gengið vel.

Með hliðsjón af málsögunni, sem var tekin til ítarlegrar umfjöllunar í ritgerðinni, mætti ætla að dönsk vægi eða áhrif væru sýnilegri í hinu íslenska samfélagi og tungumáli en raunin er. Staðreyndin er sú að á landinu er töluð íslenska og margir hverjir tregir til að nota skóladönskuna. Þetta var sá veruleiki sem blasti við dönsku konunum þrátt fyrir forhugmyndir þeirra þegar þær fluttu til Íslands. Í ljós kom fljótlega að Íslendingar hafa tilhneigingu til að leggja dóm á útlendinga og meta þá út frá tungumálhæfileika þeirra, konurnar þurftu þess vegna að spýta í lófana og læra tungumál heimamanna sem fyrst.

Þegar kom að þeim að læra íslensku voru námskeið ekki alltaf fyrir hendi og ýmislegt á námskeiðunum ábótavant, svo sem slök kennsla vegna gagnslítilla kennsluaðferða og misgóðra kennara. Þegar kennslan brást höfðu þær allar klær úti um viðbótarfræðslu til að afla sér þekkingar í tungumálinu og þar hafði fjölskylda eiginmanna þeirra reynst þeim vel. Fimmmenningunum finnst mikilvægt að í dag sé lögð áhersla á að gera íslenskunámskeiðin skilvirk og aðgengileg öllum útlendingum.

Rannsóknir sýna að flestir fullorðnir erlendir nemendur upplifa sig í jaðarstöðu í skólasamfélaginu, sumir kenna tungumálerfiðleikunum um, aðrir menningunni eða

uppruna sínum. Fram hefur komið að skandínavískir nemendur standa sig oft áberandi betur í námi og eru með sterkari sjálfsmynd heldur en nemendur frá löndum fjær Íslandi. Í samræðunum okkar kom það einnig glöggt fram að konurnar höfðu aldrei funduð fyrir minnimáttarkennd og voru stoltar af uppruna sínum. Þegar talið barst að fordómum áttu þær helst við að slíkt gilti um aðra útlendinga en Norðurlandabúa. Sérstaða Dananna þegar kom að atvinnumálum var einnig ljós. Rannsóknir sýna að erfitt getur verið fyrir innflytjendur að fá vinnu við hæfi og menntun sína metna. Í samanburði við innflytjendur frá öðrum löndum kom í ljós að dönsku konurnar eins og Norðurlandabúar almennt fengu allar vinnu við sína sérgrein og finna í dag fyrir viðurkenningu í starfi.

Rætt var um tvítyngi og mikilvægi þess að hlúa að henni og fram kom að á öllum heimilunum er dönsku haldið hátt á lofti og tvítyngi og –menning ríkjandi. Hefðir beggja landa hafa blandast með árunum en hátíðir og helgidagar voru oft erfiðir á fyrstu árunum og söknuður hafði gert vart við sig í mismunandi miklum mæli. Ein kvennanna var með lítið gott ráð sem hafði hjálpað henni í baráttunni við heimþrána fyrstu jólin hér; hún sagðist alltaf elda einn rétt sem hún var vön að leggja sér til munns á þeim tíma árs í Danmörku, þannig fékk hún jólabragðið til Íslands.

Á heimasíðu Háskóla Íslands má sjá samnorrænt verkefni á vegum Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur við hina Alþjóðlegu tungumálamiðstöð í Reykjavík, *Danir á Íslandi*, (2010). Sjá má veggspjald verkefnisins í fylgiskjali 12. Rannsóknin hófst árið 2008 og ber nafnið *Á mótum danskrar og íslenskrar menningar*. Rannsaka á tungutak, sjálfsmynd og menningarleg sérkenni Dana sem fluttu til Íslands á árunum 1900–1970 á tímum þegar sjálfstæði Íslands var orðið að veruleika. Verkefnið er í umsjá Auðar Hauksdóttur, dósents í dönsku við Háskóla Íslands, en hún er einnig forstöðukona stofnunarinnar. Rannís styður verkefnið sem áhugavert verður að fylgjast með.

Niðurstöður rannsóknar minnar leiddu í ljós að til þess að fólki finnist það tilheyra hinu nýja landi og menningu þess þarf markvís persónuleg þróun og þroski að eiga sér stað og vaxandi þátttaka einstaklingsins í því samfélagi sem hann tengist. Í aðlögunarferlinu bætist við hagnýt þekking hans og tengsl myndast sem gerir honum kleift að taka upp nýja siði og laga þá að hans eigin. Þetta tókst konunum með dugnaði og þori og aðstoð góðra manna þegar þörf var á.

Tungumálaáhugi er augljós kostur þegar maður sest að í öðru landi í nýju málfélagi. Sá sem þyrstir í að læra málið reynir að drekka sem mest. Sumum gengur vel að drekka, en fæðið sem einnig þarf að taka inn getur reynst mörgum tormelt og

frábrugðið því sem einstaklingurinn á að venjast. Í rannsókninni var skyggnst inn í heim og hug danskra kvenna sem fluttust með íslenskum eiginmönnum sínum til Íslands á seinni hluta tuttugustu aldar. Hugmyndin var að kanna líf þessara kvenna og í raun hvernig þeim hefur gengið að fá sér af tungumála– og menningarhlaðborði landsins. Þegar konurnar töluðu um byrjunarárin á Íslandi var mér baráttuvilji, kjarkur og þor þeirra efst í huga í frásögnum þeirra. Það þarf kjark til að takast á við lífið í nýju landi og verkefnin eru mörg. Þrátt fyrir á ákveðnum tímapunkti að hafa fundið fyrir lítilsvirðingu af hálfu heimamanna vegna stöðu þeirra sem útlendingar voru fordómar gagnvart dönsku konunum meiri í orði en á borði, þær lærðu að horfa fram hjá þeim ef einhverjir voru og voru stoltar af uppruna sínum. Niðurstöðurnar sýndu á ótvíræðan hátt hvernig sá sem flytur getur sjálfur haft áhrif á gang mála.

***

Engin slítur þau bönd,
sem hann er bundinn heimahögum sínum.
Móðir þín fylgir þér á götu, er þú leggur af stað út í heiminn,
en þorpið fer með þér alla leið.

Jón úr Vör. (1946). Úr ljóðinu „Ég er svona stór“

8. Heimildaskrá

Angrosino, M. V. (2007). Conducting a life history interview. Í Angrosino, M.V. (ritstjóri), *Doing cultural anthropology: Projects for ethnographic data collection* (bls. 33–44). Illinois: Waveland.

Anna G. Ólafsdóttir. (2004). Að verða „bæði og“, ekki „hvorki né“. Málstofa Alþjóðahúss og prests innflytjenda um menntun og fjölmenningarlíf innflytjanda. Sótt 2. maí 2010 á: http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=788617

Auður Hauksdóttir. (1990). *Dansk som fremmedsprog i de islandske gymnasieskoler*. Kaupmannahöfn: Fremmedsprogsinstituttet. (Gefið út í samvinnu við danska sendiráðið í Reykjavík).

Ágúst Ingi Jónsson. (2010, 16. ágúst). „Hér er svo mikið af veðri.“ *Morgunblaðið*, bls. 9.

Árni Böðvarsson. (1992). *Íslenskt málfar*. Reykjavík: Almenna bókafélagið.

Ásthildur Snorradóttir og Sigurlaug Jónsdóttir. (2000). Mál–lestur. Í Heimir Pálsson (ritstjóri), *Lestrarbókin okkar: Greinasafn um lestur og læsi* (bls. 39–49). Reykjavík, Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Baldur Jónsson. (2002a). Íslensk málrækt. Í Baldur Jónsson (ritstjóri), *Málsgreinar: Afmælisrit Baldurs Jónssonar með úrvali greina eftir hann* (bls. 19–26). Reykjavík: Íslensk málnefnd.

Baldur Jónsson. (2002b). Málræktarspjall. Í Baldur Jónsson (ritstjóri), *Málsgreinar: Afmælisrit Baldurs Jónssonar með úrvali greina eftir hann* (bls. 413–421). Reykjavík: Íslensk málnefnd.

Baldur Jónsson. (2006). Inngangur. Í Baldur Jónsson (ritstjóri), *Þjóð og tunga: Ritgerðir og ræður frá tímum sjálfstæðisbaráttunnar* (bls. 13–32). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Biemiller, A. (2009). *Language and reading succes.* Toronto: Háskólinn í Toronto.

Birgir Örn Steinarsson. (2009, 22. janúar). Hélt að þetta væri djók. *Morgunblaðið*, bls. 21.

Björk Helle Lassen, Fríða B. Jónsdóttir, Hildur Blöndal, Aðalheiður Steingrímsdóttir, Hulda Karen Daníelsdóttir og Kolbrún Vigfúsdóttir. (2007). Íslenskur veruleiki, samfélag og skóli. Í Hanna Ragnarsdóttir, Elsa Sigríður Jónsdóttir og Magnús Þorkell Bernhardsson (ritstjórar), *Fjölmenning á Íslandi* (bls. 151–182). Reykjavík: Rannsóknastofa í fjölmenningarfræðum KHÍ og Háskólaútgáfan.

Björn Bergsson. (2002). *Hvernig veit ég að ég veit? Félagsfræðikenningar og rannsóknaraðferðir*. Reykjavík: Iðnú.

Blakeslee, S. (1999, 20. apríl). Old brains can learn new language tricks. *New York Times* e.d. Sótt 25. ágúst 2010 á: http://proquest.umi.com/pqdlink?Ver=1&Exp=08-22-2015&FMT=7&DID=40680160&RQT=309

Bonvillain, N. (2003). Language and cultural meaning. Í Bonvillain, N. *Language, culture and communication: The meaning of messages* (4. útgáfa) (bls. 47–75). New Jersey: Prentice Hall.

Bragi Guðmundsson og Gunnar Karlsson. (1997). *Uppruni nútímans: Kennslubók í Íslandssögu eftir 1830*. Reykjavík: Mál og menning.

Dagbjört Ásgeirsdóttir. (2008). *Þegar tungumálið kemur, þá kemur allt: Reynsla kvenna af Kosovo–albönskum uppruna af að búa á Íslandi.* Háskólinn á Akureyri. [Óbirt M.Ed.–ritgerð].

Danir á Íslandi. Á mótum danskrar og íslenskrar menninga: Danir á Íslandi 1900–1970. (e.d.). Sótt 20. maí 2010 á http://www.hugvis.hi.is/page/Danir_a_Islandi

Einar Laxness. (1995a). *Íslandssaga a–h. Alfræði Vöku–Helgafells.* Reykjavík: Vaka–Helgafell.

Einar Laxness. (1995b). *Íslandssaga s–ö. Alfræði Vöku–Helgafells.* Reykjavík: Vaka–Helgafell.

Elín Þöll Þórðardóttir. (2007). Móðurmál og tvítyngi. Í Hanna Ragnarsdóttir, Elsa Sigríður Jónsdóttir og Magnús Þorkell Bernhardsson (ritstjórar), *Fjölmenning á Íslandi* (bls. 101–128). Reykjavík: Rannsóknarstofa í fjölmenningarfræðum KHÍ og Háskólaútgáfan.

Elsa Sigríður Jónsdóttir. (2007). Sjálfsmynd í fjölmenningarsamfélagi. Í Hanna Ragnarsdóttir, Elsa Sigríður Jónsdóttir og Magnús Þorkell Bernhardsson (ritstjórar), *Fjölmenning á Íslandi* (bls. 77–98). Reykjavík: Rannsóknarstofa í fjölmenningarfræðum KHÍ og Háskólaútgáfan.

Elsa Sigríður Jónsdóttir og Hanna Ragnarsdóttir. (2010). „Þungamiðjan í lífinu færðist til“. Í Hanna Ragnarsdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir (ritstjórar), *Fjölmenning og skólastarf* (bls. 339–370). Reykjavík: Rannsóknarstofa í fjölmenningarfræðum og Háskólaútgáfan.

Emoto, M. (2007). *Vatnið og hin duldu skilaboð þess* (Bryndís Víglundsdóttir þýddi). Reykjavík: Salka.

Engelbreth Larsen, R. (2010). *Livedebat: Bud på danskhed*. Sótt 22. ágúst 2010 á: http://blog.politiken.dk/engelbreth/2010/06/24/livedebat-bud-pa-danskhed/

Fiorini, C. F. (2007). Reynslusagan mín. Í Hanna Ragnarsdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir (ritstjórar), *Fjölmenning og skólastarf* (bls.271). Reykjavík: Rannsóknarstofu í fjölmenningarfræðum og Háskólaútgáfan.

Fjölmenningarstefna Akureyrarbæjar. Sótt 15. september 2010 á: http://www.akureyri.is/media/vefmyndir/akureyri/rosenborg/pdf/Fjolmenningarstefna.pdf

Gils Guðmundsson (ritstjóri). (1986). *Öldin okkar: Minnisverð tíðindi 1976–1980*. Reykjavík: Iðunn.

Guðmundur Finnbogason. (1928, 2006). Hreint mál. Í Baldur Jónsson (ritstjóri), *Þjóð og tunga: Ritgerðir og ræður á tímum sjálfstæðisbaráttunnar* (bls. 279–291). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Guðmundur Þorgeirsson. (2003). Framskyggn, slembuð meðferðarprófun. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstjórar), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls. 357–369). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Guðmundur Andri Thorsson. (2010, 17. maí). Jörð kallar Sigurð. *Fréttablaðið*, bls.15.

Gunnar Hersteinn. (2008). *Orðspor: Gildin í samfélaginu.* Reykjavík: JPV útgáfa.

Gunnar Karlsson (ritstjóri), Brynja Dís Valsdóttir, Eiríkur K. Björnsson, Ólafur Rastrick, Jón Ormur Halldórsson, Sesselja G. Magnúsdóttir, Sigríður Hjördís Jörundsdóttir og Sigurður Pétursson. (2003). *Fornir tímar: Spor mannsins frá Laetoli til Reykjavíkur 4.000.000 f. Kr. til 1800 e. Kr.* (2. útgáfa). Reykjavík: Mál og menning.

Gunnar Karlsson. (2010). *Íslandssaga í stuttu máli*. Reykjavík: Mál og menning.

Hafdís Ingvarsdóttir. (2007). Eigi má sköpun renna. Í Kristín Aðalsteinsdóttir (ritstjóri), *Leitin lifandi: Líf og störf sextán kvenna* (bls. 65–75). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Hagstofa Íslands. *Danir búsettir á Íslandi 1.1. 2010*. Sótt 18. nóvember 2010 á: http://hagstofa.is/?PageID=626&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=MAN04203%26ti=Mannfj%F6ldi+eftir+kyni%2C+sveitarf%E9lagi+og+r%EDkisfangi+1%2E+jan%FAar+1998%2D2010%26path=../Database/mannfjoldi/Rikisfang/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi

Hagstofa Íslands. *Erlendir ríkisborgarar búsettir á Íslandi 1.1 2010*. Sótt 18. nóvember 2010 á: http://hagstofa.is/?PageID=626&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=MAN04001%26ti=Erlendir+r%EDkisborgarar+1950%2D2010+%26path=../Database/mannfjoldi/Rikisfang/%26lang=3%26units=fj%F6ldi

Hagstofa Íslands. *Konur með danskt ríkisfang á Eyjafjarðarsvæðinu*. Sótt 1. ágúst 2010 á: http://www.hagstofa.is/?PageID=626&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=MAN04203%26ti=Mannfj%F6ldi+eftir+kyni%2C+sveitarf%E9lagi+og+r%EDkisfangi+1%2E+jan%FAar+1998%2D2010%26path=../Database/mannfjoldi/Rikisfang/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi

Halldóra Haraldsdóttir. (2009). Talað mál og hlustun. Í Sylvía Guðmundsdóttir (ritstjóri), *Íslenska fyrir 1. og 2. bekk: Handbók kennara* (bls. 19–33). Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Hamilton, D. (1993). *Að fræðast um uppeldi og menntun* (Bjarni Bjarnason og Ólafur Proppé þýddu). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Hanna Ragnarsdóttir. (2004). Vilji og væntingar: Rannsókn á áhrifaþáttum í skólagöngu erlendra barna á Íslandi. *Uppeldi og menntun*, *13*(1), 91–108).

Hanna Ragnarsdóttir. (2007). *Collisions and continuities: Ten Immigrant families and their children in Icelandic society and schools*. Oslo: University of Oslo.

Hanna Ragnarsdóttir og Hildur Blöndal. (2007). Háskólastigið í ljósi hnattvæðingar: Rannsókn á stöðu og reynslu erlendra nemenda við Kennaraháskóla Íslands. *Uppeldi og menntun*, *16*(2), 161–182.

Helga Jónsdóttir. (2003). Viðtöl sem gagnasöfnun. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstjórar), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls. 249–265). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Helgi Ingólfsson. (2010). Þegar kóngur kom (2. útgáfa). Reykjavík: Ormstunga.

Hildur Blöndal. (2010). Þriðjumenningarbörn. Í Hanna Ragnarsdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir (ritstjórar), *Fjölmenning og skólastarf* (bls. 230–251). Reykjavík: Rannsóknarstofa í fjölmenningarfræðum og Háskólaútgáfan.

Howell, S. (2003). Kinning: The creation of life trajectories in transnational adoptive families. Í *Journal of the Royal Anthropological Institute*. *9*(3), 465–484.

Höskuldur Þráinsson. (1995). Handbók um málfræði. Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Ingvar Sigurgeirsson. (1998). *Listin að spyrja: Handbók fyrir kennara.* Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Íslenska fyrir útlendinga. Sótt 17. september 2010 á: http://www.namsmat.is/vefur/eydublod/namskra_islenska_fyrir_utlendinga.pdf

Íslensk orðabók. A–L. (2002a). Þriðja útgáfa, aukin og endurbætt. Mörður Árnason (ritstjóri). Reykjavík: Edda.

Íslensk orðabók. M–Ö. (2002b). Þriðja útgáfa, aukin og endurbætt. Mörður Árnason (ritstjóri). Reykjavík: Edda.

Íslensk orðsifjabók. (2008). Ásgeir Blöndal Magnússon (ritstjóri). Reykjavík: Erfingjar Ásgeirs Blöndal Magnússonar og Orðabók Háskólans.

Jón Guðmundsson. (1851, 2006). Um mál vort Íslendinga I. Í Baldur Jónsson (ritstjóri), *Þjóð og tunga: Ritgerðir og ræður á tímum sjálfstæðisbaráttunnar* (bls. 76–90). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Jón Sigurðsson. (1858, 2006). Alþingi og alþingismál. Í Baldur Jónsson (ritstjóri), *Þjóð og tunga: Ritgerðir og ræður á tímum sjálfstæðisbaráttunnar* (bls. 102–113). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Kjartan G. Ottósson. (1990). *Íslensk málhreinsun: Sögulegt yfirlit.* Reykjavík: Íslensk málnefnd.

Klein, B. (2003–2006). *Classification of bilingualism*. Sótt 1. september 2010 á: http://www.bklein.de/buc/buc_classification.php

Kolbeinn Óttarsson Proppé. (2003). Hetjudýrkun á hátíðarstundu: Þjóðhátíðir og viðhald þjóðernisvitundar. Í Jón Yngvi Jóhannsson, Kolbeinn Óttarsson Proppé og Sverrir Jakobsson (ritstjórar), *Þjóðerni í þúsund ár?* (bls. 151–165). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Kristinn Schram. (2010, 15. ágúst). Rannsókn á fræðum þjóðarinnar. *Sunnudags Mogginn*, bls. 45.

Kristín Loftsdóttir. (1997). WoDaaBe: Dansað í eyðimörkinni. Í Gísli Pálsson, Haraldur Ólafsson og Sigríður Dúna Kristmundsdóttir (ritstjórar), *Við og hinir: Rannsóknir í mannfræði* (bls. 91–103). Reykjavík: Mannfræðistofnun Háskóla Íslands.

Kristján Albertsson. (1939, 2006). Þróun íslenskunnar. Í Baldur Jónsson (ritstjóri), *Þjóð og tunga: Ritgerðir og ræður á tímum sjálfstæðisbaráttunnar* (bls. 297–309). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Kristmundur Bjarnason. (1968). B.A. Steincke. *Eyfirðingarit, 1*, 33–44. Akureyri: Amtsbókasafnið á Akureyri.

Latinovic, T. (2004). *Hvaða áhrif hafa innflytjendur á íslenskt mál?* Sótt 1. september 2010 á: http://www.ismal.hi.is/Malfregnir_23_Tatjana_Latinovic_Hvada_ahrif_hafa_innflytjendur_a_islenskt_mal.pdf

Lemarquis, G. (2007). Upplifun útlendings: Rótgróinn nýbúi segir frá. Í Hanna Ragnarsdóttir, Elsa Sigríður Jónsdóttir og Magnús Þorkell Bernhardsson (ritstjórar), *Fjölmenning á Íslandi* (bls. 15). Reykjavík: Rannsóknastofa í fjölmenningarfræðum KHÍ og Háskólaútgáfan.

Lund, E., Phil, M. og Sløk, J. (1966). *De europæiske historiers historie.* Kaupmannahöfn: Gyldendal.

Magnús Einarsson. (1997). Ferðamenn, Íslendingar og ímynd Íslands. Í Gísli Pálsson, Haraldur Ólafsson og Sigríður Dúna Kristmundsdóttir (ritstjórar), *Við og hinir: Rannsóknir í mannfræði* (bls. 141–161). Reykjavík: Mannfræðistofnun Háskóla Íslands.

Margvís. Íslenskunámskeið fyrir útlendinga. Sótt 14. september 2010 á: http://www.margvis.is/?modID=1&id=4

Olsson, T. (1988). Bifocality – and the space between. *Journal of counseling and development. 67*, 92.

Peoples, J. og Bailey, G. (2006). *Humanity: An introduction to cultural anthropology* (7. útgáfa). Belmont, Kalifornía: Thomson/Wadsworth.

Pétur Eiríksson. (2008). *Þýska landnámið.* Reykjavík: Sögufélag.

Pidgin og creol: What is pidgin What is creole? Sótt 2. ágúst 2010 á: http://www.edu-cyberpg.com/Linguistics/explainpidgin.html

Raavig, K. (2008). *Interkulturel kompetence – en århushistorie*? Háskólinn í Álaborg, Danmörk. [Óbirt meistaraprófsritgerð].

Ragna Lára Jakobsdóttir. (2007). Rannsóknir á Íslandi: Fjölmenningarsamfélagið. Í Hanna Ragnarsdóttir, Elsa Sigríður Jónsdóttir og Magnús Þorkell Bernharðsson (ritstjórar), *Fjölmenning á Íslandi* (bls. 77–98). Reykjavík: Rannsóknarstofa í fjölmenningarfræðum KHÍ og Háskólaútgáfan.

Ragnhildur Richter, Sigríður Stefánsdóttir og Steingrímur Þórðarson. (2007). *Íslenska Tvö: Kennslubók í íslensku fyrir framhaldsskóla*. Reykjavík: Mál og menning.

Rannveig Þórisdóttir (ráðgjafi), Sigurlaug Hrund Svavarsdóttir og Jón Gunnar Bernburg. (1997). *Aðlögun Íslendinga af erlendum uppruna og stefnumótun í málefnum þeirra*. Reykjavík: Rannsóknastofnun uppeldis– og menntamála.

Rask, K. (2002). *Rasmus Rask:Store tanker i et lille land*. Kaupmannahöfn: Gads Forlag.

Reglugerð um útlendinga nr. 53/2003

Russel Bernard, H. (1994). *Research methods in anthropology: Qualitative and quantitative approaches.* Thousands Oaks, Kalífórnía: Sage Publications.

Rúnar Helgi Andrason. (2003). Tilfellarannsóknir. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstjórar), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls. 281–293). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Savater, F. (2000). *Siðfræði handa Amador*. Reykjavík: Siðfræðistofnun, Háskólaútgáfan.

Seidman, I. (1998). *Interviewing as qualitative research: A guide for researchers in education and the social sciences.* New York: Teachers College Press.

Sigríður Halldórsdóttir. (2003). Vancouver–skólinn í fyrirbærafræði. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstjórar), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls. 249–265). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2007). *Virðing og umhyggja: Ákall 21. aldar*. Reykjavík: Heimskringla, Háskólaforlag Máls og menningar.

Sigrún María Kristinsdóttir. (2009). *Óskabörn: Ættleiðingar á Íslandi*. Reykjavík: Salka.

Sigurður Konráðsson. (2007). Íslenska: Móðurmál og annað mál. Í Hanna Ragnarsdóttir, Elsa Sigríður Jónsdóttir og Magnús Þorkell Bernhardsson (ritstjórar), *Fjölmenning á Íslandi* (bls. 131–148). Reykjavík: Rannsóknastofa í fjölmenningarfræðum KHÍ og Háskólaútgáfan.

Sigurður Kristinsson. (2003). Siðfræði rannsókna og siðanefndir. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstjórar), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls. 161–179). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Sigurður Nordal. (1942). *Íslenzk menning. I bindi*. Mál og menning: Reykjavík.

Sigurður Nordal. (1926, 2006). Málfrelsi. Í Baldur Jónsson (ritstjóri.), *Þjóð og tunga: Ritgerðir og ræður á tímum sjálfstæðisbaráttunnar* (bls. 260–277). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Sigurlaug Hrund Svavarsdóttir. (2000). *Asískar innflytjendakonur á Íslandi*. Háskóli Íslands. [Ópr. M.A. Ritgerð].

Sigurlína Davíðsdóttir. (2003). Eigindlegar eða megindlegar rannsóknaraðferðir? Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstjórar), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls. 219–235). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Sóley Bender. (2003). Rýnihópar. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstjórar), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls. 249–265). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Svendsen, G. (2001). *Traumatiserede flygtninge og socialt arbejde.* Kaupmannahöfn: Dansk Flygtningehjælp.

Sverrir Jakobsson. (2007). Innflytjendur – elsti hópur Íslendinga. *Ritið 7*(2–3), 26–29.

Sögur íslenskra kvenna 1879–1960. (1987). Soffía Auður Birgisdóttir valdi sögurnar og skrifaði eftirmála. Reykjavík: Mál og menning.

Sölvi Sveinsson. (1992). *Íslensk málsaga*. Iðunn: Reykjavík.

Tanja Tzoneva og Rannveig Traustadóttir. (2007). Fjölmenningarlegur vinnustaður: Samskipti og samstarf kvenna af ólíkum uppruna. Í Hanna Ragnarsdóttir, Elsa Sigríður Jónsdóttir og Magnús Þorkell Bernhardsson (ritstjórar), *Fjölmenning á Íslandi* (bls. 301–327). Reykjavík: Rannsóknastofa í fjölmenningarfræðum KHÍ og Háskólaútgáfan.

Thorlacius, G. (1945). *Endurminningar frú Gyðu Thorlacius frá dvöl hennar á Íslandi 1801–1815* (Sigurjón Jónsson þýddi efni Haralds Prytz). Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja.

Thorlacius, G. (1930). *Fru Gytha Thorlacius´erindringer fra Island i aarene 1801–181* (Harald Prytz skráði). Kaupmannahöfn: Levin og Munksgaards forlag.

Tomo, T. (2006). *"Móðurmál er máttur"*. Sótt 20. mars 2010 á: http://www.toma.is/r%C3%A6%C3%B0a/raeda.%20modurmal.htm

Tomo, T. (2007). *"Að lifa á íslensku- persónuleg upplifun"*. Sótt 20. mars. 2010 á: http://www.toma.is/grein/grein.Ad_lifa_A_Islensku.htm

Umboðsmaður barna. (1998). *Mannabörn eru merkileg: Staðreyndir um börn og unglinga.* Reykjavík: Umboðsmaður barna.

Unnur Dís Skaptadóttir. (2004a). Fjölmenning á ferð og flugi. Í Úlfar Hauksson (ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum V* (bls. 585–592). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Unnur Dís Skaptadóttir. (2004b). Innflytjendur á Íslandi. *Homo: Málgagn Homo, félags mannfræðinema* (21–23).

Unnur Dís Skaptadóttir og Anna Wojtynska. (2007). Líf á tveimur stöðum: Vinna eða heimili. *Ritið, 7*(2–3), 79–93.

UTL Útlendingastofnun: *Dvalarleyfi fyrir ríkisborgara utan EES.* Sótt 9. júlí 2010 á: http://www.utl.is/leyfi/utan-ees/

UTL Útlendingastofnun: *ESS útlendingar og aðstandendur hans sem eru ríkisborgarar ríkja utan EES.* Sótt 9. júlí 2010 á: http://www.utl.is/leyfi/ees/

UTL Útlendingastofnun:Hverjir þurfa ekki dvalarleyfi eftir ákveðinn tíma. Sótt 9. júlí 2010 á: http://www.utl.is/leyfi/hverjir-thurfa-ekki-leyfi-eftir-akvedinn-tima/

UTL Útlendingastofnun: *Reglugerð nr. 50 um útlendinga, íslenskunám.* Sótt 9. júlí 2010 á: http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/053-2003

UTL Útlendingastofnun:Ríkisborgarar sem ekki þurfa vegabréfsáritun til Íslands. Sótt 9. júlí 2010 á: http://www.utl.is/aritanir/hverjir-thurfa-ekki-aritun-til-landsins/

Valtýr Stefánsson. (1956). *Þau gerðu garðinn frægan*. Reykjavík: Bókfellsútgáfan.

Þórður Jónasson. (1847, 2006). Um móðurmálið. Í Baldur Jónsson (ritstjóri.), *Þjóð og tunga: Ritgerðir og ræður á tímum sjálfstæðisbaráttunnar* (bls. 58–65). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1. Tengsl rannsókna I og II sýnt myndrænt

Fylgiskjal 2. Spurningalisti 1 – Þrjú einstaklingsviðtöl, rannsókn I

Fylgiskjal 3. Spurningalisti 2 – Tvö einstaklingsviðtöl, rannsókn II

Fylgiskjal 4. Spurningalisti 3 til rýnihópsins, rannsókn II

Fylgiskjal 5. Spurningalisti 4 – Spurningar til eiginmanna, rannsókn II

Fylgiskjal 6. Tilkynning Persónuverndar

Fylgiskjal 7. Kynningarbréf

Fylgiskjal 8. Upplýst samþykki

Fylgiskjal 9. Greiningarlíkan Ninnu

Fylgiskjal 10. Greiningarlíkan Lillu

Fylgiskjal 11. Greiningarlíkan Ruthar

Fylgiskjal 12. Veggspjald. *Danir á Íslandi 1900–1970. Á mótum danskrar og íslenskrar menningar*. Umsjón með verkefnið hefur Auður Hauksdóttir, dósent í dönsku við HÍ.